# FRÉTTABLAÐIÐ

155. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 2. JÚLÍ 2016




# Hvergi nærri hættir

**Ísland keppir við Frakkland í 8 liða úrslitum á EM á sunnudag. Velgengni strákanna á mótinu er ævintýri líkust.** →8, 12, 16, 22 og 24

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## Kærir sig lítið um athyglina

→22



## Karlmennskuímyndin þung byrði

→26



## Skæðar marglyttur í Nauthólsvík

→2

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● ATVINNA ● FÓLK

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Í dag verður norðanstrekkingur og rigning af og til um landið norðanvert, en hægari vindur og skýjað með köflum og stöku skúrir sunnan til. Hiti frá 6 stigum fyrir norðan, upp í 16 stig syðst. **SJÁ SÍÐU 36**



**Al-Thani málið í dómssal.** FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Al Thani-málið í nánari skoðun

**DÓMSMÁL** Mannréttindadómstóll Evrópu hefur tekið til skoðunar kæru Sigurðar Einarssonar, Hreiðars Más Sigurðssonar, Magnúsar Guðmundssonar og Ólafs Ólafssonar vegna Al Thani-málsins. Mannréttindadómstóllinn spyr nú íslenska ríkið um málsmeðferðina og hvort hún hafi með öllu verið réttlát.

Hreiðar Már Sigurðsson var dæmdur til fangelsisvistar í fimm og hálft ár, Sigurður Einarsson fékk fjögurra ára dóm. Ólafur Ólafsson og Magnús Guðmundsson hlutu fjögur og hálft ár. Beiðni fjórmenninganna um endurupptöku hér á landi var hafnað.

Ríkið hefur svarfrest til 10. október. Mannréttindadómstóllinn spyr hvort gengið hafi verið úr skugga um hæfi Árna Kolbeinssonar dómara. Einnig hvort brotið hafi verið á rétti fjórmenninganna til réttlátrar málsmeðferðar, varðandi vitnaleiðslur, andmælarétt og jafnræði málsaðila. Þá er spurt um hleranir lögregluyfirvalda á símum fjórmenninganna. **– snæ**

# Barn lést í bruna

**SLYS** Fjögurra ára drengur lést þegar eldur kom upp í húsbíl á Stokkseyri á þriðja tímanum í gær. Allt tiltækt lið slökkviliðs og lögreglu var kallað á staðinn en byrfeiðin var alelda þegar hjálp barst.

Drengurinn var að leik í bílnum þegar eldurinn kom upp.

Lögreglan á Suðurlandi, ásamt tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, vinnur að rannsókn slyssins og eldsupptaka. Lögregla gefur ekki frekari upplýsingar að svo stöddu. **– sks**

## Hvatning frá Kaupmannahöfn



**Danska dagblaðið Politiken hefur haldið með íslenska karlalandsliðinu frá því að EM í knattspyrnu hófst. Fyrir annan leik liðsins réðst Politiken í að gera kennslumyndband um íslenska þjóðsönginn. Í gær komu stuðningsmenn Íslands saman á Ráðhústorginu í Kaupmannahöfn fyrir tilstilli Politiken og æfðu víkingaklappið sem hefur gert íslenska landsliðið heimsfrægt.** MYND/THOMAS BORBERG/POLFOTO

# Rýmka höftin á lífeyrissjóðum

**VIÐSKIPTI** Seðlabankinn hefur ákveðið að heimila íslenskum lífeyrissjóðum að fjárfesta fyrir 40 milljarða króna erlendis á næstu þremur mánuðum.

Um umtalsverða rýmkun á fjárfestingarheimild lífeyrissjóða erlendis er að ræða en síðasta árið hafa þeir samtals fengið að fjárfesta 40 milljarða króna á erlendri grund. Til skoðunar er að heimila aðra 40 milljarða verði gjaldeyrisinnstreymi mikið næstu mánuði.

Gjaldeyrisinnstreymi það sem af er þessu ári, ásamt minni óvissu um þróun greiðslujafnaðar í framhaldi af aflandskrónaútboði og nauðasamningum slitabúa, hefur skapað svigrúm til frekari fjárfestingar lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar erlendis, að sögn Seðlabankans. **– ih**

# Risamarglyttur brenna sundfólk í Nauthólsvík

**Marglyttan brennihvelja er áberandi í Nauthólsvík þessa dagana. Það er stærsta þekkta marglyttutegund heims. Kona sem brenndi sig á marglyttu og fékk slæm ofnæmisviðbrögð var flutt á brott í sjúkrabíl. Fólk stundar þó áfram sjósund.**

**NÁTTÚRA** „Þær þekja alveg búkinn á fullorðnum einstaklingi og eru risastórar,“ segir Hafdís Gísladóttir, rekstrarstjóri Ylstrandarinnar í Nauthólsvík, um marglyttur sem eru mikið á sveimi í Nauthólsvík þessa dagana.

Tegundirnar sem um ræðir eru brennihvelja og bláglytta en brennihvelja er stærsta þekkta marglyttutegundin. Síðustu vikur hefur fólk sem stundar sjósund brennt sig víða á líkamanum eftir að hafa rekist á marglytturnar. Nýlega þurfti að kalla til sjúkrabíl eftir að kona brenndi sig á marglyttu en ofnæmisviðbrögð hennar urðu mikil.

„Armarnir geta orðið alveg gríðarlega langir og við lendum oft í því að fólk brennir sig á þeim. Þær slengja örmunum í fólk og þá koma brunaför á húðina,“ segir Hafdís en bætir við að viðbrögð hvers og eins séu einstaklingsbundin. „Sumir finna ekki mikið til en aðrir bólgna svakalega og sýna mikil ofnæmisviðbrögð.“

Hafdís segir þó ekki ástæðu til að banna fólki að synda í sjónum enda sé fólk alltaf á eigin ábyrgð í sjósundi. „Hins vegar höfum við verið að vara fólk við og erum til dæmis með skilti hjá afgreiðsluborðinu þess efnis að það séu marglyttur á sveimi.“

Hafdís segir fólk enn stunda sjósund þótt það viti af marglyttunum. „Ég fór til dæmis með manninum mínum í fyrradag og hann rakst á eina sem var risastór. Brunanum fylgdi sviði og óþægindi í sólarhring á eftir.“

Brennihvelja lifir í köldum sjó í Norður-Atlandshafi, Norður-Íshafi og Norður-Kyrrahafi.

„Þetta er ekkert einsdæmi en samferða hlýnun sjávar er eins og það sé meira um hveljur á heimsvísu. Ég man eftir því fyrir nokkrum árum þegar brennihveljur fyrir austan ollu tjóni í fiskeldi,“ segir Ástþór Gíslason, sjávarlíffræðingur á Hafrannsóknastofnun.

Ástþór segir marglytturnar ekki beint hættulegar sjósundfólki en þær brenni þó og valdi ertingu. Því þurfi fólk að vara sig. Ef skilyrði séu hagstæð geti þeim fjölgað hratt staðbundið. **nadine@frettabladid.is**



**Þessir sundmenn í Nauthólsvík í gær virtust ekki verða varir við risamarglyttuna sem hringurinn er dreginn um og nánast strauks við þá.** FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

> **Þær slengja örmunum í fólk og þá koma brunaför á húðina.**
>
> Hafdís Gísladóttir, rekstrarstjóri Ylstrandarinnar í Nauthólsvík



**Brennihveljum hefur fjölgað á heimsvísu. Sérstakt viðvörunarskilti er nú vegna þeirra í Nauthólsvík.**






KRINGLAN.IS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS
PIPAR\TBWA • SÍA

**TÖLUR VIKUNNAR** 26.06.2016 - 02.07.2016

**75,7%**



**KOSNINGABÆRRA MANNA** greiddu atkvæði í forsetakosningunum.

**20 PRÓSENT** þjóðarinnar verða orðin 65 ára og eldri eftir 20 ár samkvæmt spá Hagstofu Íslands.

**4,3 milljarða** króna greiðir ríkissjóður í vaxtabætur í ár. Árið 2012 var upphæðin 7,6 milljarðar króna og nemur lækkunin um 43 prósentum á fimm árum.




**HEFUR VERIÐ FLUTTUR ÚR LANDI** með lögregluvaldi það sem af er þessu ári að beiðni Útlendingastofnunar. Í fyrra var fjöldinn 123.

**10. SÆTIÐ** er sæti Íslands í vísitölu yfir velferð samfélaga. Landið fellur um sex sæti milli ára og er neðst Norðurlanda.

**7,5 prósenta** launahækkun minnst fá æðstu embættismenn og þjóðkjörnir fulltrúar sem heyra undir kjararáð. Heildarlaun ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytisins verða 1,8 milljónir á mánuði en forsætisráðherra fær 1,6 milljónir króna.

**1 milljón**



**KRÓNA** hafa einstaka læknar fengið í styrk frá lyfjafyrirtækjum vegna endurmenntunar eða annarra verkefna.

## Þrjú í fréttum

### Nýr forseti, hærri laun og minni bætur

**Guðni Th. Jóhannesson**
*sagnfræðingur og nýkjörinn forseti Íslands*



sagði í viðtali daginn eftir kjördag að hann vildi skapa umræðu í samfélaginu og ræða um það sem hann fyndi að fólkið vildi ræða um. Ekki væri útilokað að sú umræða hæfist að einhverju leyti á samfélagsmiðlum. Hann sagðist þó ekki vera búinn að gera það upp við sig hvort hann yrði forseti á Facebook. Ábyrgðarmestu ár ævinnar væru að fara í hönd og þess vegna vildi hann stíga varlega til jarðar.

**Þórunn Sveinbjarnardóttir**
*formaður BHM*



sagði launahækkun æðstu embættismanna og þjóðkjörinna fulltrúa, sem heyra undir kjararáð, endurspegla að það hefði verið vond ákvörðun að setja lög á kjaradeilu átján aðildarfélaga BHM og færa í gerðardóm. Kröfur um að menntun yrði metin til launa hefðu verið málefnalegar og ríkið átt að geta samið við félagið. Aðrir á vinnumarkaði hefðu gert niðurstöðu gerðardóms að sinni.

**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**
*formaður velferðarnefndar Alþingis og þingmaður Samfylkingar*



sagði lækkun vaxtabóta alvarlega þróun. Lækkunin væri meiri en skýrðist af minni skuldsetningu heimila. Verið væri að auka tekjutengingu þannig að sífellt minni hópur fengi vaxtabæturnar.

# Rannsókn bendir til tengsla milli gjafa og lyfjaávísana

**Erlend rannsókn sýnir að læknar sem þiggja gjafir frá lyfjafyrirtækjum séu líklegri til að vísa á lyf frá sömu framleiðendum. Þó ekki sýnt fram á orsakatengsl. Dæmi eru um að íslenskir læknar fái háar fyrirgreiðslur.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknar sem fá smávægilegar gjafir frá lyfjafyrirtæki eru líklegri til þess að vísa á lyf frá viðkomandi lyfjafyrirtæki. Þetta sýna niðurstöður nýrrar rannsóknar sem birtist í júníútgáfu Tímarits bandarísku læknasamtakanna (e. The Journal of the American Medical Association).

Samkvæmt rannsókninni virðast greiddar máltíðir heilt yfir vera um 80 prósent þeirra gjafa sem heilbrigðisstarfsfólkið sem rannsóknin tók til fær frá lyfjafyrirtækjunum. Tilgangur rannsóknarinnar var að rannsaka tengsl milli slíkra máltíða og ávísaðra hjarta- og þunglyndislyfja.

Niðurstaða greinarhöfunda er að þessi tengsl séu fyrir hendi, jafnvel þótt máltíðin sé einungis 20 dala (jafnvirði 2.400 króna) virði. Ávísunum fjölgar svo eftir því sem fleiri og dýrari máltíðirnar eru. Greinarhöfundar taka fram að þó þeim hafi tekist að sýna fram á tengsl sé ekki hægt að fullyrða að orsakatengsl séu fyrir hendi.

Í greininni segir að leiðbeinandi reglur frá samtökum amerískra lækna og samtökum lyfjaframleiðenda þar í landi geri ráð fyrir að gjafir til lækna megi nema allt upp undir 100 dollurum, andvirði um 12 þúsund króna. Ráðlegt sé að fylgjast vel með greiðslum og gjöfum til lækna í Bandaríkjunum.

Mælt er með því fyrirkomulagi sem evrópskir lyfjaframleiðendur hafa sett sér um að birta upplýsingar um greiðslur til lækna, þótt þar sé matur og drykkir undanskilið.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær eru dæmi um að lyfjafyrirtæki hafi greitt einstökum læknum hér á landi hundruð þúsunda í styrki vegna endurmenntunar eða annarra verkefna. Í einstaka tilfellum hafa styrkveitingar farið yfir eina milljón króna. Oft er um að ræða ferðir á ráðstefnur erlendis eða annað slíkt.



**Dæmi eru um að læknar hafi fengið hundruð þúsunda króna í styrki frá lyfjafyrirtækjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

> **Ég held að þetta séu upphæðir sem rugli alls ekki dómgreind lækna.**
>
> Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands



Upplýsingar um þetta voru birtar á vefsíðu Frumtaka, samtaka frumlyfjaframleiðenda á Íslandi, fyrr í vikunni. Þetta er í fyrsta sinn sem upplýsingarnar eru birtar.

Formaður Læknafélags Íslands sagði það sína skoðun að þær upphæðir sem um væri að ræða hefðu ekki áhrif á dómgreind lækna.

„Á þessu geta menn haft mismunandi skoðanir og ég held að þetta séu upphæðir sem rugli alls ekki dómgreind eða valdi því að menn upplifi einhverja óeðlilega hollustu við lyfjafyrirtækið,“ segir Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands, en bætir því við að styrkirnir geti hins vegar verið mikilvægir fyrir endurmenntun lækna.

**jonhakon@frettabladid.is**






# Atburðarásin eins og í House of Cards

**BRETLAND** Michael Gove, dómsmálaráðherra og frambjóðanda til embættis formanns Íhaldsflokks Breta, var í gær líkt við undirförlu sjónvarpspersónurnar Francis Urquhart og Frank Underwood í bresku og bandarísku útgáfum þáttanna House of Cards. Var það meðal annars gert í BBC, Washington Post og The Telegraph.

Gove, sem hugðist styðja Boris Johnson í formannsstól, tilkynnti í fyrradag að hann byði sig sjálfur fram. Johnson væri ekki réttur leiðtogi fyrir Bretland en sá sem verður formaður flokksins tekur við forsætisráðherraembættinu af David Cameron.



**Michael Gove, dómsmálaráðherra, er líkt við Frank Underwood.** NORDICPHOTOS/AFP

The Telegraph sagði Gove hafa hringt í Lynton Crosby, kosningastjóra Johnsons, og sagt honum frá ætlan sinni. Crosby og Johnson voru þá á lokametrunum við að undirbúa tilkynningu Johnsons um framboð en í kjölfarið hættu þeir við. Þá segir The Telegraph Johnson og Gove hafa átt að mynda saman svokallað draumaframboð en þeir börðust einna harðast fyrir Brexit, aðskilnaði Bretlands frá Evrópusambandinu, sem samþykktur var í þjóðaratkvæðagreiðslu í síðustu viku.

Samflokksmenn Goves hafa einnig gagnrýnt hann fyrir ákvörðun hans. Anna Soubry, viðskiptaráðherra Bretlands, sagði í gær að Gove hefði hegðað sér á vítaverðan hátt. Hvatti hún þá Gove til að hætta við og leyfa flokksmönnum að fylkja sér að baki helsta mótframbjóðanda hans, innanríkisráðherranum Theresu May.

Gove vísaði ásökunum hins vegar á bug í gær. Sagðist hann ekki bjóða sig fram vegna persónulegs metnaðar heldur vegna sannfæringar sinnar um hvað væri rétt fyrir Bretland. **– þea**

blómaval
HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

-30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% -

# SUMAR ÚTSALAN

## ER HAFIN!

% - 40% - 30% - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% - 30% - 40% - 50% - 40% - 50%
BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ TILB

## Allt að 50% afsláttur

- Trjáplöntur og runnar 50% afsláttur
- Sumarblóm 20-40% afsláttur
- Bensín sláttuvélar 20% afsláttur
- Rafmagnssláttuvélar 25% afsláttur
- Garðverkfæri 25% afsláttur
- Hekkklippur 30% afsláttur
- Keðjusagir 30% afsláttur
- Panill og vatnsklæðning 20-30% afsláttur
- Garðleikföng 30% afsláttur
- Álstigar og tröppur 25% afsláttur
- Black & Decker rafmangsverkfæri 30% afsláttur
- Hitachi rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- DeWalt rafmagnsverkfæri 20% afsláttur
- Úðarar og slönguhjól 30% afsláttur
- Handlaugar og blöndunartæki, valdar vörur allt að 40% afsláttur
- Inni- og útimálning 25% afsláttur
- Viðarvörn og pallaolía 20% afsláttur
- Útipottar 30% afsláttur
- Garðstyttur 30% afsláttur
- Garðálfar 30% afsláttur
- Reiðhjól 30% afsláttur
- Garðhúsgögn 25% afsláttur
- Ferðahúsgögn 25% afsláttur
- Innihurðir 20-30% afsláttur
- Útiljós 25% afsláttur
- Búsáhöld Aida og Beka 20-25% afsláttur
- Skjólgirðingar 30% afsláttur
- Heimilistæki valdar vörur á lækkuðu verði.
- Harpa Sjöfn málning (Skútuvogur) 40% afsláttur

... og margt fleira!



% - 40 - 20% - 30% - 40% - 50% - 20% - 30% -
BRJÁLUÐ TILBOÐ - BRJÁLUÐ




Flettu blaðinu á husa.is

Byggjum á betra verði

## Þurfa að kjósa á ný í Austurríki

**AUSTURRÍKI** Hæstiréttur Austurríkis ógilti í gær forsetakosningar landsins sem fram fóru 22. maí þessa árs. Heinz-Christian Strache, formaður Frelsisflokksins, hafði kært framkvæmd kosninganna vegna meðhöndlunar utankjörfundaratkvæða og var hæstiréttur sammála um að kosningalög hefðu verið brotin. Frambjóðandi Frelsisflokksins, Norbert Hofer, tapaði í kosningunum í maí fyrir frambjóðanda Græningja, Alexander Van der Bellen, með undir eins prósentustigs mun.

Fráfarandi forseti, Heinz Fischer, mun láta af embætti þótt kosningar hafi ekki farið fram og munu þrír fulltrúar þingsins, Hofer þeirra á meðal, gegna embættisskyldum forseta fram að kosningum. Búist er við því að kosið verði á ný annaðhvort í september eða október.

Kæra Strache gekk út á að utankjörfundaratkvæði hefðu verið opnuð fyrr en mátti og sum þeirra talin af fólki sem ekki hafði leyfi til. Þá sagðist hann hafa heimildir fyrir því að sumir kjósendur hafi verið erlendir ríkisborgarar og aðrir undir sextán ára aldri og því ekki á kjörskrá. Hæstiréttur féllst ekki á það og sagði einnig ósannað að talning hefði farið fram með ólöglegum hætti.

Ef Hofer vinnur kosningarnar í haust yrði hann fyrsti þjóðernishyggjumaðurinn til að verða kjörinn forseti í Evrópusambandsríki. – **þea**



**Norbert Hofer fær annan séns.**

## Skotárás hryðjuverkahóps



**Nokkrir árásarmenn réðust inn á veitingastað í Dakka, höfuðborg Bangladess, í gær og tóku í það minnsta tuttugu manns í gíslingu. Þegar Fréttablaðið fór í prentun voru minnst tveir látnir og fjörutíu særðir. Hryðjuverkasamtökin ISIS hafa lýst yfir ábyrgð á ódæðisverkinu. Þessir lögreglumenn lokuðu götum í nágrenni veitingastaðarins á meðan reynt var að semja við gíslatökumennina.** FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Forseti ASÍ býst við bylgju leiðréttinga

**Komi Alþingi ekki saman og afturkalli nýjar ákvarðanir kjararáðs er það ávísun á óróleika á vinnumarkaði að sögn forseta ASÍ. Um mánaðamótin hækkuðu laun allra sem heyra undir kjararáð. Laun ráðuneytisstjóra hækka að auki um 22 til 23 prósent í byrjun júlí.**

**KJARAMÁL** Verði nýjustu hækkanir kjararáðs á launum embættismanna og þjóðkjörinna einstaklinga ekki dregnar til baka er það ávísun á kröfu um leiðréttingar frá öðrum hópum. Þetta segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins.

Gylfi bendir í Facebook-færslu í gærmorgun á að ákvörðun kjararáðs komi um viku eftir lög Alþingis á flugumferðarstjóra sem hafi verið með væntingar um „leiðréttingu“ sinna kjara.

„Ef Alþingi verður ekki kallað saman nú þegar þar sem forsætisráðherra setur fram frumvarp sem afturkalli þessa vitleysu er alveg ljóst að kjaradómur hefur kallað yfir okkur nýja bylgju leiðréttinga einstakra hópa!“ segir Gylfi á Facebook. „Það verður ekki þannig að þeir tekjuhæstu í þessu samfélagi fái einhverja sérstaka meðferð. Við ætlumst til þess að þessir aðilar deili kjörum með almenningi í þessu landi. Ef ekki þá munum við deila kjörum með þeim.“

Gylfi segir líklegt að fleiri ákvarðana sé að vænta frá kjararáði, enda laun ráðuneytisstjóra orðin allnokkru hærri en laun ráðherra. Sérstök breyting kjararáðs á kjörum ráðuneytisstjóra tekur gildi um næstu mánaðamót. Þá hækka laun þeirra um 22,3 til 23,3 prósent til viðbótar við hækkunina sem allir sem undir kjararáð heyra fengu um síðustu mánaðamót, en um 31 til 32 prósent sé miðað við laun þeirra fyrir þann tíma.

„Þessi úrskurður kemur í kjölfar ákvörðunar þessa sama ráðs varðandi dómara í desember síðastliðnum, en þeir hafa verið færðir nærri tveimur milljónum króna á mánuði.“ Gylfi segist þá hafa bent á að svona ákvarðana kynni að vera að vænta á komandi mánuðum. Búast megi við fyrir 1. ágúst að laun forseta Íslands verði

> **Það verður ekki þannig að þeir tekjuhæstu í þessu samfélagi fái einhverja sérstaka meðferð.**
>
> Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ



hækkuð og verði gengið til kosninga í haust muni þingmenn og ráðherrar fá svipaða „leiðréttingu“ launa.

„Þetta er frábært framlag Kjararáðs til þess vandasama verkefnis sem aðilar vinnumarkaðar hafa verið að vinna að undanfarna mánuði að bæði móta og vinna að því að ná samstöðu um nýtt samningamódel.“ Kjararáð ætli greinilega að „leiðrétta aðalinn“ áður en þessi aðferðafræði við gerð kjarasamninga verði að veruleika.

Í greinargerð kjararáðs með ákvörðun um launahækkun ráðuneytisstjóra er vísað til upplýsinga frá ráðuneytunum um að skipulag þeirra hafi breyst og þau séu stærri og öflugri en áður með flóknari verkefni. Mat ráðuneytisstjóranna sé að laun þeirra eigi að vera sambærileg launum hæstaréttardómara. Samkvæmt niðurstöðunni eru laun ráðuneytisstjóra rétt undir launum hæstaréttardómara, sem eru nú rúmlega 1,8 milljónir króna á mánuði.

Launahækkanir kjararáðs hafa víða sætt gagnrýni. Í tilkynningu BSRB er ákvörðun kjararáðs um að hækka laun ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra „langt umfram almennt launafólk“ til dæmis gagnrýnd harðlega. „Í rökstuðningi kjararáðs er talað um að verið sé að leiðrétta laun vegna aukins álags, en sömu rök má nota fyrir aðra stærri hópa sem einnig búa við aukið álag.“




**Frá mótmælafundi BHM við stjórnarráðið í fyrrasumar. Kjararáð hefur vísað til ákvæða gerðardóms um kjör BHM vegna nýjustu hækkana ráðsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



### Ráðherra vill breytingar

Bjarni Benediktsson sagði á fundi Samtaka iðnaðarins í gærmorgun að breyta þyrfti starfsemi kjararáðs. Þannig vill hann að þeim sem undir kjararáð heyri fækki um nokkur hundruð þannig að eftir sæti einungis þröngur hópur, til dæmis ráðherrar og þingmenn. – **jhh**

### Breytingar á mánaðarlaunum ráðuneytisstjóra

| | 2015 | Júní 2016 | Júlí 2016 | Hækkun frá 2015 |
|---|---|---|---|---|
| Forsætisráðuneyti | 1.387.161 | 1.486.318 | 1.817.643 | 430.482 kr. (31%) |
| Önnur ráðuneyti | 1.306.443 | 1.399.809 | 1.725.433 | 418.990 kr. (32%) |




VIÐ TENGJUM ÍSLENSK HEIMILI OG FYRIRTÆKI
SVO HLUTIRNIR GANGI SINN VANAGANG!

Öruggar háhraðatengingar Mílu gera Íslendingum hvar sem er á landinu kleift að upplifa spennuna, fögnuðinn og öll ógleymanlegu augnablikin á EM um leið og þau gerast. Áfram Ísland!

míla
Lífæð samskipta

## Bílasala eykst um 38 prósent

**VIÐSKIPTI** Sala á nýjum fólksbílum á fyrstu sex mánuðum ársins jókst um 38% miðað við sama tíma í fyrra. Nýskráðir fólksbílar á þessu tímabili voru 12.125 á móti 8.784 á sama tímabili árið 2015 sem er fjölgun um 3.341 bíl. Bílaleigur kaupa nær helming bílanna. Bílaleigubílarnir skila sér svo yfirleitt á almennan markað eftir um 15 mánuði samkvæmt upplýsingum frá Bílgreinasambandinu. Þá skili endurnýjun bílaflotans sér í að fleiri sparneytnari bílar verði á götunum sem mengi minna og auki öryggi í umferðinni. **– ih**



Verðmæti botnfiskafla í mars var minna en í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Aflaverðmæti dregist saman

**HAGSTOFAN** Aflaverðmæti íslenskra skipa nam rúmlega 15,1 milljarði í mars og dróst saman um 21 prósent samanborið við mars í fyrra þegar aflaverðmætið nam 19,2 milljörðum. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Þá segir að minna aflaverðmæti skýrist af minni botnfisk- og uppsjávarafla. Verðmæti botnfiskafla nam 10,4 milljörðum í mars og er 2,8 milljörðum minna en í mars 2015. Verðmæti uppsjávarafla dróst saman um rúm 25 prósent, nam 3,8 milljörðum samanborið við 5,1 milljarð í mars 2015.

Aflaverðmæti á 12 mánaða tímabili frá apríl 2015 til mars 2016 nam tæpum 143 milljörðum króna sem er 4,5 prósenta samdráttur miðað sama tímabil ári fyrr. **– ngy**

## Helminga bætur til flóttamanna

**DANMÖRK** Danir hafa lækkað um helming fjárhagsaðstoð við þúsundir flóttamanna til að fá þá til að fara út á vinnumarkaðinn.

Ráðherra innflytjendamála, Inger Støjberg, sagði við danska sjónvarpið að hefðu menn verið í Danmörku í fimm ár væri tímabært að þeir færu að vinna og héldu ekki áfram aðgerðarleysi á bótum.

Flóttamannahjálp Danmerkur óttast að fjölskyldur með dvalarleyfi hafi ekki efni á tómstundastarfi fyrir börn sín og hefur þess vegna stofnað sjóð þeim til aðstoðar. **– ibs**

## Þjóðirnar í 8 liða úrslitum á EM í hnotskurn

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Fólksfjöldi | 334.300 | 66.710.000 | 60.674.003 | 81.770.900 | 11.250.585 | 3.063.456 | 10.341.330 | 38.626.888 |
| Skráðir leikmenn kk. og kvk. | 22.000 | 1.795.000 | 1.514.000 | 6.309.000 | 443.000 | 68.000 | 133.000 | 657.000 |
| Fótboltafélög | 145 | 20.062 | 16.697 | 26.837 | 2.058 | 1.920 | 2.748 | 5.891 |
| Lið í Meistaradeild í fyrra | ♀ 1 ♂ 0 | ♀ 2 ♂ 2 | ♀ 1 ♂ 2 | ♀ 3 ♂ 4 | ♀ 0 ♂ 1 | ♀ 0 ♂ 0 | ♀ 0 ♂ 2 | ♀ 1 ♂ 0 |
| Sigrar á EM | Aldrei unnið | 🏆♂ 🏆♂ | 🏆♂ | ♂ 🏆🏆🏆 ♀ 🏆🏆🏆🏆🏆🏆🏆🏆 | Aldrei unnið | Aldrei unnið | Aldrei unnið | Aldrei unnið |
| Verg landsframleiðsla á mann | 6.226.180 kr. | 4.612.550 kr. | 3.656.615 kr. | 5.019.260 kr. | 4.910.300 kr. | 2.854.380 kr. | 2.341.105 kr. | 1.529.750 kr. |
| Sæti á heimslista fótboltalandsliða (♂) | 34. sæti | 17. sæti | 12. sæti | 4. sæti | 2. sæti | 26. sæti | 8. sæti | 27. sæti |
| Sæti á heimslista fótboltalandsliða (♀) | 16. sæti | 3. sæti | 18. sæti | 2. sæti | 26. sæti | 35. sæti | 40. sæti | 33. sæti |
| Skipti á palli í „Sterkasti maður heims“ | 17 | 0 | 0 | 0 | 0 | 2 | 0 | 8 |

## Íslendingar fæstir en sterkari en aðrar þjóðir í Frakklandi

**ÍÞRÓTTIR** Ekkert land með lið í átta liða úrslitum Evrópumeistaramótsins í knattspyrnu sem nú fer fram í Frakklandi er fámennara en Ísland. Þá býr ekkert land yfir jafn sterkum borgurum og Ísland. Hins vegar eru mun færri skráðir fótboltamenn á Íslandi en í hinum löndunum sjö. Samkvæmt heimslista FIFA eru Íslendingar með sista karlalandsliðið á meðal þjóðanna átta en þriðja besta kvennalandsliðið.

Átta liða úrslitin eru hálfnuð. Portúgalar unnu Pólverja 5-3 í vítaspyrnukeppni á fimmtudag og Wales vann Belgíu 3-1 í gær. Þá etja Þjóðverjar og Ítalir kappi í kvöld og eins og flestir vita keppa strákarnir okkar við heimamenn, Frakka, annað kvöld í París. **– þea**

# Skertur lífeyrir jafnvel mannréttindabrot

**Framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands telur að endurskoða þurfi skerðinguna „krónu á móti krónu“ hjá Tryggingastofnun. Finnland er eina norræna ríkið sem hefur samþykkt bókun hjá Sameinuðu þjóðunum sem færir lífeyrisþegum rétt til að kæra brot.**

**SAMFÉLAG** Skerðingin „króna á móti krónu“, það er skerðing Tryggingastofnunar á lífeyri, gæti verið mannréttindabrot. Þetta er mat Margrétar Steinarsdóttur, framkvæmdastjóra Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Margrét telur ástæðu til að endurskoða fyrirkomulagið. „Ég hugsa að á sínum tíma þegar þetta var sett á hafi enginn tekið þetta heildstætt og skoðað hvort við séum að uppfylla mannréttindaskuldbindingar,“ tekur hún fram.

Samkvæmt alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, sem Ísland er aðili að, skuldbinda ríki sig til að gæta sérstaklega að viðkvæmum hópum og tryggja að allir geti lifað mannsæmandi lífi.

„Þeir landsmenn sem ekki hafa réttindi úr lífeyrissjóðum geta ekki lifað á lífeyrinum sem þeir fá frá hinu opinbera. Skerðingin „króna á móti krónu“ dæmir svo marga til að lifa við sömu lélegu kjörin þótt þeir hafi áunnið sér einhver lífeyrisréttindi eða aflað viðbótartekna. Hvort sem um er að ræða eldra fólk eða öryrkja þurfa menn lífeyri sem þeir geta lifað af,“ leggur Margrét áherslu á.

Valfrjáls bókun við fyrrgreindan samning gerir borgurum aðildarríkja kleift að kæra meint brot á

> Við höfum lagt á það bryna áherslu í fjölda ára að bókunin verði samþykkt en ekki haft erindi sem erfiði.

Bryndís Bjarnadóttir, herferðarstjóri Íslandsdeildar Amnesty



samningnum til nefndarinnar sem starfar á grundvelli samningsins séu þeir ósáttir eftir að hafa reynt öll innlend réttarúrræði. Ekki er

> Hvort sem um er að ræða eldra fólk eða öryrkja þurfa menn lífeyri sem þeir geta lifað af.

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands



þó hægt að kæra meint brot til nefndarinnar hafi aðildarríki ekki fullgilt bókunina. Það hefur Ísland ekki gert. Að sögn Margrétar hafa Sameinuðu þjóðirnar mælst til þess að Ísland fullgildi bókunina.

„Við höfum lagt á það bryna áherslu í fjölda ára að bókunin verði samþykkt en ekki haft erindi sem erfiði. Við munum halda því áfram,“ segir Bryndís Bjarnadóttir, herferðarstjóri Íslandsdeildar Amnesty.

Finnland er eina norræna ríkið sem hefur undirritað viðaukann. Hin ríkin hafa hvorki skrifað undir né fullgilt bókunina, að því er segir í svari utanríkisráðuneytisins. Eingöngu 45 af 193 aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna hafi undirritað bókunina og 21 fullgilt hana.

ibs@frettabladid.is

FRJÁLS VERSLUN

# TEKJUBLAÐIÐ




# TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

**Takmarkað upplag - aðeins selt í 13 daga***

*skv. ákvörðun Tölvunefndar

FRJÁLS VERSLUN | www.heimur.is | Áskriftarsími 512-7575 | heimur

# Út í óvissuna



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Það sem kom kannski mest á óvart eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna um Brexit er hvað bresk stjórnvöld voru illa undirbúin fyrir niðurstöðuna. Það var helst Englandsbanki með Kanadamanninn Mark Carney í fararbroddi sem hafði einhverja áætlun. Og hún snerist öll um að róa markaði og reyna að afstýra hruni pundsins.

Ríkisstjórn Davids Cameron hafði enga áætlun um hvað tæki við eða hvenær 50. gr. Lissabon-sáttamálans um úrsögn úr sambandinu yrði virkjuð, færi svo að Bretar vildu út úr sambandinu. Eftir niðurstöðuna er þátttaka Breta í evrópsku samstarfi í lausu lofti. Hætta er á því að Bretland liðist í sundur vegna kröfu Skota, sem vildu vera áfram í ESB, um nýja þjóðaratkvæðagreiðslu um sjálfstæði. Óvissa er um réttindi annarra Evrópubúa sem búa í Bretlandi og um réttindi þeirra milljóna Breta sem búa og starfa annars staðar í álfunni.

Á sama tíma er dálítið einkennilegt að fylgjast með umræðunni hér á Íslandi um þá ákvörðun 52 prósenta breskra kjósenda að segja sig frá fjórfrelsinu og innri markaðnum. Einverjir hafa stillt því þannig upp að málið snúist um hugmyndafræði á vinstri og hægri kvarða stjórnmálanna. Þannig hafi „vinstri menn“ verið óhressir með þessa ákvörðun og finni henni allt til foráttu en hægri menn ekki. Þetta er sérkennilegur málflutningur. Meirihluti breskra kjósenda tók ákvörðun um að segja sig frá samningi sem gengur út á frjálsan flutning fólks, vöru, þjónustu og fjármagns. Að styðja slíka úrsögn þýðir í reynd að vera á móti frjálsum viðskiptum og á móti því að fólk geti valið hvar það starfar eða býr óháð ríkisfangi. Það á ekkert skylt við hægri eða vinstri kvarða stjórnmálanna. Þetta snýst um hið opna samfélag, menningarlega fjölbreytni og frjáls viðskipti annars vegar. Og einangrunarstefnu og andúð á útlendingum hins vegar. Við skulum hafa hugfast að þeir sem kusu Bretland út úr sambandinu settu andstöðu við frjálsa fólksflutninga á oddinn. Sem er merkilegt því frjáls för vinnuafls er eingöngu til þess fallin að auka hagvöxt í Bretlandi og bæta lífskjör Breta en ekki öfugt.

Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins, sagði á miðvikudag að Bretar myndu ekki hafa aðgang að innri markaðnum án þess að samþykkja skilyrði um frjálsa för fólks milli landa. Þetta er eðlileg krafa. Fjórfrelsið er ekki matseðill þar sem menn geta valið og hafnað að vild. Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi þýðir að þjóðríki þurfa að gera málamiðlanir. Njóta ávinnings og færa fórnir á víxl. Einn af þeim valkostum sem Bretar standa frammi fyrir núna er aðild að EFTA. Bretland yrði þar við hlið Íslands, Noregs, Liechtenstein og Sviss. Færi svo að Bretar yrðu aðilar að EES-samningnum gegnum EFTA myndu þeir samþykkja nánast nákvæmlega sömu skuldbindingar og meirihluti breskra kjósenda hafnaði í þjóðaratkvæðagreiðslunni. Það myndi binda sérkennilegan endahnút á þann einþáttung fáránleikans sem heimsbyggðin hefur fylgst með agndofa frá 23. júní síðastliðnum.

**Fjórfrelsið er ekki matseðill þar sem menn geta valið og hafnað að vild.**

Gunnar




## Mín skoðun Þorbjörg Gunnlaugs



# Kynferðisbrotin í kastljósinu

Sakamálin eru í aðalhlutverki fjölmiðlanna nánast á degi hverjum. Flestar fréttirnar tengjast sakfellingum, sýknudómum og rannsókn lögreglu á einstökum málum. Af sakamálum eru kynferðisbrotamálin oftast í kastljósinu þó að dómsmál vegna efnahagsbrotamála hafi auðvitað verið mjög til umfjöllunar undanfarin ár. Þegar borin er saman umgjörð dómsmála vegna efnahagsbrota og kynferðisbrota felst munurinn í því að almenningur hefur getað fylgst með skýrslutökum og málflutningi saksóknara og verjanda í efnahagsbrotamálunum í fjölmiðlum. Réttarhöld í kynferðisbrotamálum fara hins vegar fram bak við luktar dyr. Rannsóknargögn lögreglu eru ekki aðgengileg og kerfið tjáir sig ekki opinberlega um einstök mál. Það gera brotaþolar, sakborningar og vitni í þessum málum yfirleitt ekki heldur, ólíkt því sem er reyndin í dómsmálum tengdum efnahagsbrotum. Það sem almenningur sér er yfirleitt aðeins lokaniðurstaðan, sjálfur dómurinn.

### Hvernig starfar kerfið?

Þekking á eðli og afleiðingum kynferðisbrota hefur aukist gríðarlega á undanförnum árum og áratugum. Það er þekkt að fæstar nauðganir fela í sér mikið líkamlegt ofbeldi og líkamlegir áverkar eru sjaldnast miklir. Gerendur og þolendur þekkjast oft og í dæmigerðu nauðgunarbroti sem lögregla fær til rannsóknar er sakborningur yngri en 25 ára og brotaþoli enn yngri. Við vitum að það eru engin rétt eða röng viðbrögð brotaþola eftir nauðgun og alvarlegar afleiðingar kynferðislegs ofbeldis eru þekktar.

Það er einnig viðurkennt að biðin eftir niðurstöðu í máli eftir að kæra hefur verið lögð fram er brotaþola og sakborningi þungbær. Málshraðareglan er sérstaklega tryggð í stjórnarskrá og Mannréttindasáttmála Evrópu og markmið hennar er að bæta réttarstöðu sakborninga og brotaþola og að styrkja réttaröryggi borgaranna. Mikill dráttur af hálfu lögreglu og ákæruvalds við meðferð máls kemur fram í ávítum á ákæruvaldið í dómum. Vægi reglunnar er greinilegt í mörgum dómum þar sem fram kemur að refsing sé milduð vegna þess að málsmeðferðartími hafi verið of langur. Biðin eftir dómi í nauðgunarmáli er gjarnan í kringum 15 mánuðir.

### Málsmeðferðartíminn langur

Það er staðreynd að málsmeðferðartími í kynferðisbrotamálum hefur verið að lengjast hjá ákæruvaldinu, þrátt fyrir að ríkissaksóknari setti þá vinnureglu þegar hann fór með ákæruvald í kynferðisbrotamálum að þessi mál skyldu sett í ákveðinn forgang. Kynferðisbrotamálum fjölgar hins vegar ár frá ári og starfsmönnum hefur ekki fjölgað nægilega í samræmi við aukinn málaþunga. Það eru hagsmunir brotaþola og sakborninga að rannsókn og saksókn dragist ekki og það eru hagsmunir samfélagsins að dæmdar refsingar fyrir alvarleg afbrot séu ekki vægari en efni eru til vegna þess að málin hafa verið of lengi til meðferðar. Samfélag sem hefur skilning á alvarleika kynferðisbrota setur fjármagn í að rannsaka og saksækja þau mál.

### Lokaður heimur

Hin lokaða málsmeðferð í kynferðisbrotamálum er mikilvæg og algjörlega nauðsynleg til að vernda viðkvæma hagsmuni brotaþola og sömuleiðis sakborninga. Hún hefur hins vegar í för með sér að þrátt fyrir að kynferðisbrotamálin séu í kastljósi fjölmiðlanna fær almenningur takmarkaða mynd af því hvernig kynferðisbrotamál eru rannsökuð hjá lögreglu, saksótt fyrir dómi og hvaða þættir það eru sem skipta máli um niðurstöðu. Ein afleiðing þessa er að myndin af réttarkerfinu verður þannig að almenningur glatar trausti á kerfinu og jafnvel að brotaþolar veigri sér við að kæra kynferðisbrot. Næsta skref í nauðsynlegri umfjöllun um kynferðisbrot er að auka traust almennings á réttarkerfinu. Einn liður í því gæti verið að almennar upplýsingar um það hvernig réttarkerfið starfar komist betur til skila til samfélagsins. Engir hagnast meira á því en gerendur ef brotaþolar veigra sér við að kæra kynferðisbrot til lögreglu. Þess vegna skiptir ekki aðeins máli að kerfið leitist stöðugt við að tryggja gæði málsmeðferðar í kynferðisbrotamálum heldur þarf almenningur samhliða að upplifa að hann geti treyst réttarkerfinu.




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Gyða Lóa Ólafsdóttir *gydaloa@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




**ŠKODA Octavia** Drivers Edition

# Aksturinn verður bara skemmtilegri og skemmtilegri











Við vorum að fá **ŠKODA Octavia Drivers Edition** sem er sérútfærsla af vinsælasta bíl á Íslandi 2015. Hann er með aukahlutapakka á einstöku tilboði í takmarkaðan tíma. Komdu til okkar í reynsluakstur og finndu hvernig hann leikur við þig í akstrinum. Hlökkum til að sjá þig!

Verð frá aðeins

**3.839.000 kr.**

**Drivers Edition aukahlutapakki**

- Xenon/LED framljós
- Climatronic miðstöð
- Krómpakki
- Leiðsögukerfi með SD korti
- 17" álfelgur
- 16" vetrardekk á álfelgum

| | |
|---|---|
| Heildarverðmæti | 740.960 kr. |
| **Tilboðsverð á pakka** | **349.000 kr.** |
| Afsláttur | 391.960 kr. |

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**www.skoda.is**




Aron Einar Gunnarsson í sigurvímunni eftir sigurinn á Frökkum í Nice á mánudagskvöld. Hann er að spila meiddur á EM en lætur það ekki stoppa sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hittir beint í hjartastað

**Landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson missti af fæðingu sonar síns þegar íslenska landsliðið var á leið á EM. Hann ætlaði sér stóra hluti á Evrópumótinu í Frakklandi svo það yrði ekki eitthvað sem hann sæi eftir. Hann er stoltur fulltrúi stoltrar þjóðar. Á sunnudaginn er í boði sæti í undanúrslitum EM 2016.**

EM2016

Tómas Þór Þórðarson
tomas@365.is

**FÓTBOLTI** „Blessaðir, strákar,“ segir landsliðsfyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson brosandi þegar nokkrir fulltrúar íslenska fjölmiðlahópsins sem fylgja strákunum okkar eftir í Frakklandi koma inn í herbergi á hóteli í Annecy þar sem fyrirliðinn bíður viðtals. Fjórir dagar eru síðan hann hann leiddi landsliðið til sigurs á Englandi og stóð svo fremstur og leiddi íslensku þjóðina í víkingaherópinu sem hefur vakið heimsathygli. Fyrirliðinn þarf að bíða í fimm mínútur á meðan fjölmiðlamenn koma sér fyrir. Hann bíður rólegur og fúlskeggjaður.

„Þessir dagar eru búnir að vera ótrúlegir og lyginni líkastir í rauninni. Þetta er eitthvað sem maður mun muna eftir þangað til maður deyr,“ segir Aron spurður um dagana eftir sigurinn á Englandi. Dagana sem enginn Íslendingur mun gleyma. Þessi sigur hefur vakið heimsathygli, en á hverjum degi koma strákarnir okkar fyrir í stærstu fréttaskýringa- og skemmtiþáttum heims.

„Það fíla allir þessa sögu sem við erum að skrifa og virða okkur meira en áður sem ég tel jákvætt. Við höfum öll saman rifið Ísland upp á hærra plan, hvort sem um ræðir fjölmiðlamenn, leikmenn, stuðningsmenn eða þjálfara. Það eru allir á sama plani og allir að róa í sömu átt. Við erum öll að bæta okkur í öllu sem er jákvætt fyrir framtíð íslenska fótboltans,“ segir Aron Einar.

### Viljum gera þetta aftur

Gleðin var svo mikil eftir Englandsleikinn að okkar menn gleymdu sér aðeins á skýinu og komu ekki niður. Eða þannig hljómaði það þegar Lars Lagerbäck sendi strákunum væna pillu á blaðamannafundi á miðvikudaginn. Án þess að nokkur maður hefði vitneskju um atvikið sagði Lars frá því að nokkrir leikmenn hefðu mætt of seint í kvöldmat og ekki fylgt settum reglum. Reglurnar hjá Lars og Heimi eru sárafáar en eftir þeim skal farið.

„Þetta var smá misskilningur en ég hef ekki rætt þetta við Lars,“ segir Aron Einar beðinn um að útskýra þetta mál. „Það voru einhverjir seinir þarna og héldu að við þyrftum ekki að borða á hótelinu. Það heldur okkur bara á tánum [að fá svona skilaboð frá Lars, innsk. blm.]. Hann sendir okkur þarna pillu í fjölmiðlum og allt í góðu með það. Hann og Heimir ráða. Þetta kveikti bara í mönnum aftur. Hann veit alveg hvað hann er að gera, karlinn.“

> **Við höfum öll saman rifið Ísland upp á hærra plan, hvort sem um ræðir fjölmiðlamenn, leikmenn, stuðningsmenn eða þjálfara. Það eru allir á sama plani og allir að róa í sömu átt.**
>
> Aron Einar Gunnarsson landsliðsfyrirliði

Aron segir liðið enn vera að læra. Ekki má gleyma að Lars hefur farið á sjö sinnum fleiri stórmót en allt íslenska landsliðið til samans. Svona hluti ganga öll lið í gegnum og hvað þá á sínu fyrsta stórmóti. Menn lifa og læra sem er gott því þessi hópur ætlar sér á fleiri stórmót. Fyrirliðinn telur alveg eins gott að byrja að hugsa um undankeppni HM 2018 sem allra fyrst.

„Við erum búnir að finna smjörþefinn af þessu núna og því er fullkominn tími núna til að byrja að ræða næstu undankeppni. Hana þurfum við að byrja vel. Við þurfum að vera á tánum hvað hana varðar því við erum í virkilega erfiðum riðli, en við viljum 100 prósent komast á HM,“ segir Aron Einar og bætir við:

„Maður vill upplifa þetta aftur og ég veit að þið viljið það,“ segir Aron og bendir á þremenningana sem spyrja hann spjörunum úr í 20 mínútur. Allir þrír kinka kolli. „Það verður erfitt að koma sér aftur niður á jörðina en við þurfum að gera það eins fljótt og hægt er.“

### Kunna að meta stuðninginn

Eins og margir vita missti Aron Einar af fæðingu sonar síns, Ólivers, í mars 2015 því hann var upptekinn með landsliðinu að vinna Kasakstan á leið liðsins á EM. Það var auðvitað erfið ákvörðun: „Eftir það ákvað ég bara að gera þetta nógu andskoti vel,“ segir Aron Einar. „Ég vildi ekki líta til baka og hugsa: „Djöfull, af hverju gerði ég þetta?“.“

Aron Einar er að spila meiddur. Hann þarf að fara í aðgerð eftir mótið og enginn veit hvenær hann verður klár að spila fyrir Cardiff, nú ef hann verður ekki keyptur eitthvert annað. Hann er stoltur fyrirliði stoltrar þjóðar og gerir allt fyrir Ísland. Hann kann líka að meta stuðninginn að heiman.

„Maður fær skilaboð á Instagram og svona sem segir okkur að fólk kann að meta það sem við erum að gera. Það er bara okkar heiður að vera hérna og við kunnum að meta allan þennan stuðning. Við fengum allir snapptjött og myndir af Arnarhóli alveg pakkfullum. Það var eitthvað sem hitti beint hingað,“ segir Aron Einar Gunnarsson og ber sér á brjóst eins og víkingurinn sem hann er.

## Nýjast

**EM 2016 í Frakklandi í gær**

### 8 liða úrslit

**Wales - Belgía 3-1**

0-1 Radja Nainggolan (13.), 1-1 Ashley Williams (30.), 2-1 Hal Robson-Kanu (55.), 3-1 Sam Vokes (85.).

Ævintýri Wales heldur áfram og liðið mun spila við Portúgal í undanúrslitum mótsins.

**NEYMAR FRAMLENGDI**
Brasilíski knattspyrnumaðurinn Neymar hefur skrifað undir nýjan fimm ára samning við Barcelona og mun nýi samningurinn ná til 30. júní 2021. Neymar hefur spilað í þrjú ár með Barcelona og á þessum þremur tímabilum hefur hann skorað 85 mörk fyrir félagið og unnið alls átta titla.

Eins og venjan er með fótboltamenn á Spáni þá er alltaf klausa í samningi þeirra sem gefur öðrum félögum kost á því að kaupa upp samninginn.

Í tilfelli Neymars eru það engar smáupphæðir. Það er hægt að kaupa nýja samninginn hans fyrir 200 milljónir evra á fyrsta ári, 222 milljónir evra á öðru ári og svo fyrir 250 milljónir evra á þremur síðustu árum hans. 250 milljónir evra eru 34 milljarðar í íslenskum krónum.

**ZLATAN KOMINN TIL UNITED**
Manchester United hefur staðfest komu Zlatans Ibrahimovic til félagsins.

Zlatan greindi frá því í gær að hann væri á leið til United og félagið hefur staðfest að sænski framherjinn muni klæðast búningi þess á næsta tímabili.

Talið er að hinn 34 ára gamli Zlatan hafi skrifað undir eins árs samning við United. Hann lék síðast með Paris Saint-Germain og varð fjórum sinnum franskur meistari með liðinu.

Fyrir skömmu birtist myndband af Zlatan í United-búningi á Twitter-síðu United þar sem hann kynnir sig til leiks með orðunum „it's Zlatan time.“

Hjá United endurnýjar Zlatan kynnin við knattspyrnustjórann José Mourinho en saman urðu þeir ítalskir meistarar með Inter 2009.

United er áttunda liðið sem Zlatan spilar með á ferlinum. Hann lék áður með Malmö, Ajax, Juventus, Inter, Barcelona, AC Milan og PSG.

Þá lék Zlatan 116 landsleiki fyrir Svíþjóð og skoraði 62 mörk. Hann lagði landsliðsskóna á hilluna eftir 1-0 tap fyrir Belgíu á EM í Frakklandi í síðasta mánuði.




## Í dag

**Laugardagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 08.55 | F1 æfing | Sport |
| 11.55 | Tímataka | Sport |
| 14.00 | Keflavík - Huginn | Sport 2 |
| 14.30 | Formula E: London | Sport |
| 16.00 | Bridgestone | Golfstöðin |
| 20.00 | Cambria golf | Sport 4 |
| 22.00 | Sumarmessan | Sport |

**Sunnudagur:**

| | | |
|---|---|---|
| 11.30 | F1: Keppni | Sport |
| 14.00 | Breiðablik - ÍBV | Sport |
| 14.30 | Formúla E: London | Sport 2 |
| 16.00 | Bridgestone | Golfstöðin |
| 20.00 | Cambria golf | Sport 4 |
| 22.00 | Sumarmessan | Sport |

# Útsalan er hafin!






Blómavasi LSA 25 cm
kr. 7.400,-, **nú kr. 5.180,-**



Kanna LSA 1,5L
kr. 5.300.-, **nú kr. 3.710,-**




## **idp Sphera** leðursófar og sófasett

Stærð: 3ja 215 x 85 cm, stóll 80 x 85 cm. Litir; svart, grátt og dökkbrúnt.
Verð tilboð (-25%), 3+1+1 995.000,- **nú 696.500,-,**
3ja sæta sófi 475.000,- **nú 332.500,-,** stóll 260.000,-, **nú 182.000,-**
**Ítölsk hönnun og framleiðsla**




## **HTL 9801** hornsófi í leðri

Litir; svart, brúnt og grátt. Stærð 290 x 215 cm.
Verð kr. 698.000,-, **nú kr. 488.600,-**



**pb home** púði
kr. 7.400,-, **nú kr. 5.180,-**



**Luktir Day Home,**
frá kr. 9.800,-, **nú frá kr. 6.860,-**




**PB home stóll m/skemli**
verð kr. 88.000,- , **nú kr. 52.800,-**




## **KAK 1281** sófasett í leðri 3+1+1

Litir: svart og kastaníubrúnt
Verð kr. 798.800,-, **nú (-20%) kr. 639.040,-.**
Stakur 3ja sæta sófi kr. 384.000,-, nú kr. 307.200,-.

# HEIMAHÚSIÐ

**Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18 og laugardaga 11 -16.**

Komdu og gerðu

**frábær kaup!**

# Útsalan er hafin

**Opið 11–18** í dag



SMÁRALIND



**Þjálfari Frakklands**
**Didier Deschamps**
**Aldur:** 47 ára

Hefur þjálfað franska landsliðið frá því í júlí 2012 þegar hann tók við liðinu af Laurent Blanc. Franska liðið tapaði fyrir verðandi heimsmeisturum Þjóðvera í átta liða úrslitum á HM 2014. Var á sínum tíma fyrirliði franska landsliðsins sem vann HM 1998 og EM 2000. Hefur bæði spilað með og þjálfað stórlið eins og Marseille og Juventus.

**Gestgjafar EM 2016**
Frakkar tóku ekki þátt í undankeppni EM 2016 þar sem þeir voru með öruggt sæti sem gestgjafar. Frakkar fengu keppnina úthlutaða í maí 2010 og höfðu þar betur í baráttu við Tyrkland og Ítalíu.

# Frábær blanda hjá frábæru liði

## Heimamenn í franska landsliðinu taka á móti strákunum okkar á Stade de France á sunnudaginn en margir spá Frökkum Evrópumeistaratitlinum.

**FÓTBOLTI** Sigurlaun strákanna okkar fyrir að komast í 16 liða úrslit EM var leikur gegn Englandi. Leikur sem þjóðin var búin að bíða eftir. Ekki verður það minni viðburður þegar Ísland mætir sjálfum gestgjöfum Frakklands í átta liða úrslitum á þjóðarleikvangi þeirra, Stade de France.

Franska liðinu er spáð sigri af ansi mörgum og er það vel skiljanlegt. Það er frábærlega vel mannað og að mati Heimis Hallgrímssonar, landsliðsþjálfara Íslands, með sterkasta 23 manna hópinn á mótinu.

Frakkar þekkja það líka vel að vinna titla á heimavelli en þeir urðu Evrópumeistarar í Frakklandi 1984 og heimsmeistarar fjórtán árum síðar.

Frakkland er með eins góða blöndu í sínu liði og þær verða; þrautreynda leikmenn sem hafa spilað með bestu liðum Evrópu í bland við ungstirni sem eru reyndar flest hver líka að spila með risum í álfunni.

Frakkar geta séð fram á velgengni næsta áratuginn eða svo með leikmennina sem eru að koma upp en það sem skiptir máli er að liðið er líka tilbúið til að vinna núna.

Frakkar hafa spilað góðan bolta á mótinu og verið mjög sókndjarfir sem er eitthvað sem hentar strákunum okkar mjög vel svo fremi að þeir fari að byggja upp betri skyndisóknir. Þær hefur algjörlega vantað í íslenska liðið.

Þrátt fyrir að spila svona sóknarsinnaðan bolta hefur liðið átt í erfiðleikum með að skora í fyrri hálfleik. En mörkin koma alltaf á endanum.

Franska liðið sækir svo stíft og hefur svo góða leikmenn til að skipta inn á að mótherjinn þreytist svakalega. Það er því engin tilviljun að liðið er alltaf að skora svona seint. Það er bara eins gott að okkar menn fá sex daga hvíld fyrir leikinn.

Frakkland er lið sem skildi eftir heima framherja á borð við Alexandre Lacazette, Evrópudeildarmeistarann Kévin Gameiro og sjálfan Karim Benzema. Samt koma þar inn af bekknum Anthony Martial og Kingsley Coman. Breiddin fram á við er ógnvænleg. Franska liðið er miklu betra en það enska. Þetta verður erfiðasta verkefni landsliðsins undir stjórn Lars og Heimis. Það er klárt.

### Leikir þjóðanna

| Frakkland | Ísland | Jafntefli |
|---|---|---|
| 8 sigrar | 0 sigrar | 3 |

**Markatala:** Frakkland +22 (30-8)



## 15 Paul Pogba

**Aldur:** 23 | **Leikir:** 35 | **Mörk:** 5

Frakkar eru með marga góða leikmenn í sínu liði en fáir, þó eflaust einhverjir, myndu mótmæla því að Paul Pogba beri af í franska liðinu. Þessi 23 ára gamli miðjumaður og fjórfaldi Ítalíumeistari er mótorinn á miðjunni hjá franska liðinu en gríðarlegar væntingar eru gerðar til hans. Franskur blaðamaður sagði við Fréttablaðið að hann væri einfaldlega með þjóðina á herðunum.

Frakkar hafa mikið dálæti á Pogba en stundum ætlast þeir til of mikils af honum. Það gleymist stundum að þótt hann skori falleg mörk með bylmingsskotum og hafi fengið viðurnefnið Pog-boom er hann ekki framherji. Þótt hann eigi frábæran leik fyrir franska liðið er hann oft gagnrýndur fyrir að skora ekki þó að það sé ekki hans aðalhlutverk. Hans hlutverk er að vinna boltann, koma honum í spil og taka sín víðfrægu hlaup fram völlinn og þannig þreyta mótherjann.

Pogba getur allt. Hann getur legið aftar á vellinum og dreift boltanum kanta á milli. Hann getur spilað framar á miðjunni og verið í barningi og unnið skallabolta. Hann getur líka spilað enn framar og komið sér í hættuleg skotfæri. Dele Alli er afskaplega spennandi miðjumaður sem stóð sig frábærlega í ensku úrvalsdeildinni á síðustu leiktíð. Hann hafði þó ekkert að gera í varnarleik strákanna okkar. Pogba, aftur á móti, er ekki að spila í sömu deild þegar kemur að hæfileikum og ungstirni Englendinga. Þetta er fullmótaður tarfur sem ætlar sér sigur á heimavelli.

**EM2016**

**Gregoire Fleurot**
blaðamaður á L'Équipe í Frakklandi

## Nýliði í franska liðinu er stærsta spurningin

Varnarleikurinn var helsta áhyggjuefni franska liðsins fyrir mót. Bæði vegna meiðsla og manna sem voru í banni. Raphaël Varane hefur verið leiðtogi frönsku varnarinnar en meiddist í vor. Samt hefur vörn Frakklands haldið vel allt mótið en nú er stóra spurningin hvernig Samuel Umtiti gengur að leysa Adil Rami, sem er í banni, af hólmi.

Umtiti hefur verið lengi í lykilhlutverki í Lyon þrátt fyrir ungan aldur og Barcelona er nýbúið að kaupa hann fyrir háa upphæð. En hann hefur samt aldrei spilað landsleik áður og stóra spurningin er nú hvernig hann muni bregðast við þeirri pressu sem fylgir þessum leik. N'Golo Kanté er líka í banni en styrkur franska liðsins er að þeir sem koma inn eru afar góðir leikmenn.

Frönsku leikmennirnir hafa sýnt íslenska liðinu virðingu og segja að velgengni Íslands hafi ekki komið þeim á óvart. Þeir virðast þekkja lið og leikmenn Íslands vel og vita hvaða hættur steðja að því.

### Sögumoli

Það hafa verið skoruð alls tíu mörk í síðustu tveimur landsleikjum Íslands og Frakklands. Íslenska liðið hefur þannig þurft að sætta sig við tap í báðum þessum leikjum þrátt fyrir að hafa skorað fjórum sinnum hjá franska liðinu. Frakkar unnu 3-2 sigur í síðasta leik þjóðanna em var vináttulandsleikur árið 2012 þar sem Birkir Bjarnason og Kolbeinn Sigþórsson komu Íslandi í 2-0 eftir 34 mínútna leik. Mathieu Debuchy, Franck Ribéry og Adil Rami skoruðu mörk Frakka í seinni hálfleiknum.

Frakkar unnu einnig 3-2 í síðasta keppnisleik (9. október 1999) sem var einnig eini leikur þjóðanna á Stade de France. Frakkar komust þá í 2-0 en Eyjólfur Sverrisson og Brynjar Björn Gunnarsson náðu að jafna í 2-2 áður en David Trezeguet tryggði Frökkum sigur. Níu mánuðum síðar tryggði umræddur Trezeguet síðan Frökkum Evrópumeistaratitilinn með gullmarki í úrslitaleiknum. Didier Deschamps, núverandi þjálfari Frakka, var fyrirliðim liðsins í þessum leik fyrir tæpum sautján árum.

# Frá jafnteflissigrum yfir í tröllatrú á hið ómögulega

Elstu minningar mínar af landsleikjum í fótbolta eru af leikjum gegn Frökkum. Atli Eðvaldsson skoraði með hælspyrnu undir lokin og minnkaði muninn í 2-1 í tapi gegn Eric Cantona, Jean Pierre Papin og fleiri stjörnum á Laugardalsvellinum þegar ég var átta ára. Leikurinn var í undankeppni EM 1992.

Galdramaðurinn Atli með mark og eins marks tap var eitthvað sem hægt var að vera nokkuð sáttur við. Í seinni leiknum í Frakklandi var Birkir Kristinsson í banastuði en það dugði ekki í 3-1 tapi. Aftur minnkaði Ísland muninn þegar ungur strákur frá Sauðárkróki skoraði undir lokin. Eyjólfur Sverrisson átti eftir að koma aftur við sögu gegn Frökkum.

Spólum nokkur ár fram í tímann þegar heimsmeistararnir mættu á Laugardalsvöll haustið 1998. Sextán ára bólugrafinn strákur mætti og fékk bolamyndir af sér með frönsku snillingunum. Einn á hótelganginum þegar Youri Djorkaeff og Zinedine Zidane koma gangandi í áttina til þín, hvað gerirðu? Jú, þú biður Djorkaeff um að taka myndina af þér og Zidane. Þeir hlógu.

Þeir voru ennþá hlæjandi þegar Jóhann Friðgeir kveikti í þeim með franska þjóðsöngnum. Stuðningsmenn fögnuðu hverju innkasti og fyrrnefndur Eyjólfur valdi sér góðan stað þegar markvörðurinn Fabian Barthez ætlaði í úthlaup. 1-0 fyrir Ísland og í nokkrar mínútur vorum við á toppi tilverunnar. Skipti litlu þótt Frakkar jöfnuðu. Hvert innkast, bolti úr leik, var eins og mark fyrir okkur og jafntefli, toppað með kossi Ingólfs Hannessonar á þjálfarann Guðjón Þórðarson, var ígildi sigurs.

Fyrir seinni leikinn í París, jú, Stade de France, áttum við möguleika á að komast í lokakeppni EM 2000. Verkefnið var metnaðarfullt en á ótrúlegum kafla tókst okkur að jafna metin í 2-2, og enn skoraði Eyjólfur, eftir að hafa lent undir 2-0. 3-2 tap varð staðreynd en í minningunni sigruðum við Frakka, allavega næstum því. Enginn svekkti sig á úrslitunum, þannig séð. Frammistaðan var stórkostleg. Þetta var þá.

Frakkar eru vanir því að taka gull á heimavelli, gerðu það á EM 1984 og aftur á HM 1998. Þeir eru með afar sterkt lið og þrátt fyrir aðdáunarverða frammistöðu Íslands á enginn í Frakkaríki von á öðru en sigri á morgun. Þeir þykja líklegastir hjá veðbönkum til að standa uppi sem Evrópumeistarar en Íslendingar standa í veginum. Strákar sem hafa, ólíkt okkar fyrri landsliðum sem hafa náð jafnteflum, „næstum því unnið“ eða steinlegið, mikla trú á að þeir geti sigrað Frakka.

Lars Lagerbäck var nýtekinn við þegar við komumst í 2-0 gegn Frökkum í æfingaleik á franskri grundu 2012. Leikurinn tapaðist reyndar 3-2 en gaf vísbendingu um hvað væri í vændum undir stjórn Svíans. Við eigum frábærar minningar frá Stade de France, aðeins tíu daga gamlar, þegar okkar menn tóku Austurríki. Nú mæta strákarnir á sama stað, með enn meira sjálfstraust og klárir í að skrifa næsta kafla í EM-ævintýrið.

Í Hollywood er alveg ljóst hvernig leikurinn á morgun færi. Strákarnir með sérstöku eftirnöfnin frá landi íss færast nær takmarkinu ómögulega og ekki gleyma „Þið munuð aldrei vinna neitt“ ummælunum. Vonda liðið, með skúrkinn Rögnvald Reginskitu, mjakar sér líka áfram í úrslitaleikinn án þess að vinna leik í venjulegum leiktíma. Við erum komin í seinni hluta ævintýrisins hjá söguhetjunum, fótboltastrákum frá Íslandi, sem þjóðin trúir að geti gert hvað sem er eftir landvinningana undanfarnar vikur. Okkar menn, stolt Íslands.

**Dagbók**

**Kolbeinn Tumi Daðason**
fylgir karlalandsliði Íslands hvert fótmál á Evrópumótinu í Frakklandi og deilir upplifun sinni með lesendum.






## COSTA DE ALMERÍA




### La Minería Apartments

**Frá kr. 94.995 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 94.995m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 99.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð.
4. júlí í 10 nætur.

## COSTA DE ALMERÍA




### Stökktu +

**Frá kr. 64.995 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 64.995 m.v. 2 + 1 í íbúð/herbergi/stúdíói.
Netverð á mann frá kr. 69.995 m.v. 2 fullorðna í íbúð/herbergi/stúdíói.
4. júlí í 10 nætur.

## KRÍT




### Porto Platanias Village

**Frá kr. 145.395 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 145.395 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð.
Netverð á mann frá kr. 189.895 m.v. 2 fullorðna í stúdíó.
7. júlí í 11 nætur.

## KRÍT




### Sirios Village

**Frá kr. 146.095 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 146.095 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herb.
Netverð á mann frá kr. 178.895 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
7. júlí í 11 nætur.

## BENIDORM




### Hotel Avenida

**Frá kr. 77.595 m/morgunmat innifalið**

Netverð á mann frá kr. 77.595 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb.
Netverð á mann frá kr. 107.495 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
10. júlí í 7 nætur.

## COSTA DEL SOL




### Hotel Roc Costa Park +

**Frá kr. 129.195 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 129.195 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svítu.
Netverð á mann frá kr. 146.595 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
11. júlí í 10 nætur.

## COSTA DEL SOL




### Aguamarina Aparthotel

**Frá kr. 93.230 m/ekkert fæði innifalið**

Netverð á mann frá kr. 93.230 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í stúdíói.
Netverð á mann frá kr. 119.495 m.v. 2 fullorðna í stúdíói.
11. júlí í 10 nætur.

## ALBIR




### Hotel Sun Palace Albir

**Frá kr. 83.295 m/morgunmat innifalið**

Netverð á mann frá kr. 83.295 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herb.
Netverð á mann frá kr. 92.795 m.v. 2 fullorðna í herbergi.
17. júlí í 7 nætur.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENNEMM / SÍA • NM76189

Heimsferðir



Elliði bæjarstjóri er spenntur fyrir hátíðinni um helgina. MYND/ÓSKAR PÉTUR

# Gleðin yfir goslokum var einstök

## Hin árlega Goslokahátíð fer fram í Vestmannaeyjum um helgina. Fjölbreytt dagskrá er í boði fyrir alla aldurshópa.

Viktoría Hermannsdóttir
viktoria@frettabladid.is

Goslokin eru svo sérstök hátíð. Hún er öðruvísi kannski en flestar bæjarhátíðir vegna þess að þetta hvílir á svo einstökum atburði í sögu lands og þjóðar," segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum. Um helgina fer fram Goslokahátíð í Vestmannaeyjum þar sem goslokanna 3. júlí 1973 er minnst. Goslokahátíðin hefur verið haldin árlega undanfarin ár og fagnað reglulega allt frá 1974.

„Þarna gaus bókstaflega undir fótunum á fólki. Um miðja nótt þurfti fólkið að flýja, eins og Bubbi söng um. Þetta var ekki gleðiviðburður í hugum Eyjamanna að þurfa að yfirgefa húsin og vita ekki hvort né hvenær þeir fengju aftur snúið. Gleðin við að gosið skyldi hafa svo hætt var mikil. Eyjamenn voru allt gosið, frá janúar til júlí, minnugir þess að Surtseyjargosið stóð svo árum skipti. Gleðin yfir goslokum var því svo einstök."

> ÞARNA GAUS BÓKSTAFLEGA UNDIR FÓTUNUM Á FÓLKI. UM MIÐJA NÓTT ÞURFTI FÓLKIÐ AÐ FLÝJA, EINS OG BUBBI SÖNG UM.

Það ríkir mikil gleði á Goslokahátíðinni og fjölbreytt dagskrá er í boði fyrir alla aldurshópa. „Við slettum almennilega úr klaufunum að Eyjamannasið. Það eru 40-50 viðburðir á dagskrá. Þetta er gríðarlega fjölbreytt, frá málverkasýningum yfir í tónleika Frikka Dórs og Bjartmars," segir Elliði.

Yfir daginn er dagskrá víða um bæinn og á kvöldin eru haldnir tónleikar í Skipasandi þar sem fjölmargir listamenn koma fram. Hátíðin stendur fram á sunnudag og endar á að komið verður upp stórum skjá á Stakkagerðistúni þar sem leikur Íslands og Frakklands verður sýndur. Elliði segir óhætt að lofa miklu stuði.



# ÚTSALA!

## INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA, AKUREYRI OG SELFOSSI

30% AFSLÁTTUR

50% AFSLÁTTUR

70% AFSLÁTTUR

**INTERSPORT AKUREYRI** / SÍMI 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.
**INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA** / SÍMI 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.
**INTERSPORT SELFOSSI** / SÍMI 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®



## KIRUNA
U-sófi. Hægri eða vinstri tunga. Dökkgrátt áklæði.
Stærð: 301 × 200 × 78 cm

**179.990 kr.** ~~239.990 kr.~~

**25%** AFSLÁTTUR



## CLEVELAND
Hornsófi með tungu. Hægri eða vinsti. Grátt áklæði.
Stærð: 308 x 140/203 x 81 cm

**149.990 kr.** ~~189.990 kr.~~

**20%** AFSLÁTTUR



**30%** AFSLÁTTUR

## Kiruna
Þriggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 227 × 90 × 78 cm.

**69.990 kr.** ~~99.990 kr.~~

## Kiruna
Tveggja sæta sófi.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 162 × 90 × 78 cm.

**59.990 kr.** ~~89.990 kr.~~



## CLEVELAND
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði. Aukahlutur á mynd höfuðpúði. Stærð: 231 × 140 × 81 cm.

**89.990 kr.** ~~119.990 kr.~~

**25%** AFSLÁTTUR



**40%** AFSLÁTTUR

## DELTA
Eldhúsborð. Eik/hvítt.
Stærð: 100 x 100 H: 74 cm

**29.990 kr.** ~~49.990 kr.~~



**50%** AFSLÁTTUR

## BELINA
Borðstofustóll.
Hvítur eða svartur.

**9.995 kr.** ~~19.990 kr.~~



**25%** AFSLÁTTUR

## NEPTUN
Borðstofustóll.
Hvítur eða svartur.

**8.990 kr.** ~~11.990 kr.~~



**26%** AFSLÁTTUR

## NEPTUN
Borðstofustóll.
Eik.

**10.990 kr.** ~~14.990 kr.~~



broste COPENHAGEN

**BASTLUKTIR FRÁ BROSTE**

**30%** AFSLÁTTUR

**MOSAICO, LUCE OG PRISMA GLÖS FRÁ VIDIVI**

**40%** AFSLÁTTUR




RALPH LAUREN HOME



**ÖLL MATARSTELL FRÁ RALPH LAUREN**

**50%** AFSLÁTTUR

**ÖLL SMÁVARA FRÁ IVV**

**30%** AFSLÁTTUR

IVV Handmade in Italy home&table





*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru.*

# Sumar ÚTSALAN í fullu fjöri

# Allt að 60% afsláttur



33% AFSLÁTTUR

**LEEDS**
Hægindastóll.
Anna/Patch slitsterkt áklæði.
**79.990 kr.** ~~119.990 kr.~~

**HARROW**
Hægindastóll. Ljós- og dökkgrátt slitsterkt áklæði.



26% AFSLÁTTUR

| Stóll | Skammel |
|---|---|
| **109.990 kr.** | **49.990 kr.** |
| ~~149.990 kr.~~ | ~~69.990 kr.~~ |

**PASO DOBLE**
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Grátt eða brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 305 × 100/150 × 95 cm



**240.490 kr.**
~~369.990 kr.~~

furninova

35% AFSLÁTTUR



25% AFSLÁTTUR

**SALLY**
Hægindastóll PU-leður
Litir: Brandy, brúnn og svartur.
**29.990 kr.** ~~39.980 kr.~~



28% AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY
*Live life comfortably.*

**ADAM**
Ljósbrúnt, grátt og rautt slitsterkt áklæði.
Stærð: 82 × 98 × 104 cm
**99.990 kr.**
~~139.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR

**PINNACLE**
Brúnt, dökkbrúnt eða vínrautt leður á slitflötum.
Stærð:
84 × 90 × 100 cm



**143.990 kr.**
~~179.990 kr.~~



28% AFSLÁTTUR

**CLEVELAND**
Hægindastóll.
Ljós- og dökkgrátt áklæði.
**24.990 kr.** ~~34.990 kr.~~

HÚSGAGNA HÖLLIN

EM2016



Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is



Rödd Guðmundar hefur ómað um allan heim og meðal annars verið stungið upp á því að CBS í Bandaríkjunum ráði hann í vinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Verð að vera ég sjálfur

**Guðmundur Benediktsson** komst í heimsfréttirnar þegar mögnuð lýsing hans á sigurmarki Arnórs Ingva Traustasonar gegn Austurríki á EM rataði í alla helstu fjölmiðla heimsins. Síðan þá hefur sími Gumma Ben ekki þagnað. Hann ræðir við Fréttablaðið um athyglina, sem hann kærir sig reyndar lítið um.

Símtölin, tölvupóstarnir og skilaboðin skipta örugglega þúsundum. Þetta er bara vitleysa. Ég myndi orða það helst þannig," segir Guðmundur í samtali við Fréttablaðið. „Þetta er alger vitleysa sem ég hef lítinn áhuga á að taka þátt í."

Sigurmark Arnórs Ingva Traustasonar gegn Austurríki á Stade de France í París er einn af hápunktum Evrópumótsins til þessa og Íslendingar hafa fengið að upplifa þá stund endurtekið í gegnum lýsingu Guðmundar á markinu, sem fór eins og eldur um sinu í netheimum fljótlega eftir leik.

Athyglin varð svo engu minni eftir að ummæli sem hann lét falla í útsendingu Símans eftir að leikur Íslands og Englands var flautaður af og 2-1 sigur Íslands staðreynd, sem og sæti í 8 liða úrslitum keppninnar, stráðu salti í galopið sár ensku þjóðarinnar eftir umrætt tap gegn „litla" Íslandi.

**Frægðin aldrei heillað**

Guðmundur er 41 árs og hefur starfað í kringum fótbolta allt sitt líf. Hann þótti einn allra efnilegasti knattspyrnumaður sem Ísland hefur alið af sér en þrálát hnémeiðsli urðu til þess að atvinnumannsferill hans komst aldrei á flug.

Guðmundur er þó einn allra sigursælasti leikmaður íslensku úrvalsdeildarinnar frá upphafi og almennt talið einn sá besti sem hefur spilað í henni. Hann varð Íslandsmeistari með bæði KR og Val og spilaði þar að auki tíu landsleiki. Guðmundur skoraði tvö mörk í bláu treyjunni.

Hann er tengdasonur Alberts Guðmundssonar sem var fyrsti atvinnumaður Íslands í knattspyrnu. Sonur hans og alnafni afa síns er nú atvinnumaður hjá PSV Eindhoven í Hollandi en Guðmundur nýtti stund milli stríða, á milli landsleikja, til að heimsækja son sinn í vikunni. Guðmundur verður svo á sínum stað á Stade de France í Saint-Denis þegar Ísland mætir Frakklandi á sunnudagskvöldið.

Hann er löngu orðinn þekktur fyrir lýsingar sínar á Stöð 2 Sport, allra helst úr enska boltanum og Meistaradeild Evrópu. En þrátt fyrir að starfa í heimi fjölmiðlanna hefur hann ekki áhuga á að vera í sviðsljósinu.

„Ég hef gaman af því að vinna mína vinnu en ég hef engan sérstakan áhuga á að vera áberandi þar fyrir utan. Það hefur aldrei heillað mig sérstaklega," segir hann.

**Get ekki skoðað fréttir í símanum**

Athyglin er þó engu að síður til staðar og Guðmundur viðurkennir að hann hafði gaman af þessu öllu saman fyrsta klukkutímann eftir að hann fór á ról morguninn eftir leikinn gegn Austurríki.

„En þetta hefur ekki verið gaman síðan. Ég get ekki skoðað fréttir í símanum mínum. Hann hringir bara. Þetta er í raun ekki það sem ég leitast eftir í mínu starfi," segir hann.

Lýsing Guðmundar er nú orðin að stiklu hjá ESPN, stærstu íþróttasjónvarpsstöð heims, og TalkSPORT, stærstu íþróttaútvarpsstöð Evrópu. Hún var tvívegis tekin fyrir í spjallþætti Stephens Colbert, sem vill ráða Gumma Ben til CBS, og má gera ráð fyrir að lýsingin hafi heyrst í flestum löndum heimsins.

Guðmundur segir að það hafi ekki verið meðvituð ákvörðun að lýsa markinu á þennan hátt. Hann segir að það sé ekki hægt.

„Það er bara ýmislegt sem gerist í beinni útsendingu. Ef vel á að gera þá er best að ákveða ekki neitt," segir Guðmundur og bætir við að þegar tilefnið sé jafn stórt og nú séu miklar tilfinningar í spilinu.

„Þetta er landsliðið okkar. Og út frá mér persónulega eru þetta strákar sem ég hef spilað með í landsleikjum og hafa verið bæði samherjar og andstæðingar með félagsliðum. Ég hef líka þjálfað suma af þeim. Það gerir þetta enn sérstakara fyrir mig."

**Klökkur yfir stuðningnum**

Framganga íslenska landsliðsins á EM hefur hreyft við íslensku þjóðinni. Guðmundur er engin undantekning.

„Við erum að upplifa nýja tíma í íslenskri knattspyrnu. Það eru forréttindi að fá að verða vitni að þessu. Að vera í sama landi og á sama stað. Þetta eru hetjurnar okkar. Fyrir leiki er maður klökkur yfir því hversu öfluga stuðningsmenn við eigum. Maður finnur fyrir því svo sterkt að litla Ísland er mætt á staðinn. Því má gera ráð fyrir að það séu meiri tilfinningar tengdar þessu en öðru sem maður tekur sér fyrir hendur í þessu starfi."

Guðmundur játar því að það sé allt önnur upplifun að lýsa leikjum Íslands á stórmótum en öllu öðru sem hann hefur tekið sér fyrir hendur.

„Þetta er ný staða fyrir okkur öll. Við höfum enn ekki tapað leik á EM og því miður fær maður í kollinn fyrir hvern leik þá spurningu hvort það sé núna komið að því," segir hann en hann á stundum erfitt með sig á leikdag.

„Fyrir leikinn gegn Englandi þá sveiflaðist ég á milli þess að við myndum vinna leikinn og skíttapa honum. Líkaminn varð ónýtur eftir þessar sveiflur og mér varð óglatt um miðjan dag."

**Fylgst með manni**

Eftir allt sem á undan er gengið mun Guðmundur mæta aftur í vinnuna á sunnudag og lýsa leik Íslands og Frakklands. Hver leikur á eftir öðrum hefur verið stærsti leikur í sögu íslensku þjóðarinnar og þessi er engin undantekning. Að spila gegn Frakklandi í 8 liða úrslitum, og það á þjóðarleikvangi Frakka, verður stund sem íslensk knattspyrna hefur aldrei upplifað fyrr.

En eftir allt það sem á undan er gengið, eru einhverjar líkur á því að Guðmundur muni draga úr sinni innlifun, sem hefur verið hans aðalsmerki í gegnum tíðina?

„Ég varð var við það í leiknum gegn Englandi að það voru margir í kringum mig í stúkunni sem vissu greinilega af þessu og voru að fylgjast með mér," segir Guðmundur.

„En maður getur ekki breytt því. Þetta er bara ég. Ég verð að vera ég. Það var einhvern tímann sagt að allt annað væri upptekið."

## Hvað sagði **Guðmundur** eftir leikinn gegn **Englandi?**

**„Flautaðu þetta af! Þetta er búið. Þetta er búið. Dómari. Skomina, þarna. Skomina, dómari. Kemur sendingin inn á teiginn og þeir hittu ekki! Þetta er búið. Þetta er búið. Þetta er búið. Við erum komnir til Parísar. Við erum aldrei að fara heim. Við erum aldrei að fara heim. Sjáið þetta! Sjáið þetta! Þvílíkt og annað eins. Ég trúi ekki mínum eigin augum. Þetta er ... aldrei vekja mig. Aldrei vekja mig af þessum geggjaða draumi. Púið eins og þið viljið, Englendingar. Ísland er að fara á Stade de France. Á sunnudaginn. Frakkland - Ísland. Þið getið farið heim. Þið getið farið úr Evrópu. Þið getið farið bara hvert sem þið viljið. England 1, Ísland 2, er lokastaðan hér í Nice.**

Eftir allt sem á undan er gengið mun Guðmundur mæta aftur í vinnuna á sunnudag og lýsa leik Íslands og Frakklands. Hver leikur á eftir öðrum hefur verið stærsti leikur í sögu íslensku þjóðarinnar og þessi er engin undantekning. Að spila gegn Frakklandi í 8 liða úrslitum, og það á þjóðarleikvangi Frakka, verður stund sem íslensk knattspyrna hefur aldrei upplifað fyrr.





# Hótelrekstur við Laugaveg

## Reitir óska eftir samstarfsaðila um rekstur og þróun hótels við Laugaveg 176

Eftir stækkun byggingarinnar verður hótelið um 6180 m² með 118 herbergi. Um er að ræða afburða staðsetningu með útsýni yfir Esjuna og í göngufæri við miðbæinn og helstu viðskiptahverfi. Við leitum að fjárhagslega sterkum aðila til að fjármagna rekstur af þeirri stærð sem hér um ræðir. Áhugasamir skili inn viðskiptaáætlun með markaðsaðgreiningarstefnu, upplýsingum um reynslu og fjárhagslegan styrk rekstraraðila ásamt upplýsingum um fjármögnun, væntanlegar tekjur og leigugreiðslur.

**Skilafrestur umsókna er til 1. september 2016.**
**Nánari upplýsingar og skil umsókna á www.reitir.is/Lau176**

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

REITIR
*Velkomin til starfa*

JÓNSSON & LE'MACKS • JL.IS • SÍA



Gerðu gat á leikmennina og þræddu snæri í gegn.

# Föndraðu fyrir stóra daginn

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

**BYRJUNARLIÐIÐ**









Límdu íspinnaprik aftan á leikmenn og nýttu sem veifu á Arnarhóli eða sem skraut í kokteilinn!






Taktu eina örk og klipptu hana í tvennt, langsum. Heftu eða límdu saman og myndaðu kórónu. Límdu leikmennina á kórónuna og þú ert tilbúin/n á Arnarhól!



Límdu bláan, rauðan og hvítan (harðan) pappír saman eins og á myndinni. Mundu að líma eina örk af hörðum pappír á botninn. Límdu leikmenn á. Nýtist sem skál undir popp eða snakk á meðan horft er á leikinn!

## ÞÚ ÞARFT

Skæri
Límstifti
Harðan pappír/gamlan pappakassa

## AÐFERÐ

1. Klipptu strákana okkar út úr blaðinu
2. Límdu á harðan pappír
3. Klipptu harða pappírinn eftir myndinni af leikmanninum




BÍLASTÆÐASJÓÐUR

ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

MIÐBORGIN OKKAR — ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!
— WWW.MIDBORGIN.IS —

Guðrún Ansnes
gudrun@frettabladid.is



„Oft er óttinn við að skera sig úr og valda usla það sem heldur aftur af mönnum við að gera hið rétta,“ segir Kimmel.

# Karlar *þurfa* ekkert að óttast

**Michael Kimmel,** prófessor í kynja- og félagsfræði, hefur helgað sig jafnréttisbaráttu. Hann einbeitir sér að því að tala við karla og fá þá til að tala saman. Jafnréttisbaráttan sé ekki einkamál kvenna og brot á konum eigi ekki að taka létt. Hann talar um þjóðhátíð í þessu samhengi og segir fáránlegt að þagga niður umræðuna.

Jafnréttisbaráttan þarf líka að vera á forsendum karla,“ segir Michael Kimmel, prófessor í kynja- og félagsfræði við Stony Brook háskólann í New York. Hann kom hingað til lands í stutt ferðalag með fjölskyldu sinni á leið þeirra yfir á meginlandið. Evrópumeistaramótið í knattspyrnu er aðdráttaraflið í þetta skiptið.

Hann er landi og þjóð þó alls ekki ókunnur, árið 2014 var hann lykilræðumaður á alþjóðlegri ráðstefnu um karla og karlmennskurannsóknir á vegum Háskóla Íslands. Einhverjir kunna að muna eftir honum hrekja hugmyndir Hannesar Hólmsteins sem þá hélt erindi á sömu ráðstefnu er sá síðarnefndi hélt því fram að jafnrétti hefði þegar verið náð á Vesturlöndum og í raun væri erfiðara að vera karl en kona á Íslandi.

Kimmel hefur sömuleiðis unnið með utanríkisþjónustunni og kom að svokallaðri Rakarastofuráðstefnu, (e. Barbershop conference), sem komið var á koppinn af Íslandi og Súrínam á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í New York í fyrra. Þótti takast afbragðs vel til og endurtók Kimmel leikinn í Genf í mars síðastliðnum.

Markmið ráðstefnunnar er einfalt. Að fá karla til að tala við karla um jafnréttismál. Fá umræðuna inn í „karlaklefana“, sé brugðið á það ráð að nota myndlíkingu. Karllæg veröld er einn stór búningsklefi karla. Það brennur á Kimmel að upplýsa og ná til karla, enda hefur hann helgað sig málstaðnum algjörlega.

**Reiðu hvítu karlarnir**

Prófessorinn ferðast um allan heim og heldur erindi, meðal annars fyrir fyrirtæki sem hafa áhuga á að gera út um hinn alræmda kynbundna launamun. Af nægu er að taka og hann hefur sannarlega reynsluna, búinn að skrifa á annan tug bóka sem taka á karlmennsku og mikilvægi jafnréttis. Hann segir hugtakið oftar en ekki vaxa körlum í augum. Þeim finnist næstum eins og það komi þeim ekki við.

Síðast sendi hann frá sér bókina Angry White Men: American Masculinity at the End of an Era sem hlotið hefur verðskuldaða athygli. Hvítir karlar telja sig nefnilega eiga undir högg að sækja enda innrás pólitískt rétthugsandi kvenna blákaldur raunveruleiki. Starfsöryggi og status er ógnað. Kimmel er óhræddur við að beita kímnigáfunni og kaldhæðni. Þannig nær hann vel til áheyrenda sinna.

„Þegar konur fara að tala við karla um jafnréttið og femínismann verða þeir hræddir. Þeir verða hræddir um að þeir verði fyrir blammeringum um að þeir séu að gera allt kolvitlaust og þeir þurfi að breyta sér. Margir hugsa þetta svona: Þetta gengur vel fyrir mig, til hvers að breyta? Mörgum hverjum líður eins og þeir séu leiddir fram á bjargbrún þegar samræður um femínísk málefni hefjast og álíta aðeins tímaspursmál hvenær þeim verði sparkað fram af,“ útskýrir Kimmel kíminn og heldur áfram: „Konur hafa verið að valdefla sig með ýmsum hætti, með það fyrir augum að koma á jafnrétti. En einhvern veginn var sama púðrinu ekki eytt í að ræða við karlana. Sem eru jú helmingur mannkyns. Ég ætla mér ekki að vasast í hvernig konur ná til kvenna í þessum efnum, en ég er tilbúinn að tala við karlana og fá þá til að tala saman.“

**Þetta er ekki keppni**

Kimmel segir mikinn misskilning fólginn í að jafnréttisbaráttan sé stríð milli kynjanna. „Fólk á ekki að forðast jafnrétti eins og heitan eldinn. Jafnréttið er í þína þágu sem karlmaður. Þú munt hagnast á þessu. Þú verður heilbrigðari, hamingjusamari, vinnustaðurinn þinn verður öðruvísi, þú kemst í betra samband við börnin þín og ef þetta er ekki nóg, þá muntu líklega stunda meira kynlíf. Það er bara þannig. Því meira jafnrétti innan sambandsins, því meira kynlíf. Dæmið er frekar einfalt. Þegar fólk deilir heimilishaldi og barnauppeldi hefur mótspilarinn meiri tíma. Það kemur í veg fyrir kergju og reiði, sem skilar sér í margfölduðum lífsgæðum.“

Kynbundinn launamunur er staðreynd og þegar Kimmel er inntur eftir hvernig standi þá á því að jafnréttisbaráttan sé ekki lengra á veg komin en raun ber vitni svarar hann: „Ef við horfum til atvinnulífsins þá get ég sagt að um tíu prósent þeirra fyrirtækja sem ég vinn með vilja breytingu. Hin níutíu prósentin eru ekki endilega þar. Þá þarf ég að fá fólk til að átta sig á mikilvæginu. Staðan er yfirleitt þannig að allt þarf að snúast um að sýna hagnað. Forstjórar hafa áhyggjur af hagnaði hvers ársfjórðungs sem þýðir að þeir gefa sér ekki tímann sem þarf til. Það getur vissulega verið kostnaðarsamt en sé til lengri tíma litið borgar það sig á svo marga vegu.“

**Donald Trump heilkennið**

„Þrátt fyrir allt hafa ákveðnir hlutir þróast nokkuð hratt. Sé horft aftur um fjörutíu eða fimmtíu ár sést það vel. Karlar sátu einir að stjórnum fyrirtækja, lögfræðistofurnar voru fullar af körlum, læknastéttin var þéttsetin körlum, blaðamenn voru upp til hópa karlar og þar fram eftir götunum,“ bendir Kimmel á. Hann heldur áfram og grefur enn dýpra. „En til að útskýra það sem er undirliggjandi og enn í gangi er best að benda á að ákveðið eignarhald sem karlar hafa slegið á konur hefur þessi áhrif sem við finnum enn í dag. Körlum finnst þeir hafa til dæmis einhvern rétt á líkömum kvenna. Það skilar sér til að mynda í að þeim finnst aðkoma kvenna í karllægu störfin einfaldlega innrás. Þær mættar á vinnustaðinn og eru líka að mastera foreldrahlutverkið. Hver er þeirra sérstaða þá? Þeir upplifa að konur séu að taka störfin þeirra. Maður finnur reiðina. Sama reiðin finnst einmitt í því sem Donald Trump er að gera. Hann talar mikið um að taka landið sitt aftur og klappkórinn tekur undir. Þar fellur hann í nákvæmlega sömu eignarhaldsgryfjuna. Það er ekkert land merkt honum, ekki frekar en störf merkt körlum.“

> ÞAÐ FELI HINS VEGAR Í SÉR AÐ VERA STERKUR, HARÐUR AF SÉR, SÝNA ENGAR TILFINNINGAR, GRÁTA EKKI. FÁ SÉR AÐ RÍÐA, GRÆÐA PENINGA OG EKKERT HELVÍTIS VÆL.

**Að eiga kynlífið inni**

„Ég geri fastlega ráð fyrir að í stjórnarskrá Íslands sé ekkert sem segir að karlar eigi konur. En körlum finnst það samt með einhverjum hætti. Þetta kristallast til dæmis vel í þeim ríkjandi hugmyndum sem samfélag teiknar upp af konum, birtingarmyndum þeirra í sjónvarpi, auglýsingum og öðru slíku. Líkami þeirra er sífellt settur fram undir formerkjum þess að hann þjóni karlinum. Þetta sést líka vel í aðstæðum þar sem konur eru beittar ofbeldi, svo sem nauðgunum. Flestir kannast eflaust við að hafa heyrt eftirfarandi í kjölfarið: „Þú sást nú hvernig hún var klædd? Hún var mjög drukkin, sástu hvernig hún dansaði og daðraði?“ Allt eru þetta afsakanir sem koma til vegna þessa eignarhalds.“ Hann heldur áfram og bendir á að þeir sem nauðgi geri sér oftar en ekki grein fyrir yfirganginum. Þeir upplifi sem svo að þeir eigi inni hjá viðkomandi.

**Takið strax úr sambandi**

Í beinu framhaldi berst talið að útihátíðum hérlendis, en einhver vinsælasta ferðahelgi ársins nálgast nú óðfluga. Nauðganir hafa verið svartur blettur á hátíðarhöldunum og iðulega berast fréttir eftir helgina þess efnis að svo og svo mörg kynferðisbrot hafi verið framin. Samfélagið virðist gera hálfpartinn ráð fyrir því. Í fyrra tók lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum þann pól í hæðina að krefjast þagnar um kynferðisbrot. Sú ákvörðun var vægast sagt umdeild. Svo dæmi séu tekin mótmæltu bæði Kvenréttindafélag Íslands og Stígamót ákvörðun lögreglustjóra, án árangurs.

Spurður hvort slíkt endurspegli samfélag sem sé aftarlega á merinni í þessum efnum getur Kimmel ekki annað en jánkað því. „Slíkar aðgerðir lögreglu eru gott dæmi um hvernig konur eru metnar í samfélaginu. Að banna umfjöllun um nauðganir á svona hátíð er ákveðin meðvirkni með nauðgaranum. Ef við myndum til dæmis breyta þessu örlítið og setja morð í þessa jöfnu í stað nauðgunar, veltir maður fyrir sér hvort það yrði látið viðgangast. Yrðu slíkar upplýsingar geymdar fram yfir helgi svo stemningin fari ekki forgörðum? Aldrei nokkurn tíma. Allt yrði tekið úr sambandi á stundinni. Hvaða skilaboð er þá verið að senda fórnarlömbum nauðgara? Það er ekki verið að taka glæpinn alvarlega,“ segir hann og er ómyrkur í máli. Hann bætir sömuleiðis við að ef raunverulegur vilji væri fyrir því að koma í veg fyrir nauðganir væri það einfalt mál. Gestum yrði gert ljóst að hátíðin yrði blásin af ef svo mikið sem eitt atvik kæmi upp. „Skipuleggjendur verða að segja: Hlustið öll. Við viljum að allir njóti sín hér. En það er ekki hægt nema allir geti fundið til öryggis. Ef ekki, þá er þessi hátíð ekki í boði. Við tökum úr sambandi í miðju lagi ef svo ber við. Þetta er algjör klikkun, fólk hlýtur að vilja fá konur á hátíðina. Svona óöryggi fælir þær væntanlega frá.“

**Karlmennskuímyndin þung byrði**

Kimmel segir misjafnt hvað þurfi til að kveikja á perunni hjá körlum varðandi brýna nauðsyn breytinga. Karlar séu að sjálfsögðu ekki vondir eða grimmir í eðli sínu. Það sé fásinna að hugsa dæmið þannig. „Við erum mótuð af menningu okkar. Með því að stilla konum skörinni lægra mótum við framtíðina. Þegar karlar svo eignast dætur er oft eins og kvikni á perunni hjá mörgum. Þá sjá þeir hlutina í öðru ljósi og hugsa með sér að staðan sé ekki nógu góð. Sér í lagi þegar stúlkubarnið kemst á unglingsaldur,“ segir hann og skellir upp úr.

„Ég held ég sé að ná til karla. Ég notast mikið við „workshop“ þar sem ég spyr þá hvað felist í því að líta í spegilinn og segja sér að þar sé góður maður að horfa á móti. Þeir nefna þá undantekningarlaust að það sé fólgið í að vera heiðarlegur, ákveðinn, að gera það rétta, sýna ábyrgð, fórna sér, setja annarra manna þarfir umfram sínar eigin og hjálpa lítilmagnanum. Þessi skilaboð segjast þeir svo fá hvaðanæva að. Séu þeir hins vegar spurðir hvað það þýði að haga sér eins og maður (e. man the fuck up) kemur annað hljóð í strokkinn. Það feli hins vegar í sér að vera sterkur, harður af sér, sýna engar tilfinningar, gráta ekki. Fá sér að ríða, græða peninga og ekkert helvítis væl. Hvaðan skyldi það koma? Jú, það kemur frá pöbbum þeirra, bræðrum, vinum, þjálfurum. Ekki konum, mæðrum, dætrum eða systrum.“

Það hlýtur að vera þung og ósanngjörn byrði að dröslast endalaust með, kyns þíns vegna? „Algjörlega. Og ég held það sé ákveðið áfall sem drengir verða fyrir þegar þeir átta sig á þessu. Ég vil losa menn undan svona byrði og það gerum við með jafnrétti. Ég er ekki að reyna að breyta neinum, heldur fá menn til að tala saman og vera þeir sjálfir. Oft er óttinn við að skera sig úr og valda usla það sem heldur aftur af mönnum við að gera hið rétta. En séu menn með fleiri í kringum sig, eru miklu meiri líkur á að óréttlætið, á báða bóga, fái ekki að vaða uppi.“

# FÆÐUBÓTAREFNI Á GÓÐU VERÐI

**Sportlíf.is kynnir** Í versluninni Sportlíf.is í Glæsibæ er gott úrval af hágæða fæðubótarefnum á góðu verði. Starfsfólkið hefur mikla þekkingu og reynslu af fæðubótarefnum og aðstoðar fólk við að finna vörur sem hæfa hverjum og einum.

Sportlíf.is – fæðubótarefni á betra verði hefur verið í Glæsibæ í sjö ár eða síðan 2009. „Okkar markmið er að bjóða upp á fæðubótarefni á betra verði. Við erum með mjög gott úrval af vörum og veitum góða þjónustu. Starfsfólk okkar hefur víðtæka þekkingu og reynslu á sviði fæðubótarefna og leggur sig fram við að aðstoða viðskiptavini okkar og finna út hvaða vörur henta hverjum og einum best,“ segir Hallgrímur A. Ingvarsson einkaþjálfari og framkvæmdastjóri.

## MEÐ ÞEKKTUSTU MERKI HEIMS

Í Sportlíf.is – fæðubótarefni á betra verði er boðið upp á fæðubótarefni frá þekktustu merkjum heims. „Þar má helst nefna SciTec Nutrition sem er stærsti og einn flottasti framleiðandinn í Evrópu. Hann er meðal annars með 100% Whey Protein Professional próteinið sem við bjóðum upp á í átta ljúffengum bragðtegundum. Við erum alltaf að bæta við nýjum vörum og margar nýjar vörur væntanlegar frá SciTec Nutrition.“

Að sögn Hallgríms styrkir SciTec Nutrition marga íslenska íþróttamenn og má þar nefna Ragnheiði Söru Sigmundsdóttur og Björgvin Karl Guðmundsson sem bæði eru Evrópumeistarar í CrossFit. „Og auðvitað líka Margréti Gnarr sem er komin langlengst af öllum Íslendingum í fitness og keppir á Mr. Olympia í haust og hefur unnið atvinnumannakeppnir í módelfitness,“ segir Hallgrímur.

## GÆÐIN TRYGGÐ

SciTec eru stærstir og leiðandi á markaðnum í Evrópu og selja yfir fimmtán hundruð tonn af próteini árlega. Þeir bjóða upp á tvö hundruð vörutegundir í sjö hundruð mismunandi bragðtegundum og stærðum. SciTec Nutrition framleiðir sínar eigin vörur og eru þær allar GMP (good manufacturing practice) vottaðar, framleiddar með ISO 22000 og Certified Food Safety (HACCP) stimplunum. Vörurnar eru allar Doping Free að sögn Hallgríms og því geta allir íþróttamenn tekið vörurnar með fullri vissu um að þeir standist öll lyfjapróf. „SciTec tryggir gæðin. Þeir birta á heimasíðunni sinni niðurstöður úr rannsóknum á hverri einustu framleiðslulotu á próteinum sem þeir framleiða í eigin verksmiðju þar sem gengið er úr skugga um gæði og hreinleika á vörunum þeirra.“



Hallgrímur segir starfsfólk Sportlíf.is hafa víðtæka reynslu og þekkingu á fæðubótarefnum. MYND/HANNA

Nýjasta línan frá SciTec er PRO-LINE sem þeir allra bestu nota og var hún að koma í verslunina. „Þar ertu að fá hydrolized protein sem er klofið með vatnsrofi og þykir það allra besta og hreinasta á markaðnum,“ útskýrir Hallgrímur.

Í PRO-LINE línunni eru tvær aðrar vörur sem eru teknar inn fyrir æfingu. Önnur er SUPERHERO og hin INTRA EDGE.

SUPERHERO er nýtt byltingarkennt „preworkout“ frá SciTec Nutrition. SUPERHERO inniheldur efni sem engin önnur „preworkout“ innihalda þar á meðal SABEETTM sem er unnið úr rauðrófusafa ásamt L-citrulline sem eykur vöðvapump á æfingu (e. nitric oxide). „Þú hefur aldrei fundið annað eins vöðvapump á æfingu,“ segir Hallgrímur og brosir. „SUPERHERO inniheldur líka mörg önnur efni sem gott er að taka fyrir æfingu til að hámarka árangur og auka orku á æfingu. Þetta er eitt öflugasta „preworkout-ið“ á landinu.

> Okkar markmið er að bjóða upp á fæðubótarefni á betra verði.
>
> Hallgrímur Andri Ingvarsson

INTRA EDGE er koffínlaus vara og er líka tekin fyrir æfingu. „Varan inniheldur Cluster Dextrin sem eru sérstök kolvetni sem eru einkaleyfisskyld og meltast hratt og fara svo beint út í vöðvana. Þau gefa orkuinnspýtingu á æfingu og byggja upp vöðvamassa. INTRA EDGE inniheldur líka mikilvægan skammt af BCAA amínósýrunum sem eru þrjár mikilvægustu amínósýrurnar í vöðvauppbyggingu ásamt fleiri mikilvægum efnum sem flýta fyrir endurheimt og minnka harðsperrur. INTRA EDGE gefur súperpump og auka orku á æfingu,“ lýsir Hallgrímur.

„Von er á fullt af nýjum vörum frá SciTEc Nutrition og má þar nefna próteinbúðing og próteinís. Fylgist endilega með á Facebook-síðu okkar, facebook.com/sportlif eða inni á Sportlíf.is.“




**Notkunarsvið:** Mometason Evolan er ætlað til notkunar hjá fullorðnum, 18 ára og eldri, til meðferðar við einkennum árstíðabundinnar eða langvarandi bólgu í nefslímhúð. **Ekki má nota lyfið** ef til staðar er ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna eða ómeðhöndluð, staðbundin sýking í nefslímhúð. Ef viðkomandi hefur nýlega gengist undir nefaðgerð eða er með áverka í nefi. **Gæta skal sérstakrar varúðar** hjá einstaklingum með virka eða dulda berkla í öndunarfærum eða ómeðhöndlaðar sveppa-, bakteríu- eða altækar veirusýkingar og hjá ónæmisbældum einstaklingum. Lyfið inniheldur benzalkonklóríð. **Meðganga og brjóstagjöf:** Við meðgöngu, brjóstagjöf, grun um þungun eða ef þungun er fyrirhuguð skal leita ráða hjá lækninum eða lyfjafræðingi áður en lyfið er notað. **Skömmtun:** *Fullorðnir:* 2 úðaskammtar í hvora nös einu sinni á dag. Þegar stjórn hefur náðst á einkennum má minnka skammtinn í 1 úðaskammt í hvora nös einu sinni á dag. **Algengar aukaverkanir:** Höfuðverkur, hnerrar, blóðnasir, eymsli í nefi eða koki, sár í nefi, sýkingar í öndunarvegi. **Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir lyfinu.** SmPC: Mars 2016.

ALLTAF VIÐ HÖNDINA

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu




Þú færð appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum
App Store
Google Play
Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ
... allt sem þú þarft



Stolt amma og afi með dóttursyninum eftir góðan landsleik.

# BIRKIR ER ÁKAFLEGA MIKILL ÍSLENDINGUR

**Björg Dagbjartsdóttir** og **Halldór Gunnarsson** voru ásamt nokkur þúsund Íslendingum í Frakklandi á dögunum að fylgjast með íslenska karlalandsliðinu í knattspyrnu feta sín fyrstu skref á Evrópumeistaramóti en dóttursonur þeirra, Birkir Bjarnason, er einn liðsmanna.

„Við vorum harðákveðin í að fara á EM um leið og var ljóst að íslenska landsliðið yrði með því við erum farin að fullorðnast og hugsuðum með okkur að það væri ekkert víst að við fengjum annað tækifæri til að taka þátt í svona heimsviðburði. Og við sjáum svo sannarlega ekki eftir því,“ segir Björg, en þau hjónin dvöldu í viku í sumarhúsi skammt frá Marseille ásamt foreldrum Birkis, Höllu Kristjönu og Bjarna Sveinbjörnssyni, systkinum hans, Björgu og Kristófer Atla, og fleiri vinum og keyrðu á leikina í St. Etienne, Marseille og París. „Þegar við skipulögðum ferðina var upplagið þessir þrír leikir í riðlakeppninni og ég held að fæstir hafi þorað að reikna með einhverju meiru.“ Björg segir stemminguna á leikjunum hafa verið ólýsanlega. „Ég upplifði hana þannig að við íslensku áhorfendurnir værum ein heild, veggur sem stóð heilshugar á bak við liðið og þegar hvatningarópin hljómuðu og allir tóku þátt var það eins og höggbylgja, eins og ein sál væri að verki. Við upplifðum ekki nærri jafn sterka samstöðu hjá stuðningsmönnum annarra landa. Alltaf vorum við miklu færri en okkur fannst við samt sterkari.“ Hún segir að það hafi verið ólík stemming á fyrstu tveimur leikjunum. „Í fyrsta leiknum vissum við að á brattann væri að sækja og því var jafnteflið svo feikna mikið gleðiefni og við náttúrlega sérstaklega ánægð með mark Birkis. Í næsta leik var líka jafntefli og þá leið Íslendingum eins og þeir hefðu tapað. Þetta var svolítið sniðugt. Þetta voru tvö jafntefli og annar leikurinn var sigurleikur og hinn leikurinn var tapleikur vegna þess hvernig væntingarnar voru í lokin.“

Björg segir að Norðmenn hafi viljað eigna sér Birki með húð og hári enda hefur fjölskylda hans búið þar síðan hann var ellefu ára. „Þetta er skiljanlegt því Norðmenn áttu ekki lið í keppninni svo þá varð íslenska liðið og Birkir næsti kostur. Norðmenn tóku við fótboltauppeldi hans þar sem frá var horfið hér á Akureyri þegar fjölskyldan flutti. Við áttum þess kost að fara í viðtal við norsku fjölmiðlana til að leiðrétta þennan misskilning,“ segir Björg kankvíslega og bætir við: „Því Birkir er ákaflega mikill Íslendingur og þarf að koma hingað að minnsta kosti árlega og helst oftar.“

Fjölskylda Birkis á Íslandi er stór. Föðurfjölskyldan býr í Reykjavík en Björg og Halldór á Akureyri og flestir þeirra afkomendur en þau eiga fimm börn, nítján barnabörn og svo eru komin barnabarnabörn líka. „Litlu frændsystkinin elska Birki og stökkva á hann þegar hann kemur því hann er alltaf svo góður við þau og nennir að sinna þeim og leika við þau. Honum finnst afar notalegt að fara í sund og finnst við búa við mikinn lúxus hér á landi að geta skroppið í sund hvenær sem er.



Hér er Björg í viðtali í norska sjónvarpinu þar sem hún áréttar við norska fjölmiðlamenn að þrátt fyrir sterka tengingu við Noreg sé Birkir hennar samt Íslendingur í húð og hár.

Birkir á líka hest hjá okkur sem afi hans hugsar um fyrir hann svo þegar hann kemur hingað er hann mikið á hestbaki.“

Björg og Halldór hafa fylgst nokkuð með fótbolta gegnum árin. Mörg barnabarnanna hafa æft og spilað fótbolta og nú eru þau yngstu komin á fulla ferð. Björg systir Birkis spilaði um tíma með Klepp í úrvalsdeild norska kvennaboltans og Kristófer Atli, yngri bróðir þeirra Birkis, æfir líka og spilar í Noregi. „Ég fylgist líka svolítið með fótbolta í sjónvarpinu og ætla að fara að gera meira af því. Ég hef mínar skoðanir á því hvernig menn standa sig á vellinum þó þær séu kannski ekki sérlega faglega ígrundaðar.“

Hluti af stórfjölskyldunni mun horfa saman á leikinn á morgun en nokkrir verða í París. „Við verðum hérna heima hjá okkur, borðum saman og sitjum svo yfir leiknum og nögum neglurnar og stökkvum upp úr stólunum þegar mikið liggur við. Ég efast ekki um að það verður mikil stemming hjá okkur,“ segir Björg að lokum.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson |** Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 **|** Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

ÚTSALAN ER HAFIN! 30-50% AFSLÁTTUR !

Falleg föt í góðum stærðum




SKOÐAÐU ÚRVALIÐ EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun okkar að Fákafeni 9
Alla virka daga frá kl.11-18
Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!

Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK
Sími 581-1552 | www.curvy.is




Það er Íslendingum eðlislægt að láta ekki hindranir aftra sér frá því að láta drauma sína rætast. Hugmyndaauðgi, vinnusemi og fórnfýsi eru innbyggð í þjóðarsálina og hluti ástæðunnar fyrir árangri Íslendinga. Fyrir ekki löngu síðan hefðu menn hlegið að hugmyndinni að Ísland næði svona langt í knattspyrnu. Það hlær enginn núna og þetta kemur okkur ekki á óvart því við vitum að allt er mögulegt. **Áfram Ísland!**

Opin Kerfi
*– allt er mögulegt*

Opin Kerfi // Höfðabakka 9 // 110 Reykjavík // 570 1000 // ok.is




Bílarnir sem verða til sýnis eru frá mismunandi tímum, þeir yngstu að lágmarki 25 ára.



Bílalest Fornbílaklúbbsins hefur verið mjög vinsæl.

# FJÖR OG FORNIR BÍLAR Í ÁRBÆ

**Fornbílaklúbbur Íslands** sýnir ýmsa merka bíla í eigu félagsmanna á Árbæjarsafni á morgun og munu þeir spjalla við gesti um bílana. Auk bílanna fornu má skoða þar leikfangasýningu, gæða sér á lummum og klappa húsdýrum.

Hin árvissa og vinsæla fornbílasýning verður á Árbæjarsafni á morgun. Þá koma meðlimir í Fornbílaklúbbi Íslands með sína merku bíla og sýna þá á safnsvæðinu. „Þetta hefur verið árlegur viðburður í mjög langan tíma hjá okkur. Meðlimir klúbbsins mæta á svæðið og verða margir hverjir búnir að klæða sig upp í stíl við bílana sína. Bílarnir eru frá mismunandi tímum, þeir elstu orðnir fjörgamlir og þeir yngstu að lágmarki 25 ára. Bílaeigendurnir eru reiðubúnir að spjalla við gesti og gangandi um bílana sína sem verður lagt um allt svæðið, um tuttugu til þrjátíu talsins,“ segir Sigurlaugur Ingólfsson, verkefnastjóri Árbæjarsafns.

Fornbíladagurinn hefur verið afar vel sóttur í gegnum árin og segir Sigurlaugur hann vera með fjölmennustu og vinsælustu dögunum á safninu. „Við búumst við fjölmenni og þá sérstaklega ef veður verður gott. Mætingin fer alltaf svolítið eftir því en við höfum oft verið mjög heppin með veður á þessum degi. Það eru alltaf sömu fastakúnnarnir sem sækja það stíft að mæta á Fornbíladaginn. Dagurinn er alltaf haldinn fyrsta sunnudaginn í júlí og hefur alltaf verið vinsæll. Allt frá því ég man eftir mér hér og ég er búinn að vera á Árbæjarsafninu í tíu ár ef það er einhver mælikvarði,“ segir hann og hlær. Sigurlaugur nefnir líka að bílarnir séu að koma á svæðið frá því um morguninn en að flestir bílarnir verði á milli eitt og fimm. Safnið verður opið á morgun á milli klukkan tíu og fimm en sýning Fornbílaklúbbsins hefst formlega klukkan eitt. Heitt verður á könnunni í Dillonshúsi og boðið upp á þjóðlegar og heimilislegar veitingar.

Heimsókn á Árbæjarsafn gefur fólki kost á að upplifa ferðalag aftur í tímann. Starfsfólk klæðist fatnaði eins og tíðkaðist á nítjándu öld og húsfreyjan í Árbæ býður upp á nýbakaðar lummur og á baðstofuloftinu verður tóskapur til sýnis. Árbær var rótgróin bújörð allt fram á tuttugustu öld, en safnið var opnað þar árið 1957. Árbæjarsafn er útisafn og auk Árbæjar eru þar yfir tuttugu hús, sem mynda torg, þorp og sveit. Allir eiga að finna eitthvað við sitt hæfi á safninu. „Lummubaksturinn og tóskapurinn eru fastir liðir eins og venjulega hjá okkur. Fyrir börnin er svo sérstök sýning sem heitir Komdu að leika og eins og nafnið ber með sér þá er það gagnvirk leikfangasýning, það er börnin geta leikið með leikföngin á sýningunni. Sú sýning er mjög vinsæl. Svo eru auðvitað dýr á svæðinu, kindur, hænur og hestar sem krakkar hafa auðvitað alltaf mjög gaman af,“ útskýrir Sigurlaugur.



Meðlimir Fornbílaklúbbsins verða á Árbæjarsafni og spjalla við gesti um bílana sína. MYNDIR FRÁ ÁRBÆJARSAFNI

# BÆJARHÁTÍÐIR ERU FYRIR ALLA

**Páll Óskar Hjálmtýsson** hefur komið fram á flestum bæjarhátíðum og sumum oftar en einu sinni eða tvisvar. Í sumar verður hann á ferð og flugi að vanda en hlakkar mest til Eistnaflugs þar sem hann spilar fyrir fullan sal af þungarokkurum.

„Bæjarhátíðir hafa tekið við af sveitaböllum og mér líkar sú þróun alveg gríðarlega vel. Vinsælar hljómsveitir gætu reyndar talið í gott sveitaball ef þær vildu, það er til gnægð fallegra félagsheimila út um allt land til að gera gott gigg. En því fylgir tilkostnaður sem er ekki á allra færi og áhættan gæti verið of mikil fyrir einn listamann eða hljómsveit.

Á bæjarhátíðunum er búið að leggja til grunninn að góðu giggi – ljós- og hljóðbúnað. Ég man að fyrir sirka 20 árum síðan vorum við Milljónamæringarnir stundum að spila í gegnum hljóðkerfi sem voru frekar bagaleg. Í dag er svo mikil samkeppni á hljóðkerfismarkaðnum að hljóð og ljós eru oftast nær í hæsta gæðaflokki. Fleiri en einn listamaður spila á hverri bæjarhátíð, sem skapar tækifæri fyrir fleiri að koma sér á framfæri. Stundum eru listamennirnir svo margir að þetta mega með réttu kallast hreinræktaðar tónlistarhátíðir, þar sem jafnvel er tekinn fókus á ákveðnar tónlistarstefnur, eins og raftónlist eða þungarokk.

Ólíkt sveitaböllunum þá gera flestar bæjarhátíðir líka ráð fyrir börnum og fjölskyldufólki. Ég er oftast nær að taka barnaskemmtun um daginn og svo brjálað fullorðinsball um kvöldið og nóttina. Ég held að ég sé búinn að koma fram á næstum öllum bæjarhátíðunum – sumum oftar en einu sinni eða tvisvar. Ég á samt eftir að klára hringinn. Ég hef til dæmis aldrei verið á Mýrarboltanum á Ísafirði, en fæ að prófa það um verslunarmannahelgina.

Í sumar mun ég massa Humarhátíðina á Höfn í Hornafirði, Lopapeysuna á Akranesi, Túnið heima í Mosó, Danska daga í Stykkishólmi, Ljósanótt í Keflavík og Eina með öllu á Akureyri. Mesta áskorun lífs míns verður svo að spila diskópoppið mitt fyrir fullum sal af þungarokkurum á Eistnaflugi í Neskaupstað. Ég verð síðastur á svið laugardaginn 9. júlí og HAM mun hita upp fyrir mig. Mig grunar samt að þungarokkarar séu ekkert ósvipaðir sjálfum mér, tónlistarunnendur fyrst og fremst og með risastór hjörtu úr skíra gulli. Mig grunar að giggið endi þannig að þungarokkararnir éti úr lófanum á mér.“



Páll Óskar Hjálmtýsson kemur fram á fjölmörgum bæjarhátíðum í sumar. Hér tekur hann lagið á Aldrei fór ég suður um páskana. MYND/SNÆRÓS SINDRADÓTTIR

jonogoskar.is

# Lagerhreinsun

## 30. júní–9. júlí




50–70% afsláttur

**50–70%** afsláttur af völdum úrum
**50%** afsláttur af völdu skarti

Armani, Michael Kors, Skagen, Jacob Jensen, DKNY,
Diesel, Adidas, Fossil, Casio, Delma og Maurice Lacroix

Laugavegur 61 | Kringlan | Smáralind | Sími 552 4910

JÓN & ÓSKAR

PIPAR\TBWA • SÍA




MYND/FREYJA GYLFADÓTTIR

# HÁTÍÐIR VÍTT OG BREITT UM LAND

Flóran í bæjarhátíðum á Íslandi er engu lík. Um hverja einustu helgi í sumar er hægt að finna eitthvað skemmtilegt að gera í öllum fjórðungum landsins. Hér má sjá lista og kort yfir helstu viðburði og hátíðir sem haldnar verða í sumar.

1 27. JÚNÍ – 3. JÚLÍ **Landsmót hestmanna á Hólum í Hjaltadal**

2 30. JÚNÍ – 3. JÚLÍ **Goslokahátíð í Vestmannaeyjum**

3 1. – 3. JÚLÍ **Bryggjuhátíð á Reyðarfirði**

4 1. – 3. JÚLÍ **Dýrafjarðardagar á Þingeyri**

5 1. – 3. JÚLÍ **Hamingjudagar á Hólmavík**

6 3. JÚLÍ **Hernámsdagurinn á Reyðarfirði**

7 6. – 9. JÚLÍ **Eistnaflug í Neskaupstað**

8 6. – 10. JÚLÍ **Þjóðlagahátíð á Siglufirði**

9 7. – 10. JÚLÍ **Barokkhátíð á Hólum**

10 7. – 10. JÚLÍ **Írskir dagar á Akranesi**

11 7. – 10. JÚLÍ **Sæludagar á Suðureyri**

12 8. – 10. JÚLÍ **Bryggjuhátíð á Stokkseyri**

13 8. – 10. JÚLÍ **Fjölskylduhátíðin í Hrísey**

14 14. – 17. JÚLÍ **Húnavaka á Blönduósi**

15 15. – 17. JÚLÍ **Miðaldardagar á Gásum í Eyjafirði**

16 20. – 24. JÚLÍ **Eldur í Húnaþingi, Hvammstanga**

17 21. – 24. JÚLÍ **Franskir dagar á Fáskrúðsfirði**

18 21. – 24. JÚLÍ **Reykhóladagar í Reykhólahreppi**

19 23. JÚLÍ **Bræðslan á Borgarfirði eystri**

20 21. – 22. JÚLÍ **Mærudagar á Húsavík**

21 28. – 31. JÚLÍ **Neistaflug í Neskaupstað**

22 29. JÚLÍ – 1. ÁGÚST **Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum**

23 29. JÚLÍ – 1. ÁGÚST. **Síldarævintýrið á Siglufirði**

24 4. – 7. ÁGÚST **Act Alone einleikjahátíð á Suðureyri**

25 4. – 7. ÁGÚST **Handverkshátíðin í Eyjafjarðarsveit, Hrafnagili**

26 4. – 7. ÁGÚST **Sumar á Selfossi**

27 11. – 13. ÁGÚST **Gæran á Sauðárkróki**

28 11. – 14. ÁGÚST **Fjölskyldudagar í Vogum**

29 12. – 14. ÁGÚST **Blómstrandi dagar í Hveragerði**

30 12. – 14. ÁGÚST **Hólahátíð á Hólum**

31 12. – 20. ÁGÚST **Ormsteiti á Fljótsdalshéraði, Egilsstöðum**

32 13. ÁGÚST **Fiskidagurinn mikli á Dalvík**

33 13. ÁGÚST **Gleðiganga hinsegin daga, Reykjavík**

34 13. – 14. ÁGÚST **Töðugjöld á Hellu**

35 18. – 21. ÁGÚST **Berjadagar í Ólafsfirði**

36 19. – 23. ÁGÚST **Barnamenningarhátíð í Reykjavík**

37 21. ÁGÚST **Menningarnótt í Reykjavík**

38 24. – 28. ÁGÚST **Reykjavík Dance Festival, Reykjavík**

39 24. – 28. ÁGÚST **Lókal, alþjóðleg leiklistarhátíð, Reykjavík**

40 24. – 28. ÁGÚST **Sandgerðisdagar**

41 26. – 27. ÁGÚST **Akureyrarvaka**

42 26. – 27. ÁGÚST **Kjötsúpuhátíð á Hvolsvelli**

43 26. – 28. ÁGÚST **Í túninu heima, Mosfellsbæ**

## Íþróttakennara vantar á Vopnafjörð

VOPNAFJARÐAR HREPPUR

Vopnafjarðarskóli auglýsir eftir íþróttakennara fyrir næsta skólaár. Skólinn er heilsueflandi grunnskóli og er með fleiri íþróttatíma en ætlast er til. Við skólann er ágætt íþróttahús með heilsurækt. Einherji, íþróttafélag, heldur uppi öflugu íþróttastarfi í byggðarlaginu og góðir möguleikar eru á íþrótta- og einkaþjálfun samhliða íþróttakennslunni Flutningsstyrkur og húsnæðishlunnindi eru í boði.

Upplýsingar hjá skólastjóra í síma 8614256, adalbjorn@vopnaskoli.is og aðstoðarskólastjóri í síma 8489768, sirra@vopnaskoli.is

*Vopnafjarðarhreppur*

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

**Menntasvið**
- Kvenkyns baðvörður í sundlaug Kópavogs
- Karlkyns starfsmaður í sundlaug Kópavogs

**Leikskólar**
- Deildarstjóri í leikskólann Núp
- Deildarstjóri í leikskólann Kópahvol
- Aðstoðarmatráður í leikskólann Urðarhól
- Leikskólakennari í leikskólann Urðarhól
- Leikskólakennari í leikskólann Marbakka
- Leikskólakennari í leikskólann Efstahjalla
- Leikskólakennari í leikskólann Dal

**Grunnskólar**
- Forstöðumaður dægradvalar í Hörðuvallaskóla
- Deildarstjóri í Kópavogsskóla
- Matreiðslumaður í Vatnsendaskóla
- Umsjónarkennari í Álfhólsskóla
- Stærðfræðikennari í Salaskóla

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.

Kópavogsbær
kopavogur.is

LANDSPÍTALI

## LANDSPÍTALI ... VILTU KOMA Í LIÐIÐ?

**Hjartagátt**

### HJÚKRUNARFRÆÐINGAR

*Landspítali vill ráða öfluga hjúkrunarfræðinga sem hafa áhuga á og vilja vinna við bráðahjúkrun, aðallega hjartasjúklinga. Um er að ræða afar áhugaverðan og spennandi starfsvettvang með þverfaglegri nálgun á greiningu, meðferð og umönnun sjúklinga með bráða hjartasjúkdóma.*

*Á hjartagátt starfa um 50 manns, þar er veitt bráðaþjónusta við hjartasjúklinga auk fjölbreyttrar dag- og göngudeildarþjónustu. Að auki er veitt þjónusta við aðra sjúklingahópa eftir þörfum. Gott tækifæri gefst til að öðlast mikla reynslu og þekkingu á hjartasjúkdómum. Mikil og náin samvinna er við hjartadeild og hjartaþræðingadeild. Möguleikar eru á þróun í starfi, ekki síst í formi spennandi fræðslu, námskeiða og ráðstefna. Einnig er fagráð hjartahjúkrunar mjög öflugt. Deildin er sólarhringsdeild sem er opin alla daga vikunnar.*

**Fasteignadeild**

### VERKFRÆÐINGUR/ TÆKNIFRÆÐINGUR

*Landspítali sækist eftir öflugum verkfræðingi/ tæknifræðingi í fullt starf verkefnastjóra á fasteignadeild rekstrarsviðs. Um er að ræða krefjandi starf í fjölbreyttu og spennandi starfsumhverfi við rekstur núverandi bygginga og undirbúning nýrra bygginga á Hringbrautarlóð. Þátttaka í stöðugum umbótum (Lean) á Landspítala.*

*Fasteignadeild telur um 60 starfsmenn sem sjá um rekstur fasteigna og lóða Landspítala og annast breytingar og viðhald á húseignum og húskerfum Landspítala. Einnig er þar unnið að skipulagi húsnæðis spítalans, uppsetningu nýrra tækja og breytingum á húsnæði í takt við þróun starfsemi spítalans.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA; WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS**

*Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heil- brigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.*

## RÁÐGJÖF
- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

## RÁÐNINGAR
- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

## RANNSÓKNIR
- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

# Fiskeldisfræðingur
## vaktavinna- framtíðarstarf

SAMHERJI
ICE FRESH SEAFOOD

Íslandsbleikja auglýsir eftir fiskeldisfræðingi eða einstaklingi með sambærilega menntun og/eða reynslu til starfa í landeldisstöðvum félagsins á Suðurnesjum.

- Viðkomandi þarf að hafa metnað fyrir framleiðslu hágæða matvæla
- Brennandi áhuga á að ná stöðugum langtíma umbótum
- Starfið felst í eftirliti, umhirðu, mælingum og skráningum í landeldisstöðvum félagsins á Suðurnesjum
- Menntun á sviði fiskeldisfræði er kostur
- Tölvukunnátta er skilyrði

Mikið þróunarstarf í bleikjueldi er unnið hjá Íslandsbleikju og  þar eru möguleikar fyrir áhugasama að hafa áhrif á þróun bleikjueldis til langs tíma. Nú standa yfir stækkunarframkvæmdir í tveimur eldisstöðvum félagsins sem munu skila umtalsverði aukningu á framleiðslu á næstu árum.

Vinsamlega skilið skriflegum umsóknum til Önnu Maríu Kristinsdóttur Starfsmannastjóra Samherja hf Glerárgötu 30, 600 Akureyri eða með tölvupósti á netfangið anna@samherji.is

Nánari upplýsingar á www.samherji.is

Samherji er eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki Evrópu, með víðtæka starfsemi víðsvegar um heim.  Samherji hefur á að skipa hæfu og framtakssömu starfsfólki og stjórnendum, öflugum skipaflota, miklum aflaheimildum og fullkomnum verksmiðjum í landi.

Íslandsbleikja er dótturfyrirtæki Samherja og er fiskeldisfyrirtæki sem rekur fimm eldisstöðvar tvær  á Suðurnesjum og tvær í Ölfusi og eina í Öxarfirði.  Að auki rekur félagið fullkomið sláturhús og fiskvinnslu í Grindavík.  Íslandsbleikja er sérhæfð í landeldi og vinnslu á bleikju.  Félagið er stærsti bleikjuframleiðandi í heimi og selur afurðir sínar ferskar og frosnar til kröfuhörðustu stórmarkaða og veitingahúsa.  Gæði og áreiðanleiki eldisferils Íslandsbleikju er vottaður af óháðum aðila, IMO frá Sviss.



# Ert þú markaðs-sérfræðingur?

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi með fjölbreytta reynslu af markaðsmálum, og þá sérstaklega viðburðastjórnun og textagerð, til að ganga til liðs við markaðsdeild Advania. Okkur vantar hressan og öflugan liðsfélaga sem tæklar málin hratt og örugglega með frumkvæði og metnað að leiðarljósi.

Markaðsdeild Advania fæst við allskonar verkefni. Við veitum tekjusviðum Advania markaðsráðgjöf, sjáum um textasmíði sem og gerð auglýsinga- og kynningarefnis fyrir allar mögulegar gerðir miðla. Við sinnum viðburðastjórnun, vefmálum, ráðstefnuhaldi, samskiptum við auglýsingastofur og fjölmiðla, og svo græjum við auðvitað allt milli himins og jarðar sem dettur inn á borð til okkar.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun, t.d. í markaðs- eða viðskiptafræði
- Reynsla af viðburðastjórnun
- Reynsla af markaðsstörfum
- Góð ritfærni. Helst reynsla af greinaskrifum
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

Tekið er á móti umsóknum á **www.advania.is/atvinna**
Frekari upplýsingar veitir Sigrún Ósk Jakobsdóttir,
**radningar@advania.is**, 440 9000.

**Umsóknarfrestur er til og með 24. júlí 2016.**

Markaðsdeildin heyrir undir sölu- og markaðssvið Advania en á sviðinu starfa rúmlega 50 starfsmenn. Advania er alhliða þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni og svara lausnir fyrirtækisins þörfum tugþúsunda viðskiptavina í atvinnulífinu. Advania er fjölskylduvænn vinnustaður og er vinnutíminn sveigjanlegur. Virk jafnréttis- og samgöngustefna er hjá fyrirtækinu. Við viljum nefnilega vera besti vinnustaður landsins!

Guðrúnartún 10 | 105 Reykjavík | Sími 440 9000 | advania@advania.is | www.advania.is

advania
Welcome to IT

## Fjallsárlón ehf. óskar eftir starfsfólki

Siglt er með ferðamenn um Fjallsárlón í Öræfum. Siglarar og fólk í afgreiðslustörf óskast. Þarf að geta hafið störf sem fyrst og út september. Gisting í boði. Umsókn skal send á info@fjallsarlon.is. 6668006.

## Hárgreiðslumeistari

**á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir stólaleigu eða hárgreiðslustofu til sölu í góðum rekstri.**
**Allar nánari upplýsingar sendist á:**
**box@frett.is merkt: "hárgreiðsla" 100% trúnaður.**




# SPROTAFYRIRTÆKI Á UPPLEIÐ

Activity Stream er sprotafyrirtæki sem þróar og selur rekstrargreindarhugbúnað (Operational Intelligence) sem gerir meðalstórum og stórum fyrirtækjum mögulegt að nýta gervigreind til að bæta daglegan rekstur og þjónustu.

Activity Stream er kröftugt og vel fjármagnað fyrirtæki sem hefur nú þegar stærri viðskiptavini beggja vegna Atlantshafs og er í örum vexti.

### MARKAÐSSTJÓRI

Erum að leita að einstaklingi sem hefur brennandi áhuga, þekkingu og reynslu af markaðs-, vörumerkja og kynningarmálum fyrir skýjalausnir (SaaS), elskar tækni, mælanlegan árangur og talar og skrifar frábæra ensku. Þú lætur verkin tala og átt auðvelt með að framkvæma. Þú tilheyrir stjórnendateymi Activity Stream og gegnir lykilhlutverki í áframhaldandi velgengni okkar.

### VERKEFNASTJÓRI

Verkefnisstjóri stýrir bæði innri og ytri verkefnum fyrirtækisins. Innri verkefni geta snúið að hugbúnaðar- og vöruþróun, samskiptum, vefmálum, umsóknum, o.s.frv. á meðan ytri verkefni snúa sér í lagi að innleiðingu nýrra viðskiptavina og sérverkefna ásamt samþættingarverkefnum. Starfið er bæði fjölbreytt og krefjandi og hluti þess fer fram á ensku við erlenda aðila.

### AÐSTOÐARMAÐUR FRAMKVÆMDASTJÓRA

Þú verður hægri hönd framkvæmdastjóra og aðstoðar við málefni sem snúa að rekstri, fjármálum, hluthöfum, starfsfólki, skipulagi, viðskiptavinum, samstarfsaðilum, o.s.frv. Þú situr stjórnarfundi, stjórnendafundi og færð einstakt tækifæri til að taka virkan þátt í uppbyggingu alþjóðlegs sprotafyrirtækis í örum vexti.

### VIÐMÓTSFORRITARI

Þú ert metnaðarfullur og áhugasamur viðmótsforritari, með gott auga fyrir UX, sem vilt starfa með einvala hópi sérfræðinga við það að móta framtíðina. Þú hefur góða almenna þekkingu á Javascript, HTML og CSS og kostur væri ef þú hefðir einnig þekkingu á snjöllum veflausnum, sem njóta sín jafnt á stórum og smáum skjám.

### KERFISFORRITARI

Góð almenn þekking á Java (8) er nauðsynleg en þekking á vinnslu með strauma, biðraðir og dreifða vinnslu er kostur.

**Umsókn ásamt ferilsskrá sendist á jobs@activitystream.com fyrir 11. júlí næstkomandi. Nánari upplýsingar veitir Einar Sævarsson í gegnum tölvupóst einar@activitystream.com eða síma 842-6161.**

Spennandi starf

# Verkefnastjóri

GEYSIR

Geysir Shops ehf. og Arctic Shopping ehf. auglýsa eftir úrræðagóðum verkefnastjóra í framleiðsludeild. Félögin eiga og reka 10 verslanir í Reykjavík, Haukadal og Akureyri.

Umsóknarfrestur
**9. júlí**

Upplýsingar og umsókn
**capacent.is/s/3168**

Starfssvið
- Umsjón með framleiðslu, pöntunum og verðútreikningum.
- Samskipti við birgja
- Áætlanagerð og eftirfylgni
- Umsjón með birgðarhaldi
- Skipulagning verkefna
- Verkefnavinna í Navision og Excel

Hæfniskröfur
- Menntun í viðskiptafræði eða sambærilegu námi
- Reynsla af verkefnastjórnun er skilyrði
- Hæfni til að skilja rekstur og metnaður til að ná árangri
- Greiningarhæfni og færni í notkun á Excel
- Ögun í vinnubrögðum og skipulagsfærni
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta skilyrði
- Þekking á Illustrator kostur

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Geysir framleiðir gæða fatnað víðsvegar um heiminn frá starfsstöð sinni í miðborg Reykjavíkur.

*Capacent — leiðir til árangurs*

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið
— erum við með réttu manneskjuna

capacent

www.capacent.is

Moberg group

## MÓBERG LEITAR AÐ SÉRFRÆÐING Í ÁHÆTTUSTÝRINGU OG GREININGU

Móberg var stofnað árið 2012 og í dag starfa hjá fyrirtækinu rúmlega 60 einstaklingar með sérhæfða en mismunandi þekkingu á fjölmörgum sviðum eins og nýsköpun, viðskiptaþróun, tækni og hugbúnaðarþróun, fjármálum, lögræði og markaðssetningu.

Við einsetjum okkur að þróa fjármálatæknilausnir, sem hreyfa við markaðnum og skapa ávinning fyrir notendur. Okkar sýn er að innan 5 ára þá verðum við eitt af leiðandi fjármálatækni fyrirtækjum í Evrópu.

Við leitum að öflugum starfsmanni í að leiða áhættustýringu- og greiningarvinnu hjá Móberg sem verður lykilaðili í að auka virði gagna okkar. Um er að ræða nýtt svið innan fyrirtækisins og mun viðkomandi aðili hafa mikil áhrif á hvernig það þróast.

### Helstu verkefni eru

- Auka verðmæti gagna félagsins m.a. með því að þróa virðisaukandi skýrslur og vörur
- Vinna náið með viðskiptastýringu um ráðgjöf til viðskiptavina félagsins tengt notkun á vörum þess
- Gerð skýrslna, hvort sem er til innanhússnota eða til viðskiptavina
- Önnur verkefni sem tengjast nýtingu og úrvinnslu á gögnum félagsins og þróun vara tengdum þeim

### Þekking

- Hugbúnaður: Microsoft Office og SQL. Þekking á R eða öðrum tölfræðihugbúnaði og Business Objects kostur
- Sérhæfing: fjármál fyrirtækja, greining ársreikninga, áhættustýring og útlánaeftirlit

### Menntun

- Meistaragráða í fagi sem nýtist í starfinu, svo sem hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði eða stærðfræði
- A.m.k. þriggja ára reynsla úr fjármálageiranum.
- Reynsla af innheimtu, áhættustýringu, greiningarvinnu eða af fjármálasviði er kostur

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Skorri Rafn Rafnsson** forstjóri Móbergs, **skorri@moberg.is**

VERGO Netgíró Aktiva

# ÞÚ ERT ÖFLUGUR BIFVÉLAVIRKI

- og vilt vinna á nýjum, framúrskarandi vinnustað

Við leitum að öflugum bifvélavirkja/vélvirkja í okkar sterka teymi. Við byggjum nýtt og sérstaklega vel tækjum búið verkstæði að Hádegismóum 8 sem verður tilbúið haustið 2017. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið - því viljum við þig í hópinn núna. SÆKTU UM Í DAG!

**Í starfinu felst** vinna við bilanagreiningu og viðgerðir á vörubílum og rútum ásamt þátttöku í þjálfun og símenntun.

**Hæfniskröfur:**
- Réttindi í bifvélavirkjun/vélvirkjun eða reynsla í vörubílaviðgerðum.
- Gilt bílpróf, meirapróf æskilegt
- Góð þjónustulund og vilji til að vera hluti af góðri liðsheild

**Kynntu þér starfið** nánar og sæktu um á **www.brimborg.is**.

Þú færð allar upplýsingar hjá Jóhanni Rúnari, þjónustustjóra, í síma 515 7072. Hringdu núna!

**Umsóknarfrestur er til 6. september 2016**

Volvo atvinnutæki | Brimborg • Bíldshöfða 6 • Sími 515 7070 • brimborg.is

---

Schindler

# Rafvirki eða vélvirki

**Héðinn Schindler lyftur ehf. óskar eftir rafvirkja eða vélvirkja**

**Starfssvið:**
Eftirlit, viðgerðir og uppsetningu á lyftum og rennistigum. Einnig önnur tilfallandi verkefni.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
Sveinspróf í rafvirkjun eða vélvirkjun er skilyrði. Tölvukunnátta, nákvæm og skipulögð vinnubrögð. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfsstætt, hafa góða þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist á schindler@schindler.is.**

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða skólastjóra við sameinaðan leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla á Kjalarnesi

**Laus er til umsóknar staða skólastjóra við sameinaðan leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla á Kjalarnesi.**

Auglýst er eftir skólastjóra við sameinaðan leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla á Kjalarnesi sem er að hefja starfsemi 1. ágúst nk. eftir sameiningu leikskólans Bergs og Klébergsskóla. Í nýjum skóla sameinast undir eina stjórn leikskóli, grunnskóli, frístundaheimili, félagsmiðstöð, tónlistarskóli og íþróttamiðstöð á Kjalarnesi. Klébergsskóli er elsti starfandi grunnskólinn í Reykjavík en hann var stofnaður árið 1929. Á Kjalarnesi eru nú um 130 nemendur á grunnskólastigi í 1. – 10. bekk og um 35 börn á leikskólastigi í tveimur aldursskiptum deildum. Starfsmenn í sameinuðum skóla verða rúmlega 50. Leikskólinn Berg og Klébergsskóli hafa báðir hlotið Grænfánann og hefur verið áhersla á að nota þá auðlind sem umhverfi skólanna býður upp á. Í Klébergsskóla er hefð fyrir samkennslu árganga. Frístundaheimilið Kátakot, félagsmiðstöðin Flógyn, tónlistarskólinn og íþróttamiðstöðin á Klébergi hafa verið undir stjórn skólastjóra Klébergsskóla.

Leitað er að einstaklingi sem hefur kunnáttu og færni til að leiða faglegt starf við sameinaðan skóla, býr yfir leiðtogahæfileikum, hefur góða og víðtæka þekkingu á skólastarfi á báðum skólastigum og á tónlist, íþrótta- og tómstundafræðum ásamt því að hafa metnaðarfulla sýn um samþætt skóla- og frístundastarf fyrir börn og ungmenni.

Meginhlutverk skólastjóra er að:
- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá leikskóla, grunnskóla og tónlistarskóla, skólastefnu Reykjavíkurborgar og starfsskrá frístundasmiðstöðva.
- Bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans, frístundastarfs og íþróttamiðstöðvar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Leyfisbréf til kennslu á leik- og/eða grunnskólastigi.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskóla- og/eða grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða og leiða framsækið samþætt skóla-, tónlistar- og frístundastarf.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Óskað er eftir því að með umsókninni fylgi greinargerð í stuttu máli með hugmyndum um útfærslu á samþættingu skóla- og frístundastarfs í ljósi áherslna Reykjavíkurborgar um að sameinað verði í einni stofnun leikskóli, grunnskóli og frístundastarf ásamt tónlistarskóla og rekstri íþróttamiðstöðvar á staðnum. Jafnframt er óskað eftir því að gerð verði grein fyrir hugmyndum um samvinnu innan skólans, við foreldra og grenndarsamfélagið. Auk þess fylgi umsókn yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til kennslu á leik- og /eða grunnskólastigi, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

**Æskilegt er að skólastjóri getið hafið störf sem fyrst og eigi síðar en 1. sept. nk.**
**Umsóknarfrestur er til og með 25. júlí 2016**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, **www.reykjavik.is/storf.** Nánari upplýsingar veita Guðlaug Sturlaugsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu og Valgerður Janusdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111.
**Netföng: gudlaug.sturlaugsdottir@reykjavik.is / valgerdur.janusdottir@reykjavik.is**

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

RML
RÁÐGJAFARMIÐSTÖÐ LANDBÚNAÐARINS

# Ráðgjafi á rekstrarsviði

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins auglýsir eftir starfsmanni í rekstrarráðgjöf.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Starf í ráðgjafateymi RML sem sinnir rekstrarráðgjöf í landbúnaði.
- Vinna við rekstrar- og fjármögnunaráætlanir fyrir bændur.
- Vinna við rekstrargreiningar í búrekstri.
- Þróun og sala á ráðgjöf á landsvísu í samstarfi við aðra starfsmenn RML.
- Önnur verkefni s.s. vinna við gerð og þróun líkana í excel, þátttaka í nýsköpunarverkefnum og samskipti við fjármálastofnanir.

**Menntunar og hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Góð kunnátta á excel er nauðsyn.
- Þekking á dk-Búbót bókhaldskerfinu eða sambærilegu kerfi er kostur.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð skilyrði.
- Geta til að vinna undir álagi.
- Góðir samskiptahæfileikar.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er ráðgjafarfyrirtæki í eigu bænda sem sinnir landbúnaðarráðgjöf um allt land. Starfsemin er dreifð um landið á 13 starfsstöðvum. Við bendum áhugasömum á heimasíðu fyrirtækisins ***www.rml.is*** þar sem sótt er um starfið, en þar er einnig hægt að kynna sér starfsemina enn frekar.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. júlí.**
**Nánari upplýsingar veita Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri klk@rml.is og Berglind Ósk Óðinsdóttir boo@rml.is starfsmannastjóri.**

---

**365 óskar eftir góðu fólki**

# SÖLUMAÐUR ÁSKRIFTA OG FJARSKIPTADEILDAR

**Vegna aukinna umsvifa leitum við að röskum og metnaðarfullum sölumanni.**

**Góð laun í boði fyrir góðan árangur í sölu.**

Helstu kröfur:
- Reynsla af sölumennsku æskileg.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í starfi og geta unnið í hópi.
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Sveigjanleiki og frumkvæði í starfi.

**Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á: www.365.is undir "laus störf".**

**Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí.**

**Stefnt er að því að umsækjandi hefji störf hið fyrsta.**

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

Gray Line Iceland er leiðandi íslenskt ferðaþjónustufyrirtæki í örum vexti. Hjá fyrirtækinu starfa um 260 fastráðnir starfsmenn.

Fyrirtækið er handhafi viðskiptasérleyfis Gray Line Worldwide, sem er stærsta skoðunarferðafyrirtæki í heimi. Félagið er ferðaskipuleggjandi, ferðaskrifstofa og hópferðafyrirtæki með starfsemi einkum í skipulögðum dagsferðum með yfir 60 áfangastaði víðs vegar um Ísland. Gray Line á Íslandi á einn yngsta rútubílaflota landsins, 70 hópferðabíla sem taka frá 9 til 71 farþega. Félagið flutti rúmlega 580 þúsund ferðamenn árið 2015 í eigin ferðum. Fyrirtækið kappkostar að veita góða og persónulega þjónustu við ferðamenn á Íslandi.

# Gray Line Iceland óskar eftir að ráða tvo starfsmenn í bókhaldsdeild

## Launafulltrúi

### Starfssvið
- Útreikningur launa og almennt utanumhald um launamál
- Afstemmingar, bókun reikninga, reikningagerð og almenn bókhaldsstörf

### Hæfniskröfur
- Reynsla af launavinnslu
- Reynsla af Kjarna eða SAP kerfinu æskileg
- Reynsla af ferðaþjónustu kostur
- Nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

## Bókari

### Starfssvið
- Afstemmingar, bókun reikninga, reikningagerð og almenn bókhaldsstörf

### Hæfniskröfur
- Reynsla af ofangreindu
- Reynsla af ferðaþjónustu kostur
- Nákvæmni og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Upplýsingar veitir:**
**Rannveig J. Haraldsdóttir**
rannveig@hagvangur.is
**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**
**Umsóknarfrestur er til og með 10. júlí nk.**

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700






## Vörumerkjastjóri á Heilsu- og íþróttasvið

Óskum eftir að ráða metnaðarfullan og öflugan einstakling í starf vörumerkjastjóra á Heilsu- og íþróttasvið Icepharma. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á hollu líferni og mataræði, en vörumerkin sem viðkomandi mun bera ábyrgð á flokkast undir lífræna hollustuvöru.

### Starfssvið og ábyrgð:
- Ábyrgð og uppbygging vörumerkja
- Umsjón markaðsmála fyrir vörumerkin
- Samskipti við erlenda birgja
- Greining á markaði og sölutækifærum
- Gerð sölu- og markaðsáætlana

### Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði markaðsmála og/eða viðskipta
- Reynsla af sölu- og markaðsstarfi á neytendavörumarkaði
- Einskær áhugi á markaðsmálum skilyrði
- Skipulagshæfni og frumkvæði í störfum
- Hafi eldmóð og metnað og áhuga á hollu líferni
- Búi yfir skipulagshæfileikum
- Mjög góð ritfærni á íslensku
- Góð kunnátta í ensku
- Lipurð í mannlegum samskiptum

## Verslunarstjóri í Nikeverslun.is

Við leitum að öflugum verslunarstjóra fyrir verslun okkar að Lynghálsi 13. Skipulagshæfileikar, drift og metnaður til að ná árangri í starfi eru skilyrði fyrir ráðningu.

### Starfssvið og ábyrgð:
- Ábyrgð á daglegum rekstri netverslunar og verslunar og mönnun hennar
- Umsjón með uppgjöri
- Fylgjast með vörusölu og birgðahaldi ásamt vörustjóra
- Umsjón með útliti verslunar og vöruframsetningu
- Umsjón með daglegum rekstri, stjórnun, ráðningum

### Hæfniskröfur:
- Menntun sem nýtist í starfi
- Árangursdrifinn einstaklingur og lipurð í mannlegum samskiptum
- Búi yfir sjálfstæðum vinnubrögðum og skapandi frumkvæði
- Hafi eldmóð, metnað og ríka þjónustulund
- Góð reynsla af verslunarstörfum er skilyrði
- Góð reynsla af verslunarstjórn er kostur

**Umsóknarfrestur er til 8.júlí 2016. Fyllsta trúnaðar verður gætt.**
Viðkomandi þarf að geta hafið störf um miðjan ágúst.
Áhugasamir sendi umsókn með starfsferilsskrá með mynd á hrefna@icepharma.is, merkt „Vörumerkjastjóri" eða „Verslunarstjóri"

**Icepharma** er eitt af stærstu fyrirtækjum landsins í sölu og markaðssetningu á lyfjum, lækningavörum, heilsueflandi vörum og íþróttavörum. Hjá fyrirtækinu starfa um 90 manns með víðtæka menntun og þekkingu. Icepharma er fyrirmyndarvinnustaður og við leggjum áherslu á jafnrétti og fjölskylduvænt umhverfi. Markmið Icepharma er að styðja við almenna lýðheilsu.

Icepharma • Lynghálsi 13 • 110 Reykjavík • Sími 540 8000 • icepharma.is



# VIÐ LEITUM AÐ HJÚKRUNARFRÆÐINGI TIL AÐ TAKA ÞÁTT Í RANNSÓKN Á HEIMSVÍSU

**Auglýst er eftir hjúkrunarfræðingi (study nurse/study coordinator) til starfa við vísindarannsóknina *Skimun fyrir einstofna góðkynja mótefnahækkun.***

Blóðskimun til bjargar
Þjóðarátak gegn mergæxlum

Rannsóknin er leidd er af Sigurði Yngva Kristinssyni, prófessor við Læknadeild, og er einstök á heimsvísu. Markmið hennar er að rannsaka árangur skimunar fyrir góðkynja einstofna mótefnahækkun (MGUS) sem er forstig mergæxlis. Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands, Landspítala, Krabbameinsfélag Íslands, Binding Site í Bretlandi og Memorial Sloan Kettering krabbameinsmiðstöðina í New York.

Starfið er nýtt og allt í senn spennandi, fjölbreytt og krefjandi. Miklu skiptir að viðkomandi sé skipulagður, leikinn í mannlegum samskiptum og lausnamiðaður.

Hjúkrunarfræðingurinn mun gegna leiðandi hlutverki í rannsóknarteymi verkefnisins, m.a. að hafa yfirumsjón með klínískri rannsókn og móttöku þátttakenda sem greinst hafa með forstig mergæxla. Hann mun einnig koma að ráðningu 1–2 hjúkrunarfræðinga sem líka verða hluti af rannsóknarteyminu.

Viðkomandi verður að geta hafið störf í september nk. Sjá nánar: hi.is/laus_storf.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. júlí 2016.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

---

# HS ORKA leitar að öflugum liðsmönnum til starfa til fyrirtækisins

## Sérfræðingur á fjármálasviði – umsýsla verkefnis á vegum Evrópusambandsins

Verkefnið er í samstarfi við tæknisvið HS Orku vegna djúpborunarverkefnis í umsjá fyrirtækisins.

### Helstu verkefni
- Bókhaldsleg umsýsla verkefnisins.
- Umsjón með útgreiðslum og fjárreiðum.
- Umsýsla og samskipti við aðra styrkþega.
- Samskipti við samstarfsaðila innan og utan fyrirtækisins.
- Önnur tilfallandi verkefni á fjármálasviði.

### Hæfniskröfur
- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Góð bókhaldsþekking og skilningur á fjármálum.
- Góð tungumálakunnátta (enska).
- Gott vald á upplýsingatækni.
- Samskiptahæfni, sjálfstæði og frumkvæði.

## Sérfræðingur í Upplýsingatækni

Upplýsingatækni HS Orku samanstendur af stjórnbúnaði orkuvera og upplýsingatækni fyrirtækisins. Leitast er eftir einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á tækni og hefur mjög ríka þjónustulund.

### Helstu verkefni
- Rekstur á upplýsingakerfum.
- Dagleg notendaþjónusta og kerfisumsjón.
- Uppsetning og þjónusta á vél- og hugbúnaði.
- Rekstur á stjórn- og varnaliðabúnaði orkuvera.
- Samskipti við þjónustuaðila og birgja.
- Vinna að úrbótum og endurnýjun upplýsingakerfa sem og kerfa orkuvera.

### Hæfniskröfur
- Menntun og reynsla á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði, tæknifræði eða verkfræði.
- Reynsla af rekstri Microsoft umhverfis, útstöðvum og netþjónum.
- Þekking á Microsoft SQL, skýrslugerð og gagnagrunnum æskileg.
- Microsoft prófgráður eru kostur.
- Þekking á Dynamics Ax er kostur.
- Reynsla úr rafmagnsfræðum er kostur.
- Samskiptahæfni, sjálfstæði og frumkvæði.

Nánari upplýsingar veitir Petra Lind Einarsdóttir, mannauðsstjóri.
Sótt er um starfið á heimasíðu fyrirtækisins. **Umsóknarfrestur er til og með fimmtudags 14. júlí 2016.**

**HS ORKA hefur verið leiðandi í framleiðslu endurnýjanlegrar orku í 40 ár**
og ætlar sér enn stærri hluti í orkuframleiðslu á umhverfisvænan hátt samfélaginu til hagsbóta. Hjá fyrirtækinu starfar öflugur hópur sérfræðinga með mikla reynslu og þekkingu á sínu sviði. Heildarfjöldi starfsmanna er um 60. Fyrirtækið á og rekur tvær jarðvarmavirkjanir, Orkuverið í Svartsengi og Reykjanesvirkjun sem eru grundvöllur Auðlindagarðs hvar markmiðið er að öllum straumum sé breytt í verðmætar auðlindir.

**www.hsorka.is**

HS ORKA

---

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
**www.hagvangur.is**

---

UMFK STOFNAÐ 1938

**Ungmennafélag Kjalnesinga auglýsir eftirfarandi stöður**

**Íþróttafulltrúi**
**50% Starf**

**Sundþjálfari**
**Frjálsíþróttakennari**
**Þjálfari í boltaíþróttum**
**Leiklistakennari**

Sjá nánari upplýsingar á UMFK.is

**Umsóknafrestur er til 15. júlí 2016.**

---

BHS Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

# Laust starf kennara á listnámsbraut BHS

Óskað er eftir kennara með kennsluréttindi á framhaldsskólastigi í 100% starf eða eftir samkomulagi á listnámsbraut í Borgarholtsskóla fyrir haustið 2016. Hann hafi sérhæfingu í grafískri hönnun, margmiðlun og/eða listfræðum. Helstu kennslugreinar eru sjónlistir, grafísk hönnun, kvikun, vefhönnun, listir og menning, fræðiáfangar og listasaga. Hlutastarf kemur til greina.

Ráðning og kjör: Laun eru í samræmi við kjarasamning Félags framhaldsskólakennara og stofnanasamning Borgarholtsskóla. Ekki þarf að sækja um á sérstöku umsóknareyðublaði en í umsókn þarf að greina frá menntun, fyrri störfum og öðru því sem umsækjandi telur að máli skipti.

Jafnt konur og karlar eru hvött til að sækja um störfin.

Sakavottorð fylgi umsókn.

Á heimasíðu skólans, www.bhs.is, eru upplýsingar um skólann og starfsemi hans.

Upplýsingar um störfin veitir Hákon Már Oddsson, kennslustjóri, hakon@bhs.is.

Umsóknir ásamt fylgigögnum berist í tölvupósti til Ársæls Guðmundssonar, skólameistara, arsaell@bhs.is, **fyrir 18. júlí 2016.**

*Skólameistari*

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

## Lausar stöður við Árbæjarskóla

**Lausar eru eftirtaldar kennarastöður skólaárið 2016 – 2017**

- **Stærðfræðikennari í 5. – 10. bekk / Umsjónarkennari á miðstigi**
- **Tónmenntakennari**

**Lausar eru eftirtaldar stöður annarra starfsmanna skólaárið 2016 – 2017**

- **Sérhæfður stuðningsfulltrúi**
- **Stuðningsfulltrúi**
- **Skólaliði**

**Umsóknarfrestur er til 14. júlí 2016.**

Sótt er um störfin á vef Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf og þar má jafnframt sjá nánari upplýsingar um hvert og eitt ofangreint starf.

Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Sæberg, skólastjóri, í síma 664-8120 og í tölvupósti, thorsteinn.saeberg@reykjavik.is

*Árbæjarskóli er einn stærsti grunnskóli landsins, staðsettur í einstöku umhverfi Elliðaárdalsins. Árbæjarskóli er grunnskóli fyrir nemendur í 1.-10. bekk og eru nemendur um 630 talsins. Skólinn er safnskóli á unglingastigi, en til náms í 8. bekk koma saman nemendur þriggja skóla, Árbæjarskóla, Ártúnsskóla og Selásskóla. Starfsmenn skólans eru um 90 og sinna mismunandi störfum í þágu nemenda.*

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

Húðfegrun

# Móttökuritari á Húðmeðferðarstofu

Við leitum að öflugum móttökuritara á húðmeðferðarstofuna Húðfegrun ehf.

**Hæfniskröfur**

- Starfsreynsla í ritarastarfi kostur
- Góð almenn tölvukunnátta nauðsynleg
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Frumkvæði, ábyrgð og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og sveigjanleiki

Stofan býður upp á heildrænar húðmeðferðir án skurðaðgerða og leggur metnað í góða og persónulega þjónustu.

Um er að ræða 100% starf og kostur ef viðkomandi getur hafið störf sem fyrst.

**Umsóknarfrestur er til og með 11.júlí**
**Umsókn og ferilskrá sendist á hudfegrun@hudfegrun.is**

# Starfsmenn óskast

Óskum að ráða Byggingatæknifræðing eða Byggingafræðing til starfa.
Helstu verkefni eru við hönnun sólskála og svalalokana, mælingar, gerð smíðateikninga, burðarþolsútreikninga o.fl.
Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af húsasmíði.
Einnig viljum við ráða smið sem er vanur málmsmíði.

Vinsamlega sendið inn umsókn á gluggar@solskalar.is

GLUGGAR & GARÐHÚS

**Smiðsbúð 10 • 210 Garðabær • Sími 554 4300 • www.solskalar.is**

Háskólinn á Akureyri



# Forseti viðskipta- og raunvísindasviðs

Háskólinn á Akureyri auglýsir 100% stöðu forseta viðskipta- og raunvísindasviðs lausa til umsóknar. Starfið felst m.a. í yfirumsjón með allri starfsemi og rekstri fræðasviðsins og stefnumörkun í málefnum sviðsins samkvæmt stefnu skólans. Næsti yfirmaður er rektor Háskólans á Akureyri. Æskilegt er að viðkomandi hefji störf 1. janúar 2017. Starfsstöðin er á Akureyri.

## Helstu ábyrgðarþættir:

- Frumkvæði og forysta um málefni fræðasviðsins.
- Stjórnsýsluleg og rekstrarleg ábyrgð á málefnum fræðasviðsins.
- Yfirumsjón með rannsóknarvirkni og kennslu á sviðinu.
- Framkvæmd gæðastjórnunar á fræðasviðinu í samráði við gæðastjóra.
- Starfsmannamál á sviðinu.
- Yfirumsjón með innlendum og erlendum samskiptum fræðasviðsins.
- Viðkomandi á sæti í framkvæmdastjórn skólans og er hluti af yfirstjórn hans.

## Menntunar- og hæfiskröfur:

- Doktorspróf er skilyrði og æskilegast að prófið sé á vettvangi fræða sem kennd eru á viðskipta- og raunvísindasviði eða tengjast viðfangsefnum þess
- Reynsla af rekstri og stjórnun.
- Hæfileiki til að móta og miðla framtíðarsýn
- Reynsla af starfi innan háskóla er æskileg.
- Reynsla af störfum sem tengjast viðfangsefnum á fræðasviðinu er æskileg.
- Krafist er góðrar samstarfshæfni og lipurðar í mannlegum samskiptum.

Rektor ræður forseta fræðasviðs til fjögurra ára í senn. Við ráðningu er notast við sjálfstætt mat fagaðila til að meta stjórnunar- og samskiptahæfileika ásamt stjórnunarreynslu viðkomandi. Jafnframt er litið til umsagnar viðskipta- og raunvísindasviðs ásamt því að haft er samráð við háskólaráð um ráðninguna.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólans á Akureyri. Fyrirspurnir um starfið skal senda á netfangið rektor@unak.is.

Umsóknir og fylgigögn skal senda á rafrænu formi á netfangið starfsumsokn@unak.is.
Nánari upplýsingar um starfið og umsóknarferlið er að finna á starfstorg.is og á unak.is/lausstorf.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. ágúst 2016**

**Háskólinn á Akureyri stuðlar að jafnrétti kynjanna og hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið**

# Ertu að leita að talent?

Við finnum starfsmanninn fyrir þig



lind@talent.is



bryndis@talent.is

TALENT RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is





REYKJAVÍK NATURA Icelandair Hotels

# Gestamóttökustjóri Icelandair hótel Reykjavík Natura

Við leitum að jákvæðum leiðtoga með mikla þjónustulund, metnað, góða tungumálakunnáttu og vilja til að ná árangri. Starfið krefst mikillar færni í mannlegum samskiptum. Gerð er krafa um reynslu af hótelstörfum auk minnst 3ja ára reynslu af stjórnun. Framhaldsmenntun á sviði hótelstjórnunar er kostur. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Gestamóttökustjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri og starfsemi gestamóttöku hótelsins auk stjórnunarlegrar ábyrgðar gagnvart starfsfólki.

Hjá Icelandair hótelum starfar úrvals hópur með sameiginleg markmið þar sem borin er virðing fyrir gestum og samstarfsmönnum.

Icelandair hótelin leggja áherslu á samvinnu, ábyrgð og frumkvæði í starfi ásamt vilja til að takast á við krefjandi verkefni.

Nýir starfsmenn fá vandaða kynningu á fyrirtækinu og fara í gegnum markvissa þjálfun til þess að geta tekist á við störf sín af öryggi. Unnið er að stöðugri framþróun og starfsmönnum veitt tækifæri til vaxtar og þroska í starfi.

Umsóknir ásamt ferilskrá óskast sendar í gegnum heimasíðu okkar: icelandairhotels.is
Umsóknarfrestur er til og með 10. júlí 2016
Nánari upplýsingar um starfið veitir Brynhildur Guðmundsdóttir, hótelstjóri: binna@icehotels.is

Icelandair Hotels
www.icelandairhotels.com

## » Ráðningarþjónusta

Tokyo Sushi óskar eftir að ráða metnaðarfulla og drífandi einstaklinga til starfa.



# Vaktstjóri

Um vaktavinnu er að ræða og er vinnutími frá kl. 10:45 til kl. 21:30.
Unnið er tvo daga aðra vikuna og fimm daga hina.

### » Starfssvið

- Þátttaka í almennum störfum
- Ábyrgð á þjónustu og gæðum á sinni vakt
- Umsjón með starfsfólki
- Umsjón með uppgjöri

### » Hæfniskröfur

- Skipulags- og leiðtogahæfileikar
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður og frumkvæði í starfi

# Starfsmaður í sal

Vinnutími er frá kl. 12:00 til kl. 20:00 alla virka daga.

### » Starfssvið

- Almenn afgreiðsla
- Þjónusta við viðskiptavini
- Aðstoð í uppvaski og þrifum

### » Hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Dugnaður og metnaður í starfi

Veitingastaðir Tokyo Sushi eru staðsettir í Glæsibæ og á Nýbýlavegi. TOKYO sushi

**Nánari upplýsingar um störfin er að finna á heimasíðu HH Ráðgjafar www.hhr.is og eru áhugasamir beðnir um að sækja um störfin þar.**

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

---

KRAFTUR
STUÐNINGSFÉLAG • SAMVINNA

# Sálfræðingur

Starf sálfræðings hjá Krafti og Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins er laust til umsóknar. Starfshlutfall er 50% og starfið er veitt frá **1. ágúst 2016** eða eftir samkomulagi.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**

- Umsjón með Stuðningsneti Krafts.
- Sálfræðingsþjónusta.
- Verkefnastjórnun.
- Námskeiðshald.
- Þátttaka í þverfaglegri teymisvinnu.
- Virk þátttaka í þróun og uppbyggingu þjónustunnar.

**Hæfnikröfur:**

- Sálfræðileyfi.
- Góð samskiptahæfni.
- Faglegur metnaður.
- Þekking og reynsla í áfallavinnu.
- Geta til að koma fram á opinberum vettvangi.

Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur. Frá árinu 2009 hefur Kraftur haldið úti formlegu stuðningsneti fyrir krabbameinsgreinda og ástvini undir handleiðslu sálfræðings.

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins er upplýsinga- og stuðningsþjónusta fyrir fólk sem greinst hefur með krabbamein og fyrir aðstandendur þess. Markmið þjónustunnar er að aðstoða fólk við að ná jafnvægi í lífinu eftir þær breyttu aðstæður sem greining krabbameins veldur.

Nánari upplýsingar veitir Hulda Hjálmarsdóttir, formaður Krafts (*formadur@kraftur.org, sími 847 8352*) og Sigrún Lillie Magnúsdóttir forstöðumaður (*sigrunli@krabb.is*).

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á formadur@kraftur.org fyrir 17. júlí 2016 eða til Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins, Skógarhlíð 8, 105 Reykjavík, merkt „Sálfræðingur".**

Krabbameinsfélagið

---

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan, Efra-Breiðholti | Reykjavík | 201606/926 |
| Heilbrigðisritari/skrifstofumaður | Landspítali, bráðamóttaka | Reykjavík | 201606/925 |
| Sjúkraliði, öldrunarlækningadeild | Landspítali, Landakot | Reykjavík | 201606/924 |
| Verkstjóri í Fjölritun | Landspítali | Reykjavík | 201606/923 |
| Forseti viðsk.- og raunvísindasviðs | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201606/922 |
| Sálfræðingur | Flensborgarskólinn | Hafnarfjörður | 201606/921 |
| Stuðningsfulltrúi | Flensborgarskólinn | Hafnarfjörður | 201606/920 |
| Doktorsnemi í jarðeðlisfræði | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201606/919 |
| Móttökuritari, afleysingar | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Djúpivogur | 201606/918 |
| Hjúkrunarfræðingur á sjúkradeild | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupstaður | 201606/917 |
| Starfsmaður í ræstingu | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Djúpivogur | 201606/916 |
| Sjúkraþjálfari | Landspítali, Líknardeild | Kópavogur | 201606/915 |
| Doktorsnemi við lyfjafræðideild | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201606/914 |
| Doktorsnemi í umhv.-og auðl.fr. | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201606/913 |
| Doktorsnemi í umhv.-og auðl.fr. | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201606/912 |
| Fagstjóri hjúkrunar | Heilsugæslan Miðbæ | Reykjavík | 201606/911 |
| Hjúkrunarfræðingur | Háskóli Íslands, læknadeild | Reykjavík | 201606/910 |
| Skrifstofumaður | Sýslumaðurinn á Vestfjörðum | Hólmavík | 201606/909 |
| Skrifstofumaður | Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu | Reykjavík | 201606/908 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, hjartagátt við Hringbraut | Reykjavík | 201606/907 |
| Verkefnastjóri-verkfr/tæknifr | Landspítali, fasteignadeild rekstrarsv. | Reykjavík | 201606/906 |
| Hjúkrunarfræðingar | Landspítali, skurðlækningadeild | Reykjavík | 201606/905 |
| Hjúkrunarfræðingur | Landspítali, heila-, tauga- og bækl. | Reykjavík | 201606/904 |
| Læknir í starfsnám | Landspítali, bæklunarskurðdeild | Reykjavík | 201606/903 |
| Framhaldsskólakennari | Borgarholtsskóli, listnám | Reykjavík | 201606/902 |
| Stuðningsfulltrúi | Flensborgarskólinn | Hafnarfjörður | 201606/901 |
| Lektor við iðjuþjálfunardeild | Háskólinn á Akureyri | Akureyri | 201606/900 |
| Lektor í þroskasálfræði | Háskóli Íslands,heilbrigðisvísindasvið | Reykjavík | 201606/899 |
| Kennari í sérgreinum málmiðna | Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | Sauðárkrókur | 201606/898 |

---

# LAUST STARF
## VÉLA- OG VERKAMAÐUR

Ábyrgur og þjónustulundaður starfsmaður óskast til starfa hjá þjónustumiðstöð Hafnarfjarðarbæjar.

**Helstu verkefni:**

- » Viðhald og viðgerðir á götum, göngustígum og opnum svæðum
- » Snjómokstur og hálkueyðing
- » Þátttaka í bakvaktarkerfi bæjarins
- » Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- » Meirapróf og réttindi á stærri vinnuvélar
- » Reynsla af véla- og tækjavinnu
- » Reynsla af almennum verkamannastörfum
- » Samstarfs- og samskiptahæfni
- » Þjónustulund

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Verkalýðsfélagsins Hlífar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Haraldsson: 585-5670 **sigqih@hafnarfjordur.is** og Björn Bögeskov Hilmarsson: 585-5670 **boddi@hafnarfjordur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 20. júlí.**
Nánar á **hafnarfjordur.is**

*Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um*

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

---

ráðum ráðningarstofa
Er verið að leita að þér?
RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

**Byggðasafn Vestfjarða** auglýsir laust til umsóknar starf safnvarðar. Um er að ræða tímabundna 100% afleysingastöðu til eins árs. Umsóknarfrestur er til og með 17. júlí 2016. Nánari upplýsingar á ***www.isafjordur.is***

---

prentmet
HRAÐI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

## STARFSMAÐUR ÓSKAST

**Prentari eða aðstoðarmaður í hæðarprentun**

Starfið er aðallega fólkið í hæðarprentun, fólíuprentun, thermoprentun, stönsun, upphleypingu, fellingu og rifgötun. Leitað er eftir duglegum, nákvæmum og handlögnum einstaklingi. Þjálfun í boði fyrir réttan aðila. Nánari upplýsingar veitir framkvæmdastjóri mannauðsmála, ingasteina@prentmet.is, s. 856 0601. Atvinnuumsókn er á prentmet.is/um-okkur/atvinnuumsokn Umsóknarfrestur er til 8. júlí n.k. Prentmet er framsækið fyrirtæki sem býður upp á heildarlausnir og hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Lögð er rík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

**heildarlausnir** í prentun
við prentum bækur | umbúðir | almennt prentverk

Prentmet er framsækin prentsmiðja með höfuðstöðvar að Lynghálsi 1 í Reykjavík og útibú á Akranesi og Selfossi

---

Vinakot

## Deildarstjóri

Við hjá Vinakoti leitum eftir öflugum deildarstjóra til að sjá um daglegan rekstur búsetuúrræðis.

Við rekum skammtíma- og langtíma búsetu fyrir börn og ungmenni með fjölþættan vanda. Í starfi okkar höfum við að leiðarljósi að skapa börnunum og ungmennunum öruggt og heimilislegt umhverfi. Lesa má meiri um okkur á vinakot.is

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Að sjá um daglegan rekstur og skipulag búsetuúrræðis samskvæmt starfslýsingu deildastjóra, þ.m.t.:
- Stjórnun, skipulagning og mat á starfi búsetuúrræðisins
- Gera einstaklingsáætlanir í samvinnu við þroskaþjálfa, eða sambærilegan fagaðila, og fylgja eftir að unnið sé í samræmi við þær
- Sjá um almennt starfsmannahald

**Hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi
- Góð skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Áhugi og metnaður fyrir að starfa með unglingum með fjölþættan vanda
- Þekking á einhverfu og/eða fjölþættum vanda
- Sveigjanleika og færni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð í samræmi við lög
- 25 ára eða eldri

**Aðrir þættir eru máli skipta**
- Hæfni til að takast á við óvæntar aðstæður
- Frumkvæði, jákvæðni og áhugasemi í starfi

Bæði kynin eru hvött til að sækja um starfið. Starfshlutfall er 100% og ráðið er til framtíðar.

**Umsóknarfrestur er til 9.júlí og þarf viðkomandi að geta hafið störf 18.júlí.**

Nánari upplýsingar veitir Sóley Kristjánsdóttir, mannauðsstjóri, á soley@vinakot.is

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á starf@vinakot.is, merkt "DEILDARSTJÓRI"

- Fagmennska, umhyggja og traust eru gildin sem við vinnum eftir -

---

HEILSUGÆSLAN



# Fagstjóri hjúkrunar
## Heilsugæslan Miðbæ

Laust er til umsóknar starf fagstjóra hjúkrunar við Heilsugæsluna Miðbæ. Fagstjóri hjúkrunar ber ábyrgð á skipulagningu hjúkrunarþjónustu í samráði við svæðisstjóra. Mikil áhersla er lögð á samvinnu milli fagstétta innan stöðvarinnar og að þjónustuþarfir skjólstæðinga séu ávallt í fyrirrúmi. Um er að ræða krefjandi starf sem reynir á frumkvæði, skipulagshæfileika og samskiptahæfni. Ráðið verður í starfið til 5 ára frá og með 1. september nk. eða eftir nánara samkomulagi. Starfshlutfall er 100%.

**Umsóknarfrestur er til og með 18. júlí 2016.**

Heilsugæslan á að vera fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni þar sem ólíkum þörfum notenda er mætt og þeim leiðbeint yfir í önnur kerfi heilbrigðisþjónustunnar eftir því sem þörf er á. Flóknari vandamál, þörf fyrir fjölbreyttari úrræði og skortur á sérhæfðu starfsfólki kallar á nýja nálgun í starfsemi heilsugæslustöðva.
Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er hafin breyting á skipulagi og rekstri heilsugæslustöðva sem miðar að því að auka þjónustu við notendur, nýta betur fjármuni og bæta vinnuumhverfi starfsmanna.

Til að gera þjónustuna markvissari verður teymisvinna grunnstef í starfsemi stöðva, ásamt innleiðingu aðferða straumlínustjórnunar. Þverfagleg teymi heilbrigðisstarfsfólks munu auðvelda stöðvum að taka á flóknum vandamálum með fjölbreyttum úrræðum. Í breyttu skipulagi mun starfsfólk fá aukið sjálfstæði til að móta starfsemina og útfæra þjónustu sem mætir þörfum íbúa og uppfyllir um leið kröfur um árangur samkvæmt mælingum og mati.

### Helstu verkefni og ábyrgð
- Annast skipulag, verkstjórn og samhæfingu innan fagsviðs ásamt svæðisstjóra, í samræmi við stefnu og markmið Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- Er svæðisstjóra innan handar við daglegan rekstur stöðvar og er staðgengill hans
- Er faglegur yfirmaður á sínu sviði og sinnir klínísku starfi samhliða
- Innleiðir nýjungar og vinnur að breytingum á starfsemi til hagsbóta fyrir skjólstæðinga stöðvar
- Tekur þátt í gerð, innleiðingu og notkun klínískra leiðbeininga
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu
- Tekur þátt í vísinda-, þróunar- og gæðastarfi
- Skipuleggur kennslu fyrir heilbrigðisstéttir í samráði við fagstjóra lækninga, kennslustjóra og lærimeistara

### Hæfniskröfur
- Íslenskt hjúkrunarleyfi er skilyrði
- Framhaldsmenntun í hjúkrun æskileg
- Reynsla af og áhugi á teymisvinnu
- Reynsla af starfi í heilsugæslu er kostur
- Nám og reynsla á sviði stjórnunar æskileg
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt

### Frekari upplýsingar um starfið
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar.
Leggja skal fram staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.
Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (*www.heilsugaeslan.is*) undir laus störf eða á Starfatorgi (*www.starfatorg.is*).

**Nánari upplýsingar veita** Sigríður Dóra Magnúsdóttir svæðisstjóri – sigridur.d.magnusdottir@heilsugaeslan.is, sími 585-2600 og Svava Kristín Þorkelsdóttir, mannauðsstjóri – svava.kristin.thorkelsdottir@heilsugaeslan.is, sími 585-1300.

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun**

---

# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**

# ÞÚ ERT ÖFLUGUR VÉLVIRKI/VÉLSTJÓRI

- og vilt vinna á nýjum, framúrskarandi vinnustað

Við leitum að öflugum vélvirkja/vélstjóra í okkar sterka teymi. Við byggjum nýtt og sérstaklega vel tækjum búið verkstæði að Hádegismóum 8 sem verður tilbúið haustið 2017. Ekki er ráð nema í tíma sé tekið - því viljum við þig í hópinn núna. **SÆKTU UM Í DAG!**

**Í starfinu felst** vinna við bilanagreiningu og viðgerðir á vörubílum og rútum ásamt þátttöku í þjálfun og símenntun.

**Hæfniskröfur:**
- Réttindi í bifvélavirkjun/vélvirkjun eða reynsla í vörubílaviðgerðum.
- Gilt bílpróf, meirapróf æskilegt
- Góð þjónustulund og vilji til að vera hluti af góðri liðsheild

**Kynntu þér starfið** nánar og **sæktu um** á **www.brimborg.is**.

Þú færð allar upplýsingar hjá Jóhanni Rúnari, þjónustustjóra, í síma 515 7072. Hringdu núna!

**Umsóknarfrestur er til 6. september 2016**

Volvo atvinnutæki | Brimborg • Bíldshöfða 6 • Sími 515 7070 • brimborg.is

# Framkvæmdastjóri Knattspyrnufélags ÍA

Knattspyrnufélag ÍA (KFÍA) leitar að metnaðarfullum framkvæmdastjóra til að leiða daglegan rekstur félagsins og sjá um margvísleg samskipti og kynningarmál. Um er að ræða fjölbreytt starf sem byggir á miklum samskiptum við aðra starfsmenn félagsins, iðkendur á breiðu aldursbili, foreldra og aðstandendur og stóran hóp stuðningsmanna. Starfið er 100% starf og heyrir beint undir aðalstjórn félagsins.

***Starfið felur m.a. í sér:***
- Yfirumsjón með fjármálum og daglegum rekstri félagsins.
- Samningagerð og samskipti við samstarfsaðila.
- Öflun og viðhald styrktarsamninga.
- Yfirumsjón með þjálfurum í samstarfi við yfirþjálfara.
- Undirbúningur stjórnarfunda og eftirfylgni með ákvörðunum aðalstjórnar.
- Umsjón með kynningar- og markaðsmálum.
- Eftirfylgni og innleiðing á stefnu og markmiðum félagsins.
- Undirbúning og framkvæmd fjáraflana og viðburða.
- Yfirumsjón með leyfiskerfi KSÍ.

***Menntunar- og hæfnikröfur:***
- Háskólapróf sem nýtist í starfi æskilegt.
- Reynsla af rekstri æskileg.
- Reynsla af félagsstörfum.
- Þekking og áhugi á rekstri íþróttafélags.

***Eiginleikar umsækjenda:***
- Góðir skipulags- og stjórnunarhæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð vinnubrögð og hæfileiki til að vinna með öðrum.
- Drifkraftur, frumkvæði, lausnahugsun og rík þjónustulund.
- Jákvæðni og samstarfsvilji.
- Vilji til að vinna að jafnrétti kynjanna í öllu starfi félagsins.
- Hæfileiki til að tjá sig í rituðu og töluðu máli og að koma fram fyrir hönd félagsins.
- Áhugi á knattspyrnu.

*Umsóknir berist í tölvupósti á **magnus.gudm.lmi@gmail.com** með nauðsynlegum fylgigögnum. Umsóknarfrestur er til og með **7. júlí 2016**. Nánari upplýsingar gefur Magnús Guðmundsson, formaður KFÍA, í síma 896 3411 eða í gegnum tölvupóst*

PÓSTURINN©2016



## Starf kennara í flugvirkjanámi Keilis

Keilir óskar eftir að ráða kennara í flugvirkjun með B1 eða B2 réttindi. Ráðið er í fullt starf og/eða hlutastarf. Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar veitir Rúnar Árnason, forstöðumaður Flugakademíu Keilis á netfangið runar.arnason@keilir.net eða í síma 578 4000.

Flugakademía Keilis // Ásbrú // 578 4000 // flugvirkjun@keilir.net // www.flugvirkjun.is

Keilir Flugakademía

# LAUS STÖRF

## FYRIR RÉTTA EINSTAKLINGA MEÐ ÁHUGA Á UMÖNNUN ALDRAÐRA

## SÓLVANGUR HJÚKRUNARHEIMILI

**Sjúkraliðar**
- Hlutastörf eftir samkomulagi
- Viðkomandi þarf að hafa áhuga og reynslu á umönnun aldraðra
- Starfið er laust nú þegar

**Aðhlynning**
- Hlutastörf eftir samkomulagi.
- Viðkomandi þarf að hafa áhuga og reynslu á umönnun aldraðra
- Æskilegt er að viðkomandi geti byrjað sem fyrst

**Eldhússtarf**
- 60% dagvinnuvaktir virka daga
- Æskilegt er að viðkomandi hafi áhuga og reynslu af eldhússtörfum
- Starfið er laust nú þegar

**Hjúkrunarfræðingur**
- Hlutastörf eftir samkomulagi
- Starfið er laust frá 1. ágúst

Reynsla og áhugi af hjúkrun aldraðra skilyrði.

**Umsóknir má nálgast á heimasíðu Sólvangs, www.solvangur.is.**

*Karlar janfnt sem konur eru kvattir til að sækja um.*

SÓLVANGUR HJÚKRUNARHEIMILI

GJ TRAVEL
Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar
Borgartún 34, 105 Reykjavík, S: 511 1515

## GUÐMUNDUR JÓNASSON EHF óskar eftir að ráða húsvörð/lagerstjóra til starfa

Um framtíðarstarf er að ræða og 100% starfshlutfall.

Guðmundur Jónasson ehf er eitt af elstu ferðaþjónustufyrirtækjum landsins og fagnar í ár 85 ára afmæli. Fyrirtækið rekur öfluga ferðaskrifstofu og gerir út fjölda hópferðabifreiða. Hjá fyrirtækinu starfar samhentur hópur starfsfólks með breiða þekkingu og reynslu af ferðaþjónusturekstri.

**Eiginleikar og hæfniskröfur:**
- Metnaður fyrir starfi, þjónustulund og handlægni
- Góð færni í samskiptum og samviskusemi
- Áreiðanleiki, reglusemi og góð heilsa
- Iðnmenntun æskileg
- Bílpróf
- Góð íslenskukunnátta

**Helstu verkefni:**
- Umsjón og eftirlit með húseign og nærumhverfi
- Minniháttar viðhald
- Ábyrgð á daglegum rekstri lagers
- Móttaka, afhending, skráning og tiltekt á vörum
- Umsjón með umhirðu lagersvæðis
- Ýmis önnur tilfallandi störf

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
**Umsóknarfrestur er til og með 10. júlí.**

Áhugasamir sendi inn umsókn ásamt ferilskrá. Eingöngu er tekið við umsóknum á ráðningarvef Guðmundar Jónassonar, **https://gjtravel.rada.is/is/**. Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Edda Björk Kristjánsdóttir, ***edda@gjtravel.is***.

1931 - 2016 85 YEARS OF EXCELLENCE

## Hárgreiðslumeistari

**á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir stólaleigu eða hárgreiðslustofu til sölu í góðum rekstri.**

**Allar nánari upplýsingar sendist á: box@frett.is merkt: "hárgreiðsla" 100% trúnaður.**

---

## Viltu þú starfa í ævintýraferðamennsku?
## Mountaineers of Iceland
### leita eftir líflegum og öflugum liðsauka

**BIFVÉLAVIRKI/VÉLVIRKI ÓSKAST Á VERKSTÆÐIÐ HJÁ MOUNTAINEERS OF ICELAND.**
Starfið felst í viðhaldi á Ford Econoline bílum sem daglega ferja hóp ferðamanna upp á hálendi Íslands. Í boði er spennandi starf í frábærum félagsskap hjá ört vaxandi ferðaþjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í snjósleða- og jeppaferðum.

**HÆFNISKRÖFUR:**
- Reynsla af Ford æskileg
- Meirapróf
- Stundvísi
- Snyrtimennska
- Áreiðanleg og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfileikar
- Meirapróf æskilegt

**ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?**
Endilega sendu okkur umsókn á:
**atvinna@mountaineers.is**
**Umsóknarfrestur er til 10.júlí.**

**www.mountaineers.is**

Mountaineers of Iceland
ADVENTURE TOURS

---



## Herbergisþernur
## Houskeeping staff

**101 hótel óskar eftir að ráða herbergisþernur.**
Framtíðarstarf.
Unnið er kl. 8-16.30, eftir 2-2-3 vaktakerfi, ásamt u.þ.b.einni kvöldvakt í viku.
Starfshlutfall er 80% - 100%.

**Gerðar eru eftirfarandi kröfur:**
- Enskukunnátta.
- Jákvæð framkoma
- Þjónustulund
- Samstarfsgleði
- Viðkomandi þarf að vera reyklaus

**Áhugasamir sendi umsókn á job@101hotel.is fyrir 11. júlí n.k.**
**Vinsamlegast takið fram um hvaða starf er sótt.**

**101 hotel Wishes to hire housekeeping staff.**
Permanent position.
Housekeeping staff work from 8-16.30, with a 2-2-3 shift pattern, as well as ca. one evening shift per week.
This is an 80% - 100% position.

**The following demands are made:**
- Basic English
- Positive attitude
- Responsibility
- Cooperative
- Non-smokers only

**Those interested should send an application to job@101hotel.is before 11. July.**
**Please state which job you are applying for.**

101 hotel
reykjavik

---

# Vélfræðingur

**Við leitum af öflugum vélfræðing til að starfa á tæknisviði**

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ:**
- Viðhald á framleiðslulínum
- Viðgerðir á tækjum
- Að halda vélum gangandi á meðan framleiðslu stendur
- Uppsetning á nýjum framleiðslutækjum
- Ýmis tilfallandi verk tengd véla- og tækjabúnaði Ölgerðarinnar

**HÆFNISKRÖFUR**
- Vélfræðingur (vélstjóri með 4. stig)
- Reynsla af sambærilegum störfum
- Þekking á viðhaldsforritum, iðntölvum og stýringum æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði
- Áreiðanleiki og jákvæðni

**Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí nk.**
Sótt er um á heimasíðu Ölgerðarinnar: http://umsokn.olgerdin.is

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

www.olgerdin.is

---

# Starfmaður í framleiðslu -gos, vatn og bjór

**Við leitum að einstaklingi með góðan tæknilegan skilning og hæfni til að starfa við framleiðsluvélar í tæknilega flóknu umhverfi. Um er að ræða vaktavinnu í fullu starfshlutfalli**

**HLUTVERK OG ÁBYRGÐ:**
- Vinna við framleiðsluvélar í framleiðslusal Ölgerðarinnar
- Stilla og stýra vélbúnaði þannig að framleiðsla á hágæðavörum sé tryggð
- Breytingar og fínstillingar á vélarbúnaði sem notaður er við framleiðslu á vatni, gosi og öli
- Ná hámarks afköstum fyrir hverja framleiðslulotu með hagkvæmni og góða nýtingu að leiðarljósi

**HÆFNISKRÖFUR**
- Fagmaður sem hefur metnað til að gera betur í dag en í gær - skilyrði
- Eljusemi og jákvæðni - skilyrði
- Nám og/eða reynsla af vélvirkjun, bifvélavirkjun, vélstjórn eða sambærilegt - kostur

**Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí nk.** Sótt er um á heimasíðu Ölgerðarinnar: http://umsokn.olgerdin.is

ÖLGERÐIN
EGILL SKALLAGRÍMSSON

Ölgerðin er eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði. Ölgerðin framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og sérvöru af ýmsum toga.

Áhersla er lögð á að vörur fyrirtækisins séu fyrsta flokks og að viðskiptavinir þess geti gengið að hágæða þjónustu vísri.

www.olgerdin.is

---



Air Atlanta Icelandic is looking for qualified employees

## Maintenance Planner

**Job description**
The Maintenance Planning department is responsible for a timely and efficient planning of airworthiness and maintenance tasks on aircrafts in the Company´s fleet. Liaison of maintenance requirements with Air Atlanta stations and various maintenance organizations around the world is an essential role of the department along with various other tasks, such as technical support, work pack preparation and material preload.

**Education and Qualifications**
- Hold aircraft maintenance technician license
- Have prior maintenance experience with an air carrier
- Good knowledge of the English language
- Good knowledge and experience in operating computer software programs and handling computer data and information

## Operations Officer

**Job description**
The operation control center is a communication- and control center between all departments and outstations. They prepare, control and supervise the ongoing flight operation in accordance with procedures. The operation control center operates 24/7.

**Education and Qualifications**
- Experience in an airline Operations Environment is preferred
- Excellent attention to detail
- Skills to work under intensive time pressure
- Must be fluent in written and spoken English
- Completed secondary school or similar
- Excellent computer skills

**Application deadline is 12th of July 2016**

For further information and application, please visit: **www.airatlanta.com**
All applications will be answered and treated as confidential

**About Air Atlanta Icelandic**
Air Atlanta Icelandic is one of the largest ACMI service provider in the world. We offer tailor-made solutions to other carriers, both in the passenger and cargo industry. The current fleet consist of sixteen wide-body aircraft of two types; Boeing 747-400 and Airbus A340-300.
We have a worldwide operation but the Company´s headquarters is located in the municipality of Kopavogur, Iceland.

AIR ATLANTA ICELANDIC

Hlíðasmári 3 | 201 Kópavogur | Sími: 458 4000 | airatlanta.com

## RÁÐGJÖF

- Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs

## RÁÐNINGAR

- Réttir starfsmenn í réttum hlutverkum ræður mestu um árangur fyrirtækja

## RANNSÓKNIR

- Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

www.intellecta.is

---

**Hjúkrunarheimili**
Hlíðarhúsum 7.
112 Reykjavík.
Sími. 522 5700.
www.eir.is



## Hjúkrunardeildarstjórar óskast á Eir hjúkrunarheimili

Lausar eru til umsóknar tvær stöður deildarstjóra á Eir hjúkrunarheimili.

Nánari upplýsingar veita,
Kristín Högnadóttir verkefnastjóri hjúkrunar og Edda Björk Arnardóttir mannauðsstjóri í síma: 522 5700
Umsóknir má einnig senda á kristinh@eir.is og edda@eir.is

---

## STARFSMENN ÓSKAST Í VERKSMIÐJU

**ÓSKUM EFTIR 2 STARFSMÖNNUM Í AFLEYSINGAR Í SUMAR:**
**STARFSMANN Á RANNSÓKNARSTOFU**
**STARFSMANN Í STEYPUSTÖÐ**
Umsóknir og meðmæli óskast sent á thorvaldur@ev.is
Einnig er hægt að fá upplýsingar í síma 843 8772
og á staðnum.

Einingaverksmiðjan sérhæfir sig í framleiðslu forsteyptra eininga til byggingaframkvæmda. Fyrirtækið er í forystu á sínu sviði og tækjabúnaður og sérhæfð þekking gerir fyrirtækinu kleift að afgreiða bæði stór og smá bygginga-verkefni fljótt og örugglega.



EININGAVERKSMIÐJAN
Breiðhöfði 10 | 110 Reykjavík | Sími: 414 8700 | www.ev.is | ev@ev.is

---

MOSFELLSBÆR Lágafellsskóli

## Lágafellsskóli Mosfellsbæ

**Má bjóða þér að taka þátt í metnaðarfullu skólastarfi?**

Lágafellsskóli í Mosfellsbæ er heildstæður grunnskóli sem vinnur í anda Uppbyggingarstefnunnar. Starfsemi skólans fer fram í tveimur byggingum þar sem 1. - 2. bekkur er staðsettur í útibúi skólans, Höfðabergi, ásamt 5 ára leikskóladeildum.

**Lausar stöður fyrir næsta skólaár:**

- Umsjónarkennsla á yngsta stigi og miðstigi
- Staða þroskaþjálfa
- Staða stuðningsfulltrúa
- Stöður í leikskóladeild 5 ára barna
- Staða matráðs við Höfðaberg
- Stöður frístundaleiðbeinenda

Nánari upplýsingar um störfin má finna á vefsíðu Mosfellsbæjar www.mos.is

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnar-aðila sendist rafrænt á netfangið **johannam@lagafellsskoli.is**

**Umsóknarfrestur um stöðurnar er til 13.júlí 2016.**

*Við hvetjum fólk af báðum kynjum til að sækja um.*

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

---

## Húsvörður

Húsfélagið Hæðargarði 33-35,108 Reykjavík óskar að ráða húsvörð til starfa í fullt starf.Um er ræða fjölbýli fyrir eldri borgara með 42 íbúðum.

**Verkefni húsvarðar eru meðal annars**

- Umhirða og umsjón húsa, bílageymslu, bílastæða og lóðar.
- Umsjón með sorpgeymslum og þrif gáma eftir losun.
- Þrif á allri sameign.
- Annast minniháttar viðhald og viðgerðir og hafa umsjón og eftirlit með stærri viðhalds-framkvæmdum.
- Vera í góðu sambandi við íbúa og aðstoða þá eftir föngum og utan venjulegs vinnutíma þegar nauðsyn krefur.

**Hæfniskröfur**

- Hafa þjónustulund og vera traustur og samvisku-samur og vera lipur í mannlegum samskiptum.
- Hafa gott auga fyrir því sem betur má fara og vera laghentur og útsjónarsamur.
- Hafa frumkvæði til að takast á við úrbætur.

Húsvörður skal búa í húsinu og eiga bifreið til afnota fyrir húsfélagið samkvæmt nánara samkomulagi. Starfið getur hentað samhentum hjónum.
**Ráðningartími miðast við 1. september 2016.**

**Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá sendist til:**

**Húsfélagið Hæðargarði 33-35, Hæðargarði 33**
**108 Reykjavík**

**Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí 2016.**

---

## Fiskeldisfræðingur
### vaktavinna- framtíðarstarf

SAMHERJI
ICE FRESH SEAFOOD

Íslandsbleikja auglýsir eftir fiskeldisfræðingi eða einstaklingi með sambærilega menntun og/eða reynslu til starfa í landeldisstöðvum félagsins á Suðurnesjum.

- Viðkomandi þarf að hafa metnað fyrir framleiðslu hágæða matvæla
- Brennandi áhuga á að ná stöðugum langtíma umbótum
- Starfið felst í eftirliti, umhirðu, mælingum og skráningum í landeldisstöðvum félagsins á Suðurnesjum
- Menntun á sviði fiskeldisfræði er kostur
- Tölvukunnátta er skilyrði

Mikið þróunarstarf í bleikjueldi er unnið hjá Íslandsbleikju og þar eru möguleikar fyrir áhugasama að hafa áhrif á þróun bleikjueldis til langs tíma. Nú standa yfir stækkunarframkvæmdir í tveimur eldisstöðvum félagsins sem munu skila umtalsverði aukningu á framleiðslu á næstu árum.

Vinsamlega skilið skriflegum umsóknum til Önnu Maríu Kristinsdóttur Starfsmannastjóra Samherja hf Glerárgötu 30, 600 Akureyri eða með tölvupósti á netfangið anna@samherji.is

Nánari upplýsingar á www.samherji.is

Samherji er eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki Evrópu, með víðtæka starfsemi víðsvegar um heim. Samherji hefur á að skipa hæfu og framtakssömu starfsfólki og stjórnendum, öflugum skipaflota, miklum aflaheimildum og fullkomnum verksmiðjum í landi.

Íslandsbleikja er dótturfyrirtæki Samherja og er fiskeldisfyrirtæki sem rekur fimm eldisstöðvar tvær á Suðurnesjum og tvær í Ölfusi og eina í Öxarfirði. Að auki rekur félagið fullkomið sláturhús og fiskvinnslu í Grindavík. Íslandsbleikja er sérhæfð í landeldi og vinnslu á bleikju. Félagið er stærsti bleikjuframleiðandi í heimi og selur afurðir sínar ferskar og frosnar til kröfuhörðustu stórmarkaða og veitingahúsa. Gæði og áreiðanleiki eldisferils Íslandsbleikju er vottaður af óháðum aðila, IMO frá Sviss.

UMFK STOFNAÐ 1938

**Ungmennafélag Kjalnesinga auglýsir eftirfarandi stöður**

**Íþróttafulltrúi**
**50% Starf**

**Sundþjálfari**
**Frjálsíþróttakennari**
**Þjálfari í boltaíþróttum**
**Leiklistakennari**

Sjá nánari upplýsingar á UMFK.is

**Umsóknafrestur er til 15. júlí 2016.**

---

ACE FBO

# Rekstrarstjóri

ACE FBO óskar eftir að ráða öflugan og metnaðarfullan aðila í starf rekstrarstjóra á Keflavíkurflugvelli.

Starfið felur í sér móttöku og umsjón á einkavélum ásamt almennum skrifstofustörfum, samskipti við viðskiptavini, áætlunargerð og önnur tilfallandi verkefni.

Umsækjendur þurfa að hafa menntun í viðskiptafræði eða skyldum greinum. Góð enskukunnátta skilyrði. Framúrskarandi samskiptahæfni. Hreint sakavottorð er skilyrði.

Umsókn skulu sendar á netfangið: **alma@bikf.is**

**Umsóknarfrestur til 10.júlí 2016**

---

EPLI

## Viðskiptastjóri hjá Epli

### Við leitum að viðskiptastjóra til að annast sölu og ráðgjöf til fyrirtækja og opinberra stofnanna.

Viðkomandi þarf að geta unnið vel undir álagi, vera sveigjanlegur og hafa frumkvæði sem og gott auga fyrir nýjum tækifærum.

Epli er sölu- og dreifingaraðili fyrir fjölda vörumerkja á Íslandi m.a. Apple, Libratone og Beats. Viðskiptastjórar sjá um sölu og ráðgjöf til viðskiptavina ásamt tilfallandi sérverkefnum.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Haldgóð menntum sem nýtist í starfinu
- Reynsla af viðskiptastjórnun, ráðgjöf og sölu til fyrirtækja er æskileg
- Brennandi áhugi á tæknibúnaði og lausnum frá Apple.
- Þekking á menntamálum og opinberri stjórnsýslu er kostur
- Frumkvæði, metnaður og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar
- Góð íslensku - og enskukunnátta

Umsóknir skulu, auk ferilskrár, innihalda stutt bréf þar sem fram kemur kynning á viðkomandi og hvers vegna hann telur starfið henta sér.

Vinsamlegast sendið umsóknir á netfangið **atvinna@epli.is** fyrir 10. Júlí.



Epli.is er sölu-, þjónustu- og dreifingaraðili Apple á Íslandi.

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

---

# **HS ORKA** leitar að öflugum liðsmönnum til starfa til fyrirtækisins

## Sérfræðingur á fjármálasviði – umsýsla verkefnis á vegum Evrópusambandsins

Verkefnið er í samstarfi við tæknisvið HS Orku vegna djúpborunarverkefnis í umsjá fyrirtækisins.

### Helstu verkefni

- Bókhaldsleg umsýsla verkefnisins.
- Umsjón með útgreiðslum og fjárreiðum.
- Umsýsla og samskipti við aðra styrkþega.
- Samskipti við samstarfsaðila innan og utan fyrirtækisins.
- Önnur tilfallandi verkefni á fjármálasviði.

### Hæfniskröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Góð bókhaldsþekking og skilningur á fjármálum.
- Góð tungumálakunnátta (enska).
- Gott vald á upplýsingatækni.
- Samskiptahæfni, sjálfstæði og frumkvæði.

## Sérfræðingur í Upplýsingatækni

Upplýsingatækni HS Orku samanstendur af stjórnbúnaði orkuvera og upplýsingatækni fyrirtækisins. Leitast er eftir einstaklingi sem hefur brennandi áhuga á tækni og hefur mjög ríka þjónustulund.

### Helstu verkefni

- Rekstur á upplýsingakerfum.
- Dagleg notendaþjónusta og kerfisumsjón.
- Uppsetning og þjónusta á vél- og hugbúnaði.
- Rekstur á stjórn- og varnaliðabúnaði orkuvera.
- Samskipti við þjónustuaðila og birgja.
- Vinna að úrbótum og endurnýjun upplýsingakerfa sem og kerfa orkuvera.

### Hæfniskröfur

- Menntun og reynsla á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði, tæknifræði eða verkfræði.
- Reynsla af rekstri Microsoft umhverfis, útstöðvum og netþjónum.
- Þekking á Microsoft SQL, skýrslugerð og gagnagrunnum æskileg.
- Microsoft prófgráður eru kostur.
- Þekking á Dynamics Ax er kostur.
- Reynsla úr rafmagnsfræðum er kostur.
- Samskiptahæfni, sjálfstæði og frumkvæði.

Nánari upplýsingar veitir Petra Lind Einarsdóttir, mannauðsstjóri.
Sótt er um starfið á heimasíðu fyrirtækisins. **Umsóknarfrestur er til og með fimmtudags 14. júlí 2016.**

**HS ORKA hefur verið leiðandi í framleiðslu endurnýjanlegrar orku í 40 ár** og ætlar sér enn stærri hluti í orkuframleiðslu á umhverfisvænan hátt samfélaginu til hagsbóta. Hjá fyrirtækinu starfar öflugur hópur sérfræðinga með mikla reynslu og þekkingu á sínu sviði. Heildarfjöldi starfsmanna er um 60. Fyrirtækið á og rekur tvær jarðvarmavirkjanir, Orkuverið í Svartsengi og Reykjanesvirkjun sem eru grundvöllur Auðlindagarðs hvar markmiðið er að öllum straumum sé breytt í verðmætar auðlindir.

HS ORKA

**www.hsorka.is**

---



Ábyrgð
Virðing
Traust

# Tölvunarfræðingur – kerfisfræðingur – verkfræðingur

Embætti landlæknis óskar eftir að ráða tölvunarfræðing, kerfisfræðing eða verkfræðing til starfa á heilbrigðisupplýsingasviði. Um er að ræða fullt starf. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem reynir á öguð vinnubrögð, samskiptahæfni og fagmennsku.

### Helstu verkefni

- Þátttaka í uppbyggingu og rekstri gagnagrunna embættisins.
- Vinna við gagnagrunnsforritun og gagnaúrvinnslu, innanhúss og fyrir vefinn.
- Þátttaka í þróun vöruhúsa gagna og rekstur þeirra.
- Forritun smærri innanhússverkefna og veflausna.
- Þátttaka í rekstri hugbúnaðarkerfa almennt í samstarfi við teymisstjóra.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun og reynsla á sviði tölvunarfræði, kerfisfræði eða verkfræði.
- Góð þekking á SQL og Oracle-umhverfi (eða öðrum gagnagrunnum).
- Reynsla í útbreiddu forritunarmáli og notkun þróunartóla (t.d. .NET) æskileg.
- Þekking á vöruhúsatólum og viðskiptagreind, t.d. SAP/BO ETL, IDT og WEBI er kostur.
- Þekking á Linux og Windows umhverfi er kostur.
- Færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og geta til að vinna sjálfstætt og í teymi.

Leitað er að áhugasömum einstaklingi sem hefur frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi, er lipur í mannlegum samskiptum og reiðubúinn til að starfa í samræmi við gildi embættisins.

Næsti yfirmaður er sviðsstjóri heilbrigðisupplýsingasviðs. Sviðið ber m.a. ábyrgð á heilbrigðisskrám og öðrum gagnagrunnum embættisins og hefur yfirumsjón með upplýsingakerfum þess. Mörg spennandi verkefni sem snúa að þróun upplýsingakerfa embættisins eru á dagskrá.

Umsókn með ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi þar sem fram kemur ástæða umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda í starfið sendist til skrifstofu Embættis landlæknis eða á netfangið mottaka@landlaeknir.is, merkt starfsumsókn.

Umsóknarfrestur er til og með 14. júlí 2016. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Embætti landlæknis áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Nánari upplýsingar veita Hólmfríður Pálsdóttir (holmfridur.palsdottir@landlaeknir.is) og Sigríður Haraldsdóttir (shara@landlaeknir.is).

Embætti landlæknis
Directorate of Health

Barónsstíg 47 • 101 Reykjavík • Sími 5101900 • Bréfasími 5101919 • mottaka@landlaeknir.is • www.landlaeknir.is




# VERKFRÆÐINGUR Á GÆÐASVIÐI

Hefur þú brennandi áhuga á að takast á við krefjandi starf hjá einu framsæknasta fyrirtæki landsins? Össur leitar að metnaðargjörnum, jákvæðum og skipulögðum einstaklingi til að vinna í öflugum hópi hjá alþjóðlegu gæðasviði Össurar.

## STARFSSVIÐ

- Móttaka skilavara og umsýsla kvartana
- Bilanagreiningar og skýrslugerðir
- Upplýsingamiðlun til mismunandi deilda varðandi bilanagreiningar
- Umsýsla gagngrunna sem tengjast bilanagreiningum

## HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, BSc í tæknifræði, verkfræði
- Reynsla í úrvinnslu gagna í Excel og Pivot töflum kostur
- Reynsla í vélbúnaði og bilanagreiningum kostur
- Mjög góð enskukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí 2016. Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf.

Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

Jafnlaunaúttekt PwC 2014

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 2700 manns í 19 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

WWW.OSSUR.COM

---

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.




## » Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

**■ Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

**■ Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

**■ Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

**■ Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

**■ Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

**■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

**■ Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

**■ Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fjarðargata 13 - 15 • 220 Hafnarfjörður • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Vistbyggðarráð

## Vistbyggðarráð auglýsir eftir framkvæmdastjóra

Við leitum eftir drífandi einstaklingi til að starfa með stjórn Vistbyggðarráðs að fjölbreyttum og spennandi verkefnum.

**Verksvið:**

- Sinna daglegum rekstri félagsins.
- Koma starfsemi Vistbyggðarráðs á framfæri.
- Skipuleggja og halda utan um viðburði og vinnuhópa á vegum félagsins.
- Sinna fjáröflun fyrir félagið og leita fjármögnunar fyrir sérstök verkefni.

**Hæfniskröfur:**

- Jákvæðni, samstarfshæfni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Þekking á umhverfismálum, skipulagi eða byggingastarfsemi er skilyrði
- Reynsla og árangur í verkefnastjórnun er æskileg.
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Kunnátta í íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli.
- Sjálfstæð, öguð og skipulögð vinnubrögð.
- Reynsla af kynningar og sölumálum nýtist vel.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starfið er hálft stöðugildi.
Umsóknir berist formanni stjórnar, Elínu Vignisdóttur (ev@verkis.is).
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
**Umsóknarfrestur er til og með 7. júlí.**

*Vistbyggðarráð er samstarfsvettvangur 40 fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga sem vilja stefna að vistvænum starfsháttum við skipulag, hönnun, byggingu og rekstur mannvirkja á Íslandi. Við erum einbeitt í að marka leiðina að sjálfbærri þróun íslenskra mannvirkja.*

www.medor.is

MEDOR

## METNAÐARFULLUR VIÐSKIPTASTJÓRI Á HEILBRIGÐISMARKAÐI

Viltu vera í hópi metnaðarfullra starfsmanna hjá vaxandi fyrirtæki á heilbrigðismarkaði? MEDOR ehf. leitar að starfsmanni í fjölbreytt og krefjandi starf viðskiptastjóra hjúkrunarvara og lækningatækja.

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun innan heilbrigðisvísinda t.d hjúkrunarfræði eða heilbrigðisverkfræði
- Þekking og/eða reynsla úr sambærilegum störfum er kostur
- Menntun eða reynsla af vinnu á skurðstofu og/eða gjörgæsludeild er kostur
- Frumkvæði, jákvætt viðmót og góðir samskiptahæfileikar
- Skipulagshæfileikar og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð tölvu- og enskukunnátta
- Tungumálakunnátta í einu Norðurlandamáli er kostur
- Færni í tjáningu í ræðu og riti

### STARFSSVIÐ

- Kynning, sala og markaðssetning á hjúkrunarvörum og lækningatækjum til heilbrigðisstofnana
- Kennsla og innleiðing auk eftirfylgni
- Samskipti við erlenda birgja
- Útboðs- og tilboðsgerð

Nánari upplýsingar um starfið veita **Ólafía Ása Jóhannesdóttir deildarstjóri (asa@medor.is) s. 665 7001** eða **Vilborg Gunnarsdóttir mannauðsstjóri (vilborg@medor.is) s. 824 7136.**

Aðeins er tekið við umsóknum í gegnum ráðningarvef MEDOR **www.medor.is** og eru umsækjendur beðnir um að láta ferilskrár fylgja með. Umsóknarfrestur er til 11. júlí nk.

***Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.***

*MEDOR er leiðandi í ráðgjöf, sölu og þjónustu á hágæða lækninga-, hjúkrunar- og rannsóknarvöru. Helstu viðskiptavinir MEDOR eru heilbrigðisstofnanir, apótek, rannsóknarstofur í líftækni, efnagreiningu og lyfjaiðnaði.*

VERITAS vistor ARTASAN DISTICA

STRÁ



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

**Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.**

**Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.**

**Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.**

www.stra.is

Vinnumálastofnun

VINNUMÁLA STOFNUN

# Forstöðumaður nýrrar þjónustuskrifstofu fyrir húsnæðisbætur á Sauðárkróki

Laus er til umsóknar ný staða forstöðumanns hjá **Vinnumálastofnun.**

Á verksviði forstöðumannsins verður að annast framkvæmd nýrra laga um húsnæðisbætur, í samstarfi við yfirstjórn stofnunarinnar. Lögin taka gildi um næstu áramót. Í starfinu felst að veita forstöðu nýrri þjónustuskrifstofu **Vinnumálastofnunar á Sauðárkróki** sem opnuð verður á næstunni og skipuleggja starfsemi hennar. Gert er ráð fyrir að þar muni starfa 12-14 manns. Forstöðumaðurinn mun heyra undir sviðsstjóra stjórnsýslu og afgreiðslusviðs stofnunarinnar. Leitað er eftir einstaklingi sem hefur reynslu af stjórnun og á auðvelt með að tileinka sér gildi **Vinnumálastofnunnar**: Fyrirmyndarþjónusta; Virðing; Áreiðanleiki.

Forstöðumannsins bíður að sinna afar krefjandi verkefnum með jákvæðum og uppbyggjandi samstarfshópi. Starfshlutfall er 100%.

## Hæfnikröfur:

- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði
- Samstarfshæfni
- Hæfni í verkefnastjórnun
- Góð þekking og kunnátta í framkvæmd stjórnsýslulaga og annarra laga er opinberan rekstur varða
- Góð kunnátta í ensku og einu norðurlandamáli

## Menntun:

Fullnaðarpróf í lögfræði, opinberri stjórnsýslu, eða önnur sambærileg háskólamenntun.

Miðað er við að viðkomandi hefji störf 1. ágúst 2016.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Sækja skal um starfið á Starfatorgi: www.starfatorg.is/serfraedistorf/forstodumadur-vinnumalastofnun-thjonustuskrifstofa-fyrir--husaleigubaetur-saudarkrokur-201606-888

**Umsóknarfrestur er til og með 11. júlí 2016.**

Nánari upplýsingar um starfið veita Vilmar Pétursson mannauðsstjóri eða Unnur Sverrisdóttir aðstoðarforstjóri í síma 515-4800.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

KAFFIVÉLAR, ELDHÚSÁHÖLD, POTTAR OG PÖNNUR, VÖFFLUJÁRN, BLANDARAR, DISKAR OG GLÖS, HEILSUGRILL, BORÐBÚNAÐUR, SAFAPRESSUR, BÖKUNARVÖRUR, RYKSUGUR, SUMAR- OG GRILLVÖRUR, BRAUÐRISTAR, HRAÐSUÐUKÖNNUR, ELDFÖST MÓT, HITAKÖNNUR OG BRÚSAR, BAÐVOGIR OG MARGT FLEIRA!
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!
byggtogbúið
568 9400 byggtogbuid.is | Kringlunni
facebook.com / byggtogbuid
Sjáðu allar útsöluvörurnar á byggtogbuid.is
Líkaðu við okkur á Facebook: www.facebook.com/byggtogbuid

# Boltastrákar *vúdúlæknisins*



**Saga til næsta bæjar**

**Stefán Pálsson** skrifar um knattspyrnuævintýri smáríkis.



Ísland hefur upplifað sannkallað fótboltafár undanfarnar vikur. Af umfjöllun fjölmiðla hefur helst mátt skilja að aldrei fyrr hafi smáþjóð eða dvergar á knattspyrnuvellinum komist á stórmót og látið þar til sín taka. Sú er þó að sjálfsögðu ekki raunin.

Eitt magnaðasta ævintýri heimsfótboltasögunnar átti sér stað fyrir rúmum fjórum áratugum, þegar eyríkið Haítí komst á HM í Vestur-Þýskalandi árið 1974. Afrekið var þeim mun stærra ef haft er í huga að á þeim árum var úrslitakeppnin einungis með sextán keppnisliðum og voru flest sætin frátekin fyrir stóru knattspyrnuálfurnar tvær: Evrópu og Suður-Ameríku.

Asía og Eyjaálfa máttu sætta sig við að deila einu sæti, sem að þessu sinni kom í hlut Ástrala. Afríka átti einn fulltrúa í Vestur-Þýskalandi, lið Zaire. Og knattspyrnusamband Norður- og Mið-Ameríku átti sitt eina sæti á HM, sem oftast nær kom í hlut Mexíkó. Ekki sáu Evrópubúar nokkra ástæðu til að breyta þessari tilhögun, sem að lokum leiddi til hallarbyltingar innan Alþjóðaknattspyrnusambandsins FIFA og hjálpaði síðar hinum gjörspillta Sepp Blatter til valda.

Sem fyrr segir báru Mexíkóar höfuð og herðar yfir aðrar knattspyrnuþjóðir í sínum heimshluta, bæði í krafti fjölda og þess að fótboltinn í Mexíkó átti peninga, með ríkum félagsliðum og stöndugu knattspyrnusambandi. Frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar til og með 1970 átti Mexíkó fast sæti í úrslitakeppni HM, síðast sem gestgjafi þar sem liðið komst alla leið í fjórðungsúrslit. Að Haítí næði að ýta Mexíkóum af stalli um skeið, átti sér langan aðdraganda og sérstakar skýringar.

Fótbolti er trúarbrögð um gjörvalla Rómönsku-Ameríku og þar er Haítí engin undantekning. Stærsta nafnið í knattspyrnusögu eyríkisins er maður að nafni Joe Gaetjens. Hann vann sitt stærsta afrek þó í landsliðsbúningi annars lands, Bandaríkjanna, á HM í Brasilíu árið 1950. Þá skoraði Gaetjens mark bandaríska liðsins í 1:0 sigri á Englendingum, sem oft eru talin óvæntustu úrslit allra tíma. Til marks um það hversu fráleit þau þóttu, ákváðu símritarar í Bretlandi að um innsláttarvillu hlyti að vera að ræða í fréttaskeytum og breyttu úrslitunum í 1:10 fyrir England.



## Blóðug spor læknisins

Árið 1957 komst François Duvalier til valda á Haítí. Hann naut stuðnings þeldökkra efnaminni íbúa landsins, sem töldu sig órétti beitta af ríkri yfirstétt kynblendinga eða múlatta eins og þeir voru nefndir þá og stundum síðar. Sigur Duvaliers var afgerandi, en fyrri valdhafar hugsuðu sitt. Innan árs var gerð misheppnuð valdaránstilraun og í kjölfar hennar tók Duvalier mjög að herða tökin.

Forsetinn kom sér upp dauðasveitum með hrottum sem óku um stræti höfuðborgarinnar Port-au-Prince, handsömuðu meinta og raunverulega andstæðinga forsetans og létu þá hverfa. Enginn var óhultur fyrir morðæðinu, þannig var Joe Gaetjens í hópi þeirra sem drepnir voru af dauðasveitunum, fyrir þær sakir einar að ættingjar hans höfðu látið sig stjórnmál varða. Kommúnistar voru sérstaklega ofsóttir, sem tryggði forsetanum velvild og stuðning Bandaríkjastjórnar.

Oflæti Duvaliers, sem kallaður var Papa Doc vegna ferils síns sem læknir á yngri árum, jókst hröðum skrefum. Hann lét skipa sig forseta til lífstíðar árið 1964 og persónudýrkun á honum varð sífellt fyrirferðarmeiri. Við þetta bættist daður forsetans við vúdú-trú, sem tók stundum á sig stórfurðulegar myndir líkt og þegar hann sannfærðist um að andstæðingur sem hann lét myrða hefði endurholdgast sem svartur hundur, með þeim afleiðingum að Duvalier lét drepa alla svarta hunda í höfuðborginni.

Duvalier komst að sömu niðurstöðu og fleiri einræðisstjórnir að velgengni á íþróttasviðinu væri auðveld leið til að auka vinsældir hans meðal þjóðarinnar og treysta völdin. Ófáar herforingjastjórnir Suður-Ameríku höfðu leikið sama leikinn, stundum með dágóðum árangri til skamms tíma. Má þar nefna stjórnina í Brasilíu sem taldi velgengni landsliðsins lykilatriði í að halda völdum.

Duvalier veðjaði á fótboltann og hóf að dæla peningum í þjálfun og uppbyggingu keppnis- og æfingarvalla. Árangurinn lét ekki á sér standa. Haítí komst skjótt í röð sterkari liða í Karíbahafinu og var að mörgu leyti óheppið að komast ekki á HM 1970. Mexíkóar voru þá gestgjafar og því dauðafæri fyrir aðrar þjóðir að tryggja sér Norður- og Mið-Ameríkusætið, sem kom að lokum í hlut El Salvador.

## Dómaraskandall

Árið eftir lést François Duvalier og við tók sonur hans, Jean-Claude, aðeins nítján ára að aldri. Í fyrstu virtist Jean-Claude ætla að verða föðurbetrungur. Hann dró nokkuð úr mannréttindabrotum og gaf fjölda pólitískra fanga frelsi, ekki hvað síst til þess að friða bandarísk stjórnvöld sem voru farin að ókyrrast vegna stjórnarfarsins í landinu.

Þetta reyndist svikalogn og valdatími Jean-Claude eða Bebe Doc reyndist undirlagður af ofbeldi, kúgun og spillingu. Hann hrökklaðist að lokum frá völdum árið 1986 og var bjargað með bandarískri herflugvél til Frakklands í útlegð. En fyrstu valdaár forsetans unga naut hann góðs af jákvæðari ímynd og erlent fjármagn, einkum bandarískt, streymdi til Haítí.

Bebe Doc kaus að halda fótboltaævintýri föður síns áfram og náði að tryggja landinu Norður- og Mið-Ameríkukeppnina CONCACAF árið 1973 með ærnum tilkostnaði. Um var að ræða úrslitakeppni sex liða í einum riðli og skyldi sigurvegarinn hljóta að launum sæti heimsálfunnar á HM árið eftir.

Þrjú lið voru í sérflokki: heimamenn, Mexíkóar og Trínídad & Tóbagó. Síðastnefnda liðið mætti gestgjöfunum snemma í mótinu í ævintýralegum leik. Fjögur mörk Trínídad voru dæmd af án sjáanlegrar ástæðu og leikmönnum þeirra neitað um nokkrar augljósar vítaspyrnur. Haítí marði 2:1 sigur og flestir bjuggust við því að úrslitin yrðu kærð vegna dómaramisferlis. Sú kæra barst hins vegar aldrei. Kornungur formaður knattspyrnusambands Trínídad tók þá ákvörðun einn síns liðs að una úrslitunum. Hann hét Jack Warner og er höfuðpaurinn í flestum þeim spillingarmálum sem fylgt hafa alþjóðaknattspyrnuhreyfingunni á liðnum árum.

Haítí fór með sigur af hólmi á CONCACAF og gat meira að segja leyft sér að tapa í lokaleiknum gegn Mexíkó. Drengirnir hans Duvaliers voru komnir til Vestur-Þýskalands og einræðisherrann ungi var staðráðinn í að baða sig í ljómanum af árangri landsliðsins. Leikmenn og liðsstjórar voru tíðir gestir í forsetahöllinni og ekki stóð á loforðum um gull og græna skóga ef árangurinn yrði viðunandi.

## Afdrifaríkt lyfjapróf

Drátturinn í riðlana gaf ekki tilefni til bjartsýni. Haítí fékk ógnarsterka andstæðinga: Pólverja sem höfnuðu í þriðja sæti í keppninni, Argentínumenn og Ítali. Fyrsti leikurinn var gegn Ítölum sem státuðu af markverðinum Dino Zoff á milli stanganna. Ítalski markvörðurinn hafði haldið hreinu í um 1.100 mínútur, sem var heimsmet. Það þóttu því mikil tíðindi þegar Manno Sanon, framherji Haítí, kom liði sínu yfir í byrjun seinni hálfleiks. Í fáeinar mínútur virtist það ómögulega ætla að gerast, en ítalska liðið jafnaði sig fljótt og tryggði sér 3:1 sigur.

Allir máttu vel við una. Haítíliðinu hafði tekist að standa í knattspyrnurisanum Ítalíu og fundið leið fram hjá hinum ósigrandi Zoff. En svo riðu ósköpin yfir.

Tveir af leikmönnum Haítí voru kallaðir í reglubundið lyfjapróf í leikslok: markskorarinn Sanon og miðjumaðurinn Ernst Jean-Joseph. Lyfjapróf voru tiltölulega ný af nálinni á stórmótum og raunar fremur framkvæmd af skyldurækni en því að knattspyrnuyfirvöld hefðu raunverulegar áhyggjur af lyfjanotkun.

Ólögleg efni mældust í sýni Jean-Josephs, sem þegar gaf þá skýringu að um mistök liðslæknisins hefði verið að ræða, þar sem hann hefði tekið inn lyf við astma. Góðar líkur voru á að FIFA hefði tekið afsökunina góða og gilda, enda var það sjónarmið útbreitt að árangursbætandi lyf væru í raun aðeins vandamál í einstaklingsíþróttum og kæmu að litlu gagni í fótbolta.

Liðslæknir Haítí varð hins vegar skelfingu lostinn og óttaðist reiði Duvaliers vegna málsins. Hann hljóp því til og vísaði frá sér allri ábyrgð. Hann þrætti fyrir að Jean-Joseph hefði látið vita af astmanum eða lyfjatökunni. Öryggislögregla Duvaliers, sem hafði náð eftirlit með landsliðshópnum, ákvað að taka málið í sínar eigin hendur. Þeir misþyrmdu Jean-Joseph hrottalega á hótelinu og drógu hann svo á brott fyrir augum liðsfélaganna. Leikmaðurinn var sendur vestur um haf, þar sem honum var að lokum sleppt úr haldi – en það fengu félagar hans ekki að vita fyrr en löngu síðar.

Eins og gefur að skilja rauk öll leikgleði landsliðsmanna út í veður og vind við atvikið. Leikmennirnir töldu að Jean-Joseph lægi á botni Atlantshafsins og öryggislögreglumennirnir létu dólgslega, otuðu vopnum sínum að liðinu og létu í það skína að ekki væri von á góðu þegar komið yrði aftur heim. Haítí sá ekki til sólar í leikjunum tveimur sem eftir voru. Uppskeran varð rýr: þrjú töp í leikjunum þremur og markatalan 14:2.

Duvalier var ekki skemmt og loforðin fögru um hús og bíla fyrir leikmenn landsliðsins urðu að engu. Hins vegar stillti hann sig um frekari hefndaraðgerðir og Ernst Jean-Joseph átti meira að segja afturkvæmt í landsliðið, sem fór nærri því að komast í úrslitakeppni HM fjórum árum síðar. En þá hafði áhugi forsetans á íþróttinni minnkað, líkt og svo margir aðrir einræðisherrar hafði hann áttað sig á að fótbolti er of óútreiknanlegur til að gagnast vel sem pólitískt tæki til lengdar.

# ÚTSALAN ER HAFIN

STRÁIN
6.746,-
ÁÐUR 14.990,-



YFIR 40 TEGUNDIR Á ÚTSÖLU

# ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR



SVUNTUR FRÁ 1.794 KR

Upphlutssvunta
Nú 3.594 kr. Áður 5.990 kr.



50% AF ÖLLUM BARNAFÖTUM

Barnafatalína fyrir stráka og stelpur
Kjóll - langerma 1.745 kr. Áður 3.490 kr.



40% AF ÖLLUM BARNARÚMFÖTUM

Sveitin mín 70x100
Nú 5.394 kr. Áður 8.990 kr.



40% AF ÖLLUM DÚNTEPPUM

Dúnteppi ljósbrúnt 140x200
Nú 5.994 kr. Áður 9.990 kr.



Barnasæng - 100% dúnn - Stærð 100x140
Nú 11.044 kr. Áður 16.990 kr.



35% AF ÖLLUM KODDAVERUM

Biðukolla koddaver 50x70
Nú 1.879 kr. Áður 2.890 kr.

OKKAR STÆRSTA ÚTSALA FRÁ UPPHAFI

UEFA EURO2016 FRANCE

TIL HAMINGJU MEÐ
STÓRKOSTLEGAN
ÁRANGUR Á EM

Lín DESIGN

LAUGAVEGI 176 | GLERÁRTORGI | KRINGLAN | LINDESIGN.IS



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og systir,

**Kolbrún Gísladóttir**

lést þann 26. maí.

Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey.

**Eva Bergmann Guðlaugsdóttir**
**Helena Guðlaugsdóttir** **Brynjúlfur Guðmundsson**
**Thelma María Forberg**
**Gabriel Bergmann**
**Marin Eva Brynjúlfsdóttir**
**Guðrún Klara Brynjúlfsdóttir**
**og systkini hinnar látnu.**



†

Elskulegur eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir, afi,
langafi og langalangafi,

**Sólmundur Jónsson**

frá Ársól, Akranesi,
Lóulandi 7,
Garði,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 29. júní.
Útförin fer fram frá Útskálakirkju
miðvikudaginn 6. júlí kl. 13.00.

**Sigríður Stephensen**
**Ingibjörg Sólmundardóttir** **Loftur Sigvaldason**
**Sigrún Sólmundardóttir** **Haraldur Magnússon**
**Sigurborg Sólmundardóttir** **Hans Wíum**
**Jón Sólmundarson** **Sigurbirna Ágústsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**



†

Ástkær sambýlismaður minn
og bróðir okkar,

**Arnþór Jón Þorsteinsson**

frá Moldhaugum,
Skálateigi 1,
Akureyri,

sem lést að heimili sínu 21. júní, verður jarðsunginn frá
Akureyrarkirkju mánudaginn 4. júlí kl. 13.30.

Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem
vildu minnast hans er bent á Lautina á Akureyri, sem er
athvarf fyrir fólk með geðraskanir. Hægt er að leggja inn á
reikn. 565-26-4632. kt. 650101-3320 .

**Guðlaug H. Jónsdóttir**
**Ester Þorsteinsdóttir**
**Þröstur Þorsteinsson** **Saard Wijannarong**
**Rósa Þ. Þorsteinsdóttir** **Bjarni R. Ingvason**
**Eygló H. Þorsteinsdóttir** **Baldur J. Helgason**
**Margrét H. Þorsteinsdóttir** **Oddur H. Halldórsson**
**Ása B. Þorsteinsdóttir** **Kristþór Halldórsson**

# Afrakstur áratuga vinnu

**Íslenskar fléttur, ný bók Harðar Kristinssonar grasafræðings, er fyrsta heildarrit sem út kemur um skófirnar sem skreyta klappir, móa og skóga þessa lands.**

Mynsturskræpa, næturskóf, viðarskegg, tíglarein og fjallakúpa eru meðal nafna á fléttum (skófum) í náttúru Íslands. Hörður Kristinsson grasafræðingur lýsir þeim í máli og myndum í nýrri bók, ásamt 387 öðrum. Hún heitir Íslenskar fléttur og er sú fyrsta um þennan hluta flórunnar. Á bak við hana er áratuga rannsóknarstarf Harðar sem nú nálgast áttrætt. Hann tók allar myndirnar nema tvær, þær minna á listaverk eftir Kjarval. Hann hefur líka gefið flestum fléttunum nöfn eftir ákveðnu kerfi en gömul alþýðunöfn eins og álfabikar, engskóf og fjallagrös halda sér.

Hörður segir upphafið að bókinni mega rekja til könnunar á landnámi gróðurs í Surtsey, meðal annars fléttna. „Sérfræðingar frá Bandaríkjunum töldu að til þess þyrfti að fá upplýsingar um fléttur á Íslandi í heild. Þá var ég við doktorsnám í líffræði í Þýskalandi og var fenginn til að rannsaka fléttuflóru Íslands sem var draumur minn. Því tók við tveggja sumra ferðalag um allt landið við að safna fléttum. Það var risastórt verkefni sem má þakka Surtsey.“

**Því tók við tveggja sumra ferðalag um allt landið við að safna fléttum. Það var risastórt verkefni sem má þakka Surtsey.**

Nær 800 tegundir fléttna hafa fundist hér á landi og er alltaf að fjölga, að sögn Harðar. „Þó þurfa fléttur dálítinn tíma til að ná fótfestu því þær eru sambýli þörungs og svepps, sem flækir dálítið málið,“ lýsir hann. Hann segir fléttur forðast uppblástur og á móbergssvæðum sé mun minna um þær en á blágrýtissvæðum. „Við höfum bæði suðlægar tegundir og norðlægar, landrænar tegundir og úthafstegundir. Það er aðallega loftslagið sem ræður.“

Bókin er ekki í stóru broti og kemst vel í venjulegan bakpoka. „En það er svolítið þungur í henni pappírinn,“ segir Hörður. Þannig að hún sígur aðeins meira í en æskilegt væri.“

**gun@frettabladis.is**



**„Það voru níutíu rannsóknarstaðir sem ég kortlagði og kannaði fléttur á. Ég dreifði þeim um allt landið, út á ystu annes og inn til landsins,“ lýsir Hörður.** MYND/AUÐUNN NÍELSSON





ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Lögfræðiþjónusta*

Veist þú hvert eignir þínar renna
eftir þinn dag? Kynntu þér málið á
heimasíðu okkar, www.útför.is.
Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur
í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð
erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**




†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Gróa Svanheiður Árnadóttir**

áður til heimilis að Hverfisgötu 40,
Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 19. júní.

Jarðarförin fer fram í Hafnarfjarðarkirkju
þriðjudaginn 5. júlí kl. 13.00.

**Ingibjörg Pálsdóttir** **Kjartan Kjartansson**
**Árni Pálsson** **Þuríður Ingvarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Innilegar þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð, hlýhug og vináttu
við andlát og útför móður okkar,
tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Ragnhildar Eyju Þórðardóttur**

fyrrverandi deildarstjóra í
heilbrigðisráðuneytinu,

sem lést á Landspítalanum 9. júní.

**Sigríður Elín Sigfúsdóttir** **Oddur Carl Einarsson**
**Arnór Þórir Sigfússon** **Gunnhildur Óskarsdóttir**
**Gunnlaugur Sigfússon** **Sólveig Kristjánsdóttir**
**barnabörn og fjölskyldur.**



†

Ástkær móðir okkar og systir,

**Katrín Jónsdóttir**

12 rue Abel Ferry – París,

lést þann 27. júní sl. í París.

Minningarathöfn verður haldin í
Stykkishólmi, auglýst síðar.

**Eiríkur, Audrey og Elsa Dóra Amsellem,**
**Sigurjón, Sigríður, Ingibjörg, Högni,**
**Rannveig, Áslaug og Sif Jónsbörn.**



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda
samúð og hlýhug vegna andláts og
útfarar elskulegs frænda og vinar,

**Hallbjörns Péturs Benjamínssonar**

Skólabraut 10, Seltjarnarnesi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks og
vistmanna á Bjargi, Seltjarnarnesi.

**Elín Guðmundsdóttir** **Bergmann Bjarnason**

# 100 ára afmæli

**Geir R. Tómasson**

Hrærðum huga og hjarta þakka ég ykkur öllum sem glödduð mig og heiðruðuð á aldarafmæli mínu og bið ykkur öllum blessunar Guðs.

---



Ástkær sambýliskona mín, móðir og dóttir,

**Sigrún Birna Grímsdóttir**

Höfðabraut 2, Akranesi,

andaðist á heimili sínu 16. júní. Útförin fór fram í kyrrþey 29. júní.

Opnaður hefur verið styrktarsjóður fyrir syni hennar. Bankanr. 0114-15-382722. Kennitala 010978-4759.

**Þorvaldur Ingi Guðjónsson,**
**Grímur Ingi Einarsson, Haukur Logi Einarsson,**
**Bergsteinn Mar Einarsson,**
**Grímur Þóroddsson, Þórný Sigurjónsdóttir,**
**fjölskylda og vinir.**

---



Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Andrésar Hauks Ágústssonar**

frá Hemlu, V-Landeyjum,
til heimilis að Seljahlíð, Hjallaseli 55.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Seljahlíðar.

**Aðalbjörg Kristjánsdóttir**
**Ágúst Ingi Andrésson** **Bryndís Jónsdóttir**
**Ingibjörg Andrésdóttir** **Hreinn Guðmundsson**
**Guðjón Már Andrésson**
**Helgi Magnússon**
**afa- og langafabörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ragna Jónsdóttir**

lést á Hjúkrunarheimilinu Mörk þriðjudaginn 28. júní.

Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 7. júlí klukkan 13.

Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er vinsamlegast bent á MS-félag Íslands.

**Theodór Jóhannesson**
**Björn Theodórsson** **Valgerður Kristjónsdóttir**
**Helga Theodórsdóttir** **Örn Friðrik Clausen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær frændi okkar,

**Sigurður Reimarsson**

(Siggi Reim)

lést á Dvalarheimili aldraðra, Hraunbúðum í Vestmannaeyjum, þann 27. júní sl.

Útförin fer fram frá Landakirkju laugardaginn 9. júlí kl. 14.

**Anna Ingibjörg Lúðvíksdóttir**
**Sigurður Ingi Lúðvíksson**
**Bjarni Reynir Bergsson**
**Sigurpáll Bergsson**
**Bergur Bergsson**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær dóttir okkar, systir, mágkona og frænka,

**Þórný Jónsdóttir**

frá Reyni í Mýrdal, til heimilis að Sólheimum í Grímsnesi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi þriðjudaginn 28. júní.

Útförin fer fram frá Reyniskirkju í Mýrdal þriðjudaginn 5. júlí klukkan 14.

**Jón Sveinsson**
**Erla Pálsdóttir**
**systkini og fjölskyldur.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Sigríður Steinunn Jónasdóttir**

frá Brekkum,

lést 26. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 5. júlí klukkan 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á kvennadeild Landspítalans.

**Pálmi Sævar Þórðarson** **Hafdís Ásgeirsdóttir**
**Jónas A. Þórðarson** **Heiðrún P. Maack**
**Bergrún Lilja, Guðný Lilja, Pétur Geir,**
**Guðbjörg Stella og Júlíana.**

---



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför sonar míns, bróður okkar og vinar,

**Richarðs Þórs Ásgeirssonar**

flugvallarstjóra.

Sérstakar þakkir til HSSK, True North, ISAVIA og Brunavarðafélagsins og allra sem hafa stutt okkur.

**Dóra Georgsdóttir**
**Ásgeir Ásgeirsson** **Berglind Ólafsdóttir**
**Fanný Fjóla Ásgeirsdóttir**
**Viðar Ásgeirsson** **Guðrún María Einarsdóttir**

---



Kærar þakkir fyrir hlýjar kveðjur og vinarhug vegna fráfalls og útfarar

**Margrétar Indriðadóttur**

fyrrverandi fréttastjóra.

**Örnólfur Thorsson og Margrét Þóra Gunnarsdóttir**
**Guðmundur Andri Thorsson og Ingibjörg Eyþórsdóttir**
**Margrét Edda Örnólfsdóttir, Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir,**
**Gunnar Thor Örnólfsson, Svandís Roshni Guðmundsdóttir,**
**Sólrún Liza Guðmundsdóttir**

---



Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sigvaldi Ármannsson**

bóndi,
Borgartúni, Þykkvabæ,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 26. júní.

Útförin fer fram frá Þykkvabæjarkirkju miðvikudaginn 6. júlí kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Jóna Katrín Guðnadóttir**

---



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samhug, hlýju og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru

**Ingibjargar F. Hjartar**

Höfða, Akranesi.

Sérstakar þakkir til Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimilis, fyrir frábæra umönnun.

**Dagný Þorgilsdóttir** **Neal Hermanowicz**
**Hörður Þorgilsson** **Lilja Stefánsdóttir**
**Fríða Þorgilsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**Ingrún Ingólfsdóttir**

hjúkrunarfræðingur,
Þrastarási 44, Hafnarfirði,

lést af slysförum 5. júní sl.
Útför hennar fer fram frá Víðistaðakirkju fimmtudaginn 7. júlí kl. 13.00.

**Magnús Gíslason**
**Hersir Gíslason** **Carola Falk**
**Vala Magnúsdóttir** **Eiríkur Haraldsson**
**Daði Magnússon** **Dagbjört Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**

---

# Merkisatburðir

**1178** Þorlákur Helgi Þórhallsson er vígður Skálholtsbiskup í Niðarósdómkirkju.
**1876** Alls 752 Norðlendingar leggja af stað með skoska gufuskipinu Verona frá Akureyri til Glasgow, þaðan munu þeir sigla til Ameríku til að setjast að. Þetta er stærsti hópur sem fer í einni ferð til Vesturheims.
**1907** Tveir Þjóðverjar farast í Öskjuvatni þar sem þeir eru við rannsóknir.
**1937** Snekkja Adolfs Hitlers, Aviso Grille, kemur til Íslands.
**1948** Þriðji landsleikur Íslendinga í knattspyrnu er gegn Finnum og vinna Íslendingar 2:0. Þetta er fyrsti sigur íslenska landliðsins í fótbolta.
**2013** Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðalánasjóð er birt, þar er rekstur hans á undangengnum árum harðlega gagnrýndur.

---



Elsku eiginkona mín, dóttir, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Steinunn María Einarsdóttir**

hjúkrunarfræðingur,
Ásakór 13, Kópavogi,

lést á líknardeild Landspítalans 27. júní.

Jarðarförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 6. júlí kl. 13.

**Páll Einarsson**
**Sigrún Rósa Steinsdóttir**
**Sigrún Birgitte Pálsdóttir**
**Einar Pálsson** **Kristjana Jónsdóttir**
**Gunnar Þór Pálsson** **Chloë Malzac**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Unnur Sveinsdóttir**

Dalalandi 14, Reykjavík,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 27. júní sl.

Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 7. júlí kl. 13.

**Kristján Ágúst Baldursson** **Stefanía Þorvaldsdóttir**
**Sveinn Baldursson**
**Einar Valur Baldursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Niels P. Sigurðsson**

fv. sendiherra.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu, Boðaþingi fyrir einstaka velvild og umönnun.

**Rafn A. Sigurðsson** **Anna Júlíana Sveinsdóttir**
**Karitas Sigurðsson** **Alexander Mitrogogos**
**Sigurður B. Sigurðsson** **Viky Figueras-Dotti**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353


Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

Útfararstofa Reykjavíkur
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Við andlát ástvinar
Nærgætni, hlýja og virðing
Áratuga reynsla við útfararþjónustu


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**1** Drep eldgömlu Ísafold við götu í Grafarvogi (12)
**11** Friður og frostbitið tré eru efni í rauðan bikar (9)
**12** Blómabörn fara og hefja vopnahlésviðræðurnar (12)
**14** Bætir geð að fá góðar kveðjur (9)
**15** Ber klettinn tenórsins í Kópavoginum (12)
**16** Stytti skáldsögu um senjórítur (9)
**17** Ósa víð og skrafsöm (11)
**19** Valska Golíats var engin písl (9)
**23** Svar sendist til tískuráðgjafans (10)
**24** Bommerta báknsins er innbyggður feill (11)
**26** Látin heilu sólarhringana eftir látin (10)
**31** Nýleg sýnishorn úr æsku minni (7)
**33** Grisjugerð úr lofti af einhverju tagi (9)
**34** Pan eys ef treyjan flækist (6)
**35** Dvelja börn þar dægrin löng/Doddi, Sigga, Mæja,/ leika, teikna, læra söng/leggja sig og hlæja (7)
**36** Þann dag mega fleiri en lögmenn draga í dilka (9)
**37** Lít rauðan sand í óreiðu tóms (6)
**38** Snjáðar leita ruglaðs manns í hlekkjum (7)
**39** Döpur elskar andúðina (7)
**40** Bjór og baul í landsuður er undarlegur samtíningur fyrir fátæka (6)
**43** Alls óvön skruppum við eftir ferskum rjómanum (9)
**44** Nefskel fyrir þá sem búið er að höggva í (7)
**45** Um leik sem snýst um að komast í annan leik? (6)
**46** Veljum ferð með hliðsjón af framboði á seðlum (8)

**LÓÐRÉTT**

**2** Gref gjöld af góssum (11)
**3** Nefnið sprökur er hornblásturinn gellur (11)
**4** Einföld kýr í BA-námi er móðins, eins og hin suðræna eyþjóð (11)
**5** Keypti og seldi uns ég setti allt á hliðina (5)
**6** Skaplyndi grimmrar fýluskjóðu (10)
**7** Nár fugls er mál bræðra hans (8)
**8** Sjóhraustir sjóarar (8)
**9** Hjáleiga mistaka – eru það ekki mistök? (8)
**10** Rótar og flokkar (6)
**13** Vagga skeri með eyrnablöðku (7)
**18** Kærleikurinn er lenska hér, ástin mín (6)
**20** Hér segir af löppum sem deila með nefið í hvers manns koppi (13)
**21** Sáum víðsýn með þeim sem höfðu augun opin (10)
**22** Eyði ræðum austrænna öfgastúdenta (8)
**25** Renni jörðin inn í merskið, fer þá allt á kaf? (11)
**26** Dagarnir þutu hjá er ég heyrði þetta lag (10)
**27** Fara í kringum reglu með veltu (10)
**28** Sigurður kálar Fáfni eins og aðrir af hans sauðahúsi (10)
**29** Tortryggni Daníels má rekja til ákveðinna bala (9)
**30** Vöðvahnoð eftir ónæðissama tíð? Endilega! (10)
**32** Skoðum skjal með tilliti til kosta og galla (9)
**41** Það býr framagosi í risinu (4)
**42** Rölta í stærsta norræna mjólkurfyrirtækið (4)





Lausnarorð síðustu viku var

**KOSNINGADAGUR**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af **Plokkfiskbókinni eftir Eirík Örn Norðdahl** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Fanney Kristbjarnardóttir, Hafnarfirði.**




**LAUSNARORÐ**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem er of útbreitt meðal íslenskra neytenda og rík ástæða er til að draga úr.
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 7. júlí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „2. júlí“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.






# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Ekki sæti á HM

Evrópumótinu í Búdapest í Ungverjalandi lauk með næsta öruggum sigri Frakka. Þeir leiddu allt mótið og fengu 489,77 stig í 37 umferðum. Svíar urðu í öðru sæti með 474,92 stig og Hollendingar í þriðja sæti með 471,07 stig. Íslendingar enduðu í 14. sæti af 37 þjóðum með 394,29 stig. Sá árangur er 10,66 stig í leik að jafnaði. Árangur Evrópumeistara Frakka er tæplega 13,24 stig að meðaltali í leik. Sveit Búlgara náði 7. sæti með 432,06 stig. Vanalega er kvóti Evrópu 6 sveitir í HM, en vegna þess að Frakkar fá sjálfkrafa sæti sem gestgjafar er kvótinn 7 sveitir. Aðalsteinn Jörgensen og Birkir Jónsson náðu góðum árangri í butler-útreikningi eða +0,52 í spili. Spil dagsins er úr annarri umferð mótsins í viðureign Íslands við Ungverjaland sem endaði með tæpum sigri, 27-24 í impum eða 10,91-9,09 í vinningsstigum. Vestur var gjafari í þessu spili og enginn á hættu:

**Norður**
♠ Á5
♥ 65
♦ KD954
♣ Á532

**Vestur**
♠ 10832
♥ 7432
♦ G6
♣ G76

**Austur**
♠ G6
♥ ÁKDG109
♦ 872
♣ 94

**Suður**
♠ KD974
♥ 8
♦ Á103
♣ KD108

Eftir pass vesturs opnaði Sveinn Rúnar Eiríksson á einum tígli. Austur kom inn á einu hjarta, Þröstur Ingimarsson sagði 1♠ á suðurhöndina og vestur hindraði með stökki í 3♥. Þá sögn passaði Sveinn, austur einnig og Þröstur doblaði til úttektar. Sveinn Rúnar sagði 4♣, Þröstur 4♥ sem lýstu fyrstu eða annarri fyrirstöðu í hjarta. Sveinn sýndi spaðaásinn með því að segja 4♠, Þröstur bauð upp á 5♣ og Sveinn hækkaði það í 6♣ sem voru auðunnin til vinnings. Samningurinn á hinu borðinu endaði í 5♦ eftir hressilegar hindrunarsagnir í hjarta og 11 impar græddust á þessu spili.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Jóhann Hjartarson (2.547) virtist vera í miklum vandræðum gegn Peter Enders (2.448) eftir 45. ... Hd8-d3 á Heimsmeistaramóti sveita, 50 ára og eldri.

Jóhann hafði séð lengra og svaraði með **46. Dxc5+! Kg7** (46. ... Rxc5 47. Hd8+ og svartur er mát í næsta leik). **47. Re8+ Kh7 48. Ref6+** og jafntefli samið.
**www.skak.is:** Tvær umferðir á HM um helgina.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 9 | 3 | 7 | 8 | 6 | 4 | 2 | 5 |
| 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 2 | 1 | 3 | 8 |
| 5 | 8 | 2 | 1 | 4 | 3 | 9 | 6 | 7 |
| 7 | 1 | 5 | 8 | 3 | 9 | 2 | 4 | 6 |
| 8 | 3 | 4 | 2 | 6 | 5 | 7 | 9 | 1 |
| 9 | 2 | 6 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 3 |
| 6 | 4 | 8 | 9 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 |
| 2 | 5 | 9 | 3 | 1 | 8 | 6 | 7 | 4 |
| 3 | 7 | 1 | 6 | 2 | 4 | 8 | 5 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 6 | 7 | 2 | 4 | 8 | 3 | 5 | 9 |
| 2 | 4 | 8 | 3 | 5 | 9 | 7 | 6 | 1 |
| 3 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 2 | 8 | 4 |
| 6 | 7 | 1 | 4 | 8 | 2 | 5 | 9 | 3 |
| 4 | 2 | 3 | 5 | 9 | 6 | 1 | 7 | 8 |
| 8 | 9 | 5 | 1 | 3 | 7 | 4 | 2 | 6 |
| 7 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 6 | 5 | 8 | 1 | 2 |
| 5 | 8 | 2 | 9 | 1 | 3 | 6 | 4 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 6 | 4 | 9 | 1 | 7 | 5 | 3 | 8 |
| 3 | 5 | 9 | 2 | 6 | 8 | 4 | 7 | 1 |
| 7 | 8 | 1 | 3 | 5 | 4 | 6 | 2 | 9 |
| 1 | 9 | 2 | 4 | 8 | 6 | 7 | 5 | 3 |
| 6 | 3 | 7 | 5 | 9 | 2 | 8 | 1 | 4 |
| 5 | 4 | 8 | 7 | 3 | 1 | 9 | 6 | 2 |
| 8 | 7 | 5 | 1 | 4 | 3 | 2 | 9 | 6 |
| 9 | 1 | 6 | 8 | 2 | 5 | 3 | 4 | 7 |
| 4 | 2 | 3 | 6 | 7 | 9 | 1 | 8 | 5 |

# ALLAR BEYGLUR Á 399 KR. STK.



Rjómaostur



Sulta og rjómaostur



Kalkúnabringa



Lax og rjómaostur



Beikon, egg og ostur



Naut, skinka og BBQ



Kjúklingur og beikon



Hráskinka



Caprese-salat

Byrjaðu daginn á Dunkin' Donuts. Opið frá kl. 07–22 á Laugavegi og í Hagasmára. Opnunartíma í Kringlunni má finna á **dunkindonuts.is.**

Laugavegur 3 | Kringlan | Hagasmári 9

DUNKIN' DONUTS®

Brandenburg | SÍA

## Konráð og félagar á ferð og flugi 206

Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta," sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa hana," bætti hún við. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi," sagði hann. „Til er ég." Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin," sagði hún. „Allt í lagi," sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár," sagði hún montin.

Heldur þú að þú getir leyst þessa sudoku gátu hraðar en Kata?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | | 7 | | | 5 | 6 | 3 |
| | | 3 | 6 | | 8 | | | 1 |
| | 5 | | | 3 | 4 | | 9 | 2 |
| 6 | | 7 | 5 | | | | 8 | |
| | 2 | | | 4 | 3 | 6 | | 7 |
| 8 | | 1 | 2 | 7 | | 3 | 5 | |
| 3 | | 5 | | | 2 | 4 | 7 | |
| 1 | | 2 | 4 | | | 9 | | 5 |
| | 7 | 4 | 3 | 6 | | 1 | | |



## Gátur

**1.** Hvað hefur farið kringum allan heiminn en þó setið kyrrt í sama horninu?

**2.** Ég flýg áfram, en er hvorki fugl, flugvél eða eldflaug. Ég snýst líka og þó er ég hvorki vagn né hjól. Og hvort sem þú stendur, situr, liggur eða sefur, þá flyt ég þig óteljandi kílómetra án þess að þú takir eftir því. Hver er ég?

**3.** Hvað er það sem kemst á skemmstum tíma um allan heim, en er þó alltaf heima.

**4.** Ég ferðast um allan heiminn, það er spýtt á mig og þó geta menn ekki verið án mín. En þegar ekki er lengur hægt að nota mig, kunna menn loks að meta mig. Þekkirðu mig?

**LAUSN** 1. Frímerki, 2. Hnötturinn, 3. Hugurinn, 4. Frímerki






„Frakkland er með mjög gott lið en ég vona að Ísland vinni þetta," segir Alexander bjartsýnn. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

# Heldur mest upp á Gylfa

**Alexander Maron Valsson** er þrettán ára og mikið fyrir fótbolta. Hann æfir með Víkingi í Reykjavík í 4. flokki og er nýlega kominn úr fótboltaferð til Spánar. Þar var gaman – en ansi heitt.

**Hefur þú lengi haft áhuga á fótbolta, Alexander?** Svona frá sex ára aldri. Núna er ég að æfa hjá í Víkingi í Reykjavík, 4. flokki, með vinum mínum og bekkjarfélögum í Fossvogsskóla.

**Fylgja því ekki ferðalög?** Jú, ég fór til Spánar fyrir þremur vikum. Það var rosalega gaman en þar var líka mjög heitt og því erfitt fyrir okkur að spila.

**Skoðuðuð þið eitthvað í ferðinni?** Við fórum í vatnsrennibrautargarð og á ströndina, í moll og á markað. Já, svo fórum við að skoða Valencia-fótboltavöllinn. Hann er mjög fínn, með risastórar áhorfendastúkur.

**Voruð þið í Valencia?** Nei, við vorum í svona 25 mínútna akstursfjarlægð frá, á milli Benidorm og Alicante.

**Eru einhver fleiri mót sem þú hefur farið á nýlega?** Það var eitt fyrir nokkrum mánuðum sem heitir Reykjavíkurmótið. Ég er í tveimur liðum og þeim gekk vel, þau urðu bæði Reykjavíkurmeistarar.

**Ætlarðu að gera eitthvað skemmtilegt í sumar annað en spila fótbolta?** Ég er að fara til Noregs að hitta pabba minn og verð hjá honum í sex vikur. Það verður gaman. Ég á vini þar úti líka. Svo byrja ég í Réttarholtsskóla í haust.

**Áttu þér uppáhaldsfótboltamenn?** Já, Gylfa Sigurðsson og svo held ég líka upp á Neymar sem spilar með Barcelona.

**Hvernig heldur þú að leikurinn fari á morgun?** Frakkland er með mjög gott lið en ég vona að Ísland vinni þetta.

## Lestrarhestur vikunnar: Guðný Lóa

**Hvað finnst þér skemmtilegast við bækur?** Að komast að því hvað gerist í þeim.

**Hvaða bók lastu síðast og um hvað er hún?** Hún var um hvolpa og heitir Hvolpalíf.

**Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér?** Já, hún heitir Lionel Messi: eins og hann er.

**Hvers konar bækur þykja þér skemmtilegar?** Mér finnst fótboltabækur skemmtilegar og spennubækur sem eitthvað spennandi gerist í.

**Í hvaða skóla gengur þú?** Árbæjarskóla. Ég er að fara í 5. bekk.

**Ferðu oft á bókasafnið?** Já, stundum.

**Hver eru þín helstu áhugamál?** Fótbolti.

**Ef þú ætlaðir að skrifa bók, um hvað ætti hún að vera og hvað myndi hún heita?** Ég bara veit það ekki! Ég hef ekkert spáð í það.



Guðný Lóa Guðmundsdóttir er á Spáni og nær í bókina þegar hún kemur heim.

Að venju efna Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Forlagið til sumarlesturs á meðal barna. Fyrir hverja lesna bók skrá lesendur nafn sitt og titil bókarinnar á þar til gerða miða og setja í pott sem dregið er úr vikulega. Lestrarhestur vikunnar hlýtur bók að launum.

markhönnun ehf

netto

# STÆRSTA GRILLHELGI ÁRSINS

KOMA SVO!



-26%

TVÍRIFJUR KÓTILETTUR
ÁÐUR: 2.698 KR/KG
**1.997 KR KG**



-20%

ÁFRAM ÍSLAND

HOLTA KJÚKLINGABORGARAR
M. BRAUÐI - 2 STK
ÁÐUR: 598 KR/PK
**478 KR**

ÍSLAND Á EM



-20%

FERSKT LAMBA RIB-EYE
ÁÐUR: 3.298 KR/KG
**2.638 KR KG**

ÁFRAM ÍSLAND



BRATWURSTE PYLSUR
ÁÐUR: 636 KR/PK
**585 KR**

KOMA SVO!



-31%

KRYDDUÐ HELGARSTEIK
ÁÐUR: 2.598 KR/KG
**1.793 KR**

ÍSLAND Á EM



-40%

GRÍSAHRYGGJASNEIÐAR
M. HVÍTLAUK
ÁÐUR: 1.798 KR/KG
**1.079 KR KG**

ÁFRAM ÍSLAND

SKORA ÍSLAND SKORA

KOMA SVO!



-20%

GRILL KALKÚNASNEIÐAR
M. HVÍTLAUKSPIPAR
ÁÐUR: 2.998 KR/KG
**2.398 KR KG**



-20%

KJÚKLINGALEGGIR
ÁÐUR: 869 KR/KG
**695 KR KG**



-20%

NAUTALUNDIR
NÝSJÁLENSKAR
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
**3.198**

# ÁFRAM ÍSLAND

**www.netto.is | Tilboðin gilda 30. júní – 3. júlí 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Í dag verður norðanstrekkingur og rigning af og til um landið norðanvert, en hægari vindur og skýjað með köflum og stöku skúrir sunnan til. Hiti frá 6 stigum fyrir norðan, upp í 16 stig syðst.

## Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 15° | Oslo 15° | Stokkhólmur 23° | Gautaborg 17° | Helsinki 23° | Þórshöfn 12° | Nuuk 5° |
| London 19° | Amsterdam 18° | Paris 20° | Berlin 26° | Madrid 33° | Brussel 19° | Róm 33° |
| Boston 20° | New York 20° | Orlando 25° | Moskva 28° | Singapúr 29° | Tókýó 25° | Sydney 10° |







## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **04.21** | **10.36** |
| 3,38m | 0,40m |
| **16.50** | **23.13** |
| 3,76m | 0,36m |
| **Akureyri** | |
| **08.33** | **02.29** |
| 1,29m | 0,38m |
| **20.59** | **14.36** |
| 1,29m | 0,38m |
| **Ísafjörður** | |
| **06.23** | **12.42** |
| 1,87m | 0,24m |
| **18.52** | **01.21** |
| 2,16m | 0,27m |

Tunglstaða

Vaxandi

11%

Sólarupprás:

03.08

Sólarlag:

23.53

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 11° ↘8 | 13° ↓3 | 13° ↖4 | 11° ↘6 | 11° ↘5 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 11° ↓4 | 12° ←3 | 13° ←4 | 13° ←4 | 8° ↙7 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 7° ↘6 | 8° ↓5 | 12° ↙2 | 13° ↙4 | 6° ↓5 |

### Egilsstaðir

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 6° ↘7 | 6° ↘2 | 11° ↓5 | 12° ↙5 | 6° ↓9 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 15° ←4 | 13° ↖4 | 8° ↙1 | 11° ←5 | 12° ↑4 |

## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




UEFA EURO2016 FRANCE
ÁFRAM ICELAND
Iceland er stoltur styrktaraðili
Íslenska landsliðsins
SS
Ali
ESJA GÆÐAFÆÐI
KJARNAFÆÐI
ÁFRAM ÍSLAND
ICELAND
ER MEÐ ALLT
Á GRILLIÐ
SÓSUR, SALÖT, SYKURPÚÐAR O.FL.
Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.
OPIÐ 24 TÍMA
OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
Iceland

# Músíkin aldrei verið mikilvægari

**Bjarni Frímann Bjarnason vekur athygli fyrir tilþrif í píanóleik og hljómsveitarstjórn. Hann spilar líka á orgel og fiðlu.**



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

Hún (tónlistin) var leikin af níu hljóðfæraleikurum undir stjórn Bjarna Frímanns. Flutningurinn var nákvæmur og agaður." „Ásláttur hans var einstaklega mjúkur og hlýlegur, hver einasti hljómur var unaðslegur áheyrnar."

Hér er gripið niður í nýlega dóma um frammistöðu Bjarna Frímanns Bjarnasonar á tónleikum. En fyrsta spurning til hans er: Af hverju ertu skráður ökumaður í símaskránni? „Það er einhver ímyndarótti. Með titlum er maður settur í box og ég er feiminn við að kalla mig víóluleikara, hljómsveitarstjóra eða píanóleikara." Hann viðurkennir samt að vera jafnvígur á margt. „Ég reyni að spila á það sem þarf hverju sinni."

Bjarni Frímann lærði hjá Guðnýju Guðmundsdóttur og fleiri góðum kennurum á fiðlu og víólu, en kveðst hafa farið að spila meira og meira á píanó. „Svo fór ég í nám í hljómsveitarstjórn úti í Þýskalandi en lærði nú eiginlega allt annað. Maður lærir ekkert að stjórna hljómsveit nema fyrir framan hljómsveit og það voru færri tækifæri til þess en ég hafði vonast eftir. Hins vegar hafði ég næg tækifæri til að spila undir með söngvurum og það er þroskandi fyrir hljómsveitarstjóra að glíma við það. Reyndar er þroskandi fyrir alla músíkanta að umgangast sönginn sem fyrirbrigði því söngurinn hlýtur að liggja allri tónlist til grundvallar."

Bjarni Frímann telur hljóðfæraleikara gera of lítið af því að syngja. „Oft má leysa einföld mál með því að syngja nótur sem maður er í vandræðum með á æfingum. Maður finnur líka greinilega hvaða tónskáld syngja yfir það sem þau skrifa. Það kemur annar tónn. Um leið og tónlistin fjarlægist sönglistina of mikið kemur inn einhver firring, sem er í öðrum mannanna verkum líka þegar hlutirnir fara að snúast um sig sjálfa en ekki það sem er manneskjulegt."

Fyrir nokkrum árum var Bjarni Frímann að leysa af sem organisti vestur á Grundarfirði. Skyldi hann hafa gert meira af slíku?

„Ekki eins og ég hefði viljað en ég hef gaman af því. Á viðburðum veit maður oft ekki hvort maður spilar fyrir daufum eyrum eða ekki, það getur farið eftir því hvar tónlistinni hefur verið valinn staður í dagskránni. En í helgihaldinu fær tónlistin að vera óáreitt í sínu hlutverki og að stilla saman strengi í sálmasöng gerir fólki gott, það er ekki hægt að rífast neitt um það. Eins er gaman að spila fyrir og eftir messu, þá er fólk með opin eyru."

Annríkið fer vaxandi hjá Bjarna í hinum ýmsu tónlistarverkefnum, enda kveðst hann voða slappur í að taka sér frí. „Ég hef gaman af þessu. Held líka að músíkin hafi aldrei verið mikilvægari en núna. Það er margt gott að gerast í samtímanum en hinu má ekki líta fram hjá að það er líka margt skuggalegt ef maður setur upp þau gleraugu. Við búum í duldu olnbogasamfélagi, það er óstöðugleiki um alla Evrópu, öfgaöfl og alls konar firring. Ég tel að klassísk tónlist geti þjónað þeim tilgangi að veita fólki fróun í þessum tryllingi öllum. Við Íslendingar eigum ekki að nota tónlistina sem punt til að laða hér að túrista og sýna fram á að við séum menningarþjóð heldur til að tengja fólk saman svo það fái að hefjast yfir sjálft sig því við lifum á öld sjálfhverfunnar."

En nú má Bjarni Frímann ekki vera að því að skrafa lengur því hlutverk ökumannsins bíður. Hann ætlar að skreppa austur í Odda á Rangárvöllum. „Ég er að fara að sýna erlendum gestum Odda. Snorri Sturluson er þeirra maður og ég var með þá í Reykholti í gær," útskýrir hann. „Sögufróður? Það fer nú eftir því hverja ég er borinn saman við. Ég hef áhuga á sögu og veit eitt og annað um liðna atburði, finnst það nauðsynlegt. Þó maður megi ekki ganga með höfuð um öxl þá er mikilvægt að vita hvaðan maður er sprottinn."



„Með titlum er maður settur í box og ég er feiminn við að kalla mig víóluleikara, hljómsveitarstjóra eða píanóleikara," segir Bjarni Frímann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

